



SKOÐUN Alþjóðasamfélagið má ekki bregðast of seint við ástandinu í Sýrlandi, skrifar Sólveig Jónsdóttir. **24**



MENNING Birta Birgisdóttir hefur vakíð athygli fyrir útgáfu sína á laginu *When I Was Your Man*. **58**



SPORT Varnarmaðurinn Kristján Hauksson kryfur lík á milli leikja í Pepsi-deild karla. **52**

500GB VASAFLAKKARI

Seagate

11.990



FRÉTTABLAÐIÐ

Fimmtudagur

1. ágúst 2013
179. tölublað 13. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA
DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

FRÉTTIR



Vill kaupa íbúa út

Ísafjarðarbær hyggst kaupa tvö hús sem eru í ofanflóðahættu af því að það er ódýrara en að verja þau. Íbúar eru ósáttir og vilja ekki selja en bærinn íhugar þá eignarnám. **8**

Komast ekki í innbrot Lögreglan á Selfossi og í Borgarnesi kemst oft ekki í útköll vegna manneklu. Innbrotstilkynningar bíða næsta dags. **2**

Örlög Berlusconi að ráðast Ef Hæstiréttur Ítalíu staðfestir dóm yfir Silvio Berlusconi má hann ekki sitja á þingi. Niðurstaða gæti fengist í dag. **6**

Tölvuglæpum fjölgar Lögreglan býr sig nú undir það að tölvuglæpir verði vaxandi vandamál. **10**

Vilja hefja hnúfubaksveiðar

Hrefnuveiðimenn hvetja til þess að veiðar á hnúfubaki hefjist í vísindaskyni. Hnúfubakur hefur ekki verið veiddur hér síðan 1955. Sérfræðingur frá Hafró telur það skynsamlegt en til þurfi pólitíska ákvörðun.

SJÁVARÚTVEGUR Gunnar Bergmann, framkvæmdastjóri Hrefnuveiðimanna, hvetur til þess að veiðar verði hafnar á hnúfubaki og segir að félagið hefði áhuga á að stunda slíkar veiðar. Sverrir Daníel Halldórsson, hvalasérfræðingur á Hafrannsóknastofnun, segir það skynsamlegt að leyfa veiðar á hnúfubak í vísindaskyni sem gætu farið fram samfara talningu og rannsóknum á stofninum. „En það er bara pólitísk ákvörðun hvort menn vilja fara út í það,“ segir Sverrir Daníel, en hann bætir við að rannsókn sem þessi sé dýr og taki nokkur ár.

Þetta kemur heim og saman við tillögur Gunnars, sem segir bráðnaðsynlegt að rannsaka stofninn. Veiðar yrðu stundaðar í vísindaskyni í fimm ár eða svo en þá væru menn með gögn til að nota til veiðiráðgjafar. „Það þyrftu ekki að vera

nema tíu dýr á ári og ég held að allir viti að það hefði nánast engin áhrif á stofninn,“ segir hann.

Sverrir Daníel segir að hnúfubökum hafi fjölgað hér við land undanfarin ár og vísbendingar séu um að hrefnan leiti í auknum mæli á aðrar slóðir. Gunnar segir hrefnuveiðimenn hafa sannreynt þetta þegar þeir fóru hringinn í kringum landið og var víðast dræmt til hrefnuveiða en afar mikið um hnúfubak, sérstaklega

fyrir norðan land. „Ég held við verðum að fara að rannsaka það hvaða áhrif það hefur á þessa auðlind okkar og það er einmitt kominn tími til að sérfræðingum sé gefið sviðið til að rannsaka þessi mál,“ segir Gunnar.

Frá sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu bárust þau svör að þar sem engin beiðni um slíkar veiðar hefði borist væri ráðherra ekki í aðstöðu til að velta því upp.

-jse

→ **Hnúfubakur**

- Kemur hingað í fæðuleit.
- Fæðuhegðun hans hefur ekki verið mikið rannsökuð hér við land en vitað er að hann étur svif, átu, sandsíli og loðnu.
- Talið er að hann geti étit tvö til tvö og hálf tonn á dag.
- Hefur verið friðaður hér frá árinu 1955.
- Japanir og Grænlandingar stunda veiðar á hnúfubaki í vísindaskyni.

HVAÐ ER HNUFUBAKUR? Hnúfubakur er skíðishvalur, en það þýðir að hann hefur skíði í stað tanna. Hann getur orðið allt að sautján metrar á lengd og fjörutíu tonn að þyngd. Hnúfubakurinn getur orðið áttatíu ára gamall.



Bolungarvík	10°	☀	SV	3
Akureyri	9°	☁	NV	5
Egilsstaðir	13°	☁	NV	4
Kirkjubæjarkl.	14°	☁	SA	2
Reykjavík	14°	☁	NA	6

Hljást SV-til í dag má búast við fremur hægum vindi eða hafgolu en strekkingi við austurströndina. Víða nokkuð bjart en skýjað norðaustantil. **4**

2 SÉRBLÖÐ

Metrolaðrið | Fólki



NÝTT FANGELSI Í UNDIRBÚNINGI Hópur manna hefur í sumar unnið að framkvæmdum á Hólmsheiði þar sem nýja fangelsið á að rísa. Byggingin sjálf hefur þó enn ekki verið boðin út.

Framkvæmdir á Hólmsheiði:

Jarðvegsvinna er langt komin

FRAMKVÆMDIR Tíu til fimmtán manna hópur hefur í sumar unnið að jarðvegsvinnu og lögnum fyrir nýtt fangelsi á Hólmsheiði.

Að sögn Kolbeins Kolbeinssonar, framkvæmdastjóra Ístaks, hefur vinnunni miðað vel og verður henni lokið á næstu vikum.

„Þetta er langt komið og allir hamingjusamir, held ég. Nú á bara eftir að bjóða út fangelsið sjálft,“ segir Kolbeinn.

Ístak vinnur þessa dagana einnig að framkvæmdum á Hverfisgötu og tekur brátt til við breikkun Hellisheiðarveggar.

Allt frá hruni hafa ríflega sjötíu prósent af starfsemi Ístaks verið í útlöndum, einkum Noregi en einnig í Grænlandi þar sem fyrirtækið er að reisa virkjun sem er langt komin. Kolbeinn segist bjartsýnn á að ástandið hér heima fari brátt að lagast.

-gb

Níu björgunarsveitir voru kallaðar út í þremur tilfellum á einum sólarhring:

Annríki vegna ferðamanna

SAMFÉLAGSMÁL Gífullegt álag var á leitarmönnum Landsbjargar á þriðjudag og fram á miðvikudag vegna ferðafólks sem týndist. Alls voru níu björgunarsveitir kallaðar út í þrjár umfangsmiklar leitir að fimm erlendum ferðamönnum. Alls tóku 88 leitarmenn þátt í leitunum, að sögn Björns Þorvaldssonar hjá Landsbjörg.

Allt fannst fólkið; tvær franskar konur sem festu bíl sinn á línu-

vegi austan Svínadals, skammt frá Skorradal, franskt par sem fannst við Grænalón í Núpstaðaskógi eftir ítarlega leit við annað Grænalón, austan Landmannalauga, og síðan rússneskur göngumaður sem fannst við rætur Hvannadalshnúks.

Í gær fékk Björgunarsveitin Björg á Eyrarbakka verkefni þegar ferðamaður í Raufarhólshelli, skammt frá Þorlákshöfn, missti vasaljósið inni í hellinum og fann

40 leitarmenn tóku þátt í leit að fimm ferðalögum í hrakningum.

hvorki rafhlöðurnar né leiðina út.

Hörður Már Harðarson, formaður Landsbjargar, segir þó engan bilbug á sínu fólki, sem heldur áfram að treysta á skilning fjölskyldunnar, vinnuveitenda og polrífr sjálfs sín.

-jse / sjá síðu 4



Verslunarmannahelgin
Opið alla helgina
- einnig mánudag

Lyfja Lág múla kl. 08-01
Lyfja Smáratorgi kl. 08-24



Nú er opið allan sólarhringinn í Engihjalla



Iceland

Útsölu brjálæði

Góð tilboð og frábær afsláttur.

Opið til kl. 21 í kvöld



Smáralind

SPURNING DAGSINS



Eiríkur, færðu nokkuð Svansmerkið með þessum aðgerðum?

„Nei, enda sækist ég ekki eftir því. Vildi heldur fá frið frá þessum blessuðu álfutum.“

Eiríkur Egilsson, bóndi á Seljavöllum, vill fá leyfi til þess að skjóta álfir þar sem þær leggjast á repjuakra hans. Svansmerkið er opinbert umhverfismerki Norðurlanda.

Samningsaðilar í deilu geislafræðinga sátu á fundum í gærkvöldi:
Bjartsýni á að saman næðist

KJARAMÁL Samningsaðilar í deilu geislafræðinga mættu á Eiríksstaði upp úr klukkan ellefu í gærmorgun og stóðu fundahöld fram eftir degi. Gert var fundarhlé en aftur verður sest að samningaborðinu klukkan sjö til að ræða nýjar hugmyndir.

Ekki náðist í fulltrúa samningsaðila áður en Fréttablaðið fór í prentun, en bæði Katrín Sigurðardóttir, formaður Félags geislafræðinga, og Björn Zoëga, forstjóri Landspítalans, kváðust í kvöldfréttatíma Stöðvar tvö vera bjartsýn.

Samningar þurftu að takast fyrir miðnætti í gær, því þá áttu uppsagnir 46 geislafræðinga við Landspítalann að taka gildi.

Katrín sagði mjög alvarlega stöðu skapast ef geislafræðingar gengju út en hún veit ekki hvað felst í neyðaráætlun spítalans sem þá tekur við.

Hún segir að geislafræðingar vilji fá það metið að þeir séu mjög sérhæfð starfsstétt. Hún vildi þó ekki ræða nánar í hverju hinar nýju hugmyndir til lausnar deilunni væru fölgjar.



KATRÍN SIGURÐARDÓTTIR Formaður Félags geislafræðinga sagði mjög alvarlega stöðu skapast ef geislafræðingar gengju út. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Umsátursástand í Kaíró:
Mótmælendur reistu götuvígi

EGYPTALAND, AP Stuðningsmenn Múhameds Morsí höfðu hreiðað um sig í götuvígjum í Kaíró í gærkvöld, en bráðabirgðastjórn landsins hafði skipað lögreglunni að láta til skarar skrifa og fjarlægja mótmælendur af götum borgarinnar.

Múhamed Ibrahim innanríkisráðherra sagði að gengið yrði til verks í áföngum en vonaði að mótmælendur myndu sjálfir fara af vettvangi svo að ekki kæmi til átaka.



MÓTMÆLI Á STRÖNDINN Á ströndinni við Rio de Janeiro stóðu þrjár manneskjur vafðar í hvít klæði til að vekja athygli á mannhvörfum í landinu. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Tíðum mannhvörfum mótmælt í Brasilíu:

Tugir þúsunda horfnir sporlaust

BRASILÍA Á síðustu fimm árum hafa 35 þúsund manns horfið sporlaust í Rio de Janeiro í Brasilíu, samkvæmt opinberum skráum.

Meðal þeirra er 42 ára gamall múrari, sex barna faðir, sem lögreglan handtók vegna gruns um aðild að fíkniefnasmygli. Hann var látinn laus nokkrum dögum síðar en síðan hefur ekkert til hans spurst.

Mannréttindasamtök í Brasilíu hafa reynt að vekja fólk til umhugsunar um öll þessi mannhvörf, meðal annars með uppákomu á Copacabana-ströndinni í Rio í gær.

Lögreglan hringir út menn í sumarfríum

Lögreglumenn á Selfossi og Borgarnesi komast oft ekki á vettvang vegna manneklu. Innbrotstilkynningar bíða oft afgreiðslu til næsta dags. Lögreglan í Borgarnesi ætlaði að leita í veikindasjóð en búið var að ráðstafa honum í annað.

ATVINNUMÁL Mannekla hjá lögreglunni á Selfossi og í Borgarnesi er farin að setja mark sitt á löggæsluna á svæðunum. Á báðum svæðunum verða lögregluþjónar að forgangsraða.

„Það geta liðið klukkustundir áður en við komumst á vettvang þar sem tilkynnt er um innbrot og stundum eru slík tilfelli látin bíða til næsta dags,“ segir Frímánn Baldursson, varðstjóri hjá lögreglunni á Selfossi.

Theodór Þórðarson, yfirlögregluþjónn í Borgarnesi, segir löggæsluna í sínu umdæmi mun slakari en metnaður hans manna standi til. Hann segir ástandið brothætt. „Við erum að skröla þetta á einum lögregluþjón meðan við ættum að hafa þrjá,“ segir hann. Þar að auki er oft einn lögregluþjónn á kvöldvöktum. „Það er talsvert á þann lögreglumann lagt í átta þúsund ferkilómetra umdæmi og með hundrað kílómetra af þjóðvegi eitt,“ segir Theodór. Hann segir það einnig leiðinlegt hlutskipti að þurfa að kalla á lögreglumenn úr fríum til að hlaupa undir bagga. „Við gerum það náttúrulega ekki að gamni okkar að kalla menn úr fríum. Við leitum ýmissa leiða áður, en þó er þetta nokkuð sem við þurfum að búa við þar sem við höfum ekki fengið að ráða afleysingamenn núna fjórða sumarið í röð,“ segir hann.

Þar að auki segir hann að lögregluembættið hafi ætlað að leita í veikindasjóð til að taka á málum þegar veikindi bar að í röðum lögreglumanna en þá var ráðuneytið búið að ráðstafa þeim sjóði til annarra nota. „Ég held að þetta sé ekki



THEODÓR ÞÓRÐARSON YFIRLÖGREGLUÞJÓNN Til eru margar lögregluhúfur á lögreglustöðinni í Borgarnesi en það vantar höfuðin til að fylla þær. FRÉTTABLAÐIÐ/JÓN SIGURÐUR

lögbundið af hafa þennan sjóð en áður var það svo að hægt var að leita í hann,“ bætir hann við.

Hann segir enn fremur að þeir sem leiti til lögreglunnar hafi sýnt þessu mikinn skilning. „Fólk veit bara hvernig þetta er. En svo eru það hinir kunnarnir okkar sem kvarta náttúrulega aldrei. Þá á ég við þá sem eru að keyra ölváðir eða undir áhrifum annarra vímuefna, þeir kvarta náttúrulega ekkert þótt við höfum ekki uppi á þeim. En viljum við hafa það svoleiðis?“

Sjö fastráðnir lögregluþjónar starfa í Borgarnesi en voru níu fyrir tveimur árum.

„En við höfum farið þetta langt á jákvæðinni, þetta er bara harðduglegt fólk hérna,“ segir Theodór.

Reyna að leysa vanda LSR:
Skoða hækkun lífeyrisaldurs

EFNAHAGSMÁL Til skoðunar er í fjármálaráðuneytinu að leggja til hækkun á lífeyrisaldri opinberra starfsmanna í 67 ár til að bjarga fjárhag Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins. Hækkunin myndi bæta fjárhag A-deildar sjóðsins um 60 milljarða króna og fara langleiðina með að leysa vanda hans.

„Auðvitað er það ein leið sem myndi gera mikið til framtíðar lítið,“ segir Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra en tekur þó fram að ekki sé tímabært að segja til um hvaða leiðir sérstakur starfshópur ráðuneytisins um málið mun leggja til.

Hegðaði sér óásættanlega:
Vél snúið við vegna flugdólgs

LÖGREGLUMÁL Vél Icelandair á leið frá Keflavík til Seattle var snúið við eftir tæplega klukkustundarlangt flug og lenti á Keflavíkurlflugvelli um gærkvöldi.

Guðjón Arngrímsson, upplýsingafulltrúi Icelandair, segir ástæðuna vera „óásættanlega hegðun“ farþega, sem var handtekinn við landingu. Að sögn annars farþega reyndi maðurinn að opna útgöngudyr vélarinnar, en Guðjón gat ekki staðfest það.

Öryggisreglur kveða á um að skipta þurfi um áhöfn í tilfellum sem þessum og urðu því frekari tafir á fluginu.

Frón
Bitinn
Súkkulaðibitakökur

NÝTT
góðgæti frá Frón

www.fronkex.is

kemur við sögu á hverjum degi

Þýskur fíkniefnasmyglari sagðist ætla að færa efnin íslenskum lögmanni:
Lögmaðurinn ekki ákærður

DÓMSMÁL Íslenskur héraðsdómslögmaður, sem sætti fyrir á árinu gæsluvarðhaldi vegna gruns um að hann tengdist innflutningi á tæpum 300 grömmum af kókaíni til landsins, var ekki ákærður í málinu. Í dómi yfir einum smyglaranna segir að margt styðji þann framburð lögmansins að hann hafi aldrei hitt smyglarann.

Dómurinn yfir manninum, hinum þýska Andreas Michael Leyendecker, var kveðinn upp í gær, degi eftir 53 ára afmælisdag hans. Hann hlaut sextán mánaða fangelsisdóm fyrir að standa að innflutningi á kókaíninu, alls 283 grömmum. Annar Þjóðverji, sem flutti efnin til landsins innvortis, hafði áður játað sök og verið dæmdur í tíu mánaða fangelsi.

Við komuna til landsins í byrjun mars sagðist Leyendecker ætla að færa fíkniefnin íslenskum lögmanni, Snorra Sturlusyni, sem var í kjölfarið handtekinn og úrskurðaður í gæsluvarðhald.

Snorri neitaði hins vegar sök frá upphafi, sagði þann þýska hafa komist í samband við hann í gegnum skjólstaðing hans sem nú byggir í Suður-Ameríku, og að hann hafi talið að Leyendecker vildi koma hingað til lands til að eiga viðskipti með ávaxtakaffi.

Í niðurstöðu Héraðsdóms Reykjaness segir að fram-



LEIFSSTÖÐ Þjóðverjarnir tveir voru handteknir í Flugstöð Leifs Eiríkssonar í byrjun mars. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

burður Leyendeckers hafi „í öllum atriðum verið með ólíkindum, reikull og misvísandi þannig að erfitt er að henda reidur á hann“ og í ósamræmi við framburð allra annarra.

Þá hafi lýsing hans á útliti Snorra verið „í algjörrri andstöðu við raunveruleikann“, sem styðji þann framburð Snorra að þeir hafi aldrei hist.

Fáðu 4G í farsímamann hjá Nova!

Nova og Samsung kynna fyrst fyrirtækja
á Íslandi 4G þjónustu í farsíma.

Samsung Galaxy S4 **Tilboð!**

99.990 kr. stgr.

5.990 kr./18 mán.

**1 GB á mánuði í 12 mánuði
fylgir Samsung Galaxy S4!**



10x
meiri hraði
en 3G!



**Stærsti
skemmtistaður
í heimi!**

NOVA

Verslanir Nova eru í Kringlunni, Smáralind, Lágmúla, á Selfossi og á Glerártorgi Akureyri
þjónustuver 519 1919 | www.nova.is | Facebook | Twitter

SVONA ERUM VIÐ



21.990 voru erlendir ríkisborgarar á landinu í lok 2.

ársfjórðungs 2013. Alls bjuggu 323.810 manns á landinu, þar af 207.120 á höfuðborgarsvæðinu.

Á 2. ársfjórðungi 2013 fæddust 1.100 börn en 500 einstaklingar létust.

Heimild: Hagstofa Íslands

Vitnaleiðslur hófust í gær í máli Mannings til undirbúnings refsíákvörðun: Reynt að fá sem stystan dóm

BANDARÍKIN, AP Þótt Bradley Manning hafi verið sýknaður af ákæru um að hafa aðstoðað óvininn á hann enn yfir sér áratuglangt fangelsi. Lokaáfangi réttarhaldanna hófst í gær, daginn eftir að hann hafði verið sakfelldur í 20 öðrum ákæruálitum.

Áður en dómari ákveður refsibýngdina fá verjandi og sækjandi málsins að leiða fram vitni. Þær vitnaleiðslur hófust í gær og gætu tekið nokkra daga eða jafnvel vikur. Sækjendur hafa sagst ætla að kalla allt að tuttugu vitni

fyrir réttinn. „Við erum ekkert að fagna,“ sagði David Coombs, verjandi Mannings, í gær. „Á endanum er það refsingin sem öllu máli skiptir.“

Manning bar ekki vitni í réttarhöldunum sjálfum en gæti átt eftir að bera vitni nú þegar refsibýngdin verður ákveðin. Hann var sakfelldur fyrir að hafa lekið miklu magni af leyniskjöllum frá Bandaríkjaher til lekasíðunnar Wikileaks. Julian Assange, stofnandi Wikileaks, segir sakfellinguna hættulegt fordæmi. -gb



BRADLEY MANNING Sakfelldur fyrir 20 af 22 ákæruálitum og á yfir höfði sér áratuga fangavist. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Lögreglan í Döllum kölluð til: Kveikti eld við bústað í Óleyfi

LÖGREGLUMÁL Eigandi sumar-bústaðar í Skorradal kveikti í liðinni viku eld í Óleyfi. Fékk lögregla í Borgarfirði og Döllum tilkynningu um eld í sumar-bústaðahverfinu, fór á vettvang og kom að eigandanum þar sem hann var að kveikja í gömlum viðarlurkum á lóð rétt við bústaðinn.

Athafnir hans stofnuðu gróðri í hættu, sem og lífi og eignum nágretta í næstu bústöðum, og var hann því sektaður fyrir að hafa kveikt eld án leyfis. -nej



MEÐ STEFNIÐ UPP Í LOFT Togarinn var ekki lengi að fara niður. MYND/SUDURRAS.FO

Færeyskur togari sekkur:

Kominn niður á klukkutíma

SLYS Átta manna áhöfn var bjargað af færeyska togaranum Gullbergi þegar hann sókk við makrílveiðar norður af Færeyjum í gær.

Má það þykja mikil mildi því aðeins leið klukkustund frá því að leki uppgötvaðist og þar til togarinn var sokkinn. Það var skipið Sjagaklett sem kom áhöfninni til bjargar. Ekki er vitað hvað olli lekanum. -jse

Kynlífsvæðing niður í vögg: Barnasnuð með ögrandi áletrun

SAMFÉLAGSMÁL Snúð sem seld eru í Samkaupum-Úrvali á Ísafirði hafa valdið nokkurri hneykslan, að því er segir á fréttavef BB.

Hrafnhildur Hrönn Óðinsdóttir, talsmaður Feministafélags Vestfjarða, segir að á snúðum þessum standi orð á ensku sem þýða mætti sem „daðrari“, „blautkysari“, „piparmey“ og fleira. Segir hún þetta til marks um að kynlífsvæðingin sé kominn niður í vögg. -jse



PAUL LAMB Íhugar að áfrýja dómnum til hæstaréttar. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Breskur áfrýjunarréttur:

Líknardráp áfram bannað

BRETLAND, AP Áfrýjunarréttur í Bretlandi hefur hafnað beiðni tveggja alvarlega fatlaðara manna sem fóru fram á að bann við líknardrápi yrði afnumið.

Þeir sögðu að bannið bryti gegn rétti þeirra til „einka- og fjölskyldulífs“ samkvæmt mannréttindasáttmála Evrópu, þar sem þeir megi ekki ráða hvernig þeir deyi.

„Ég var að vonast eftir mannúðlegum og virðulegum endalokum,“ segir í yfirlýsingu frá Paul Lamb, öðrum manna sem höfðuðu málið. „Þessi úrskurður færir mér það ekki.“

Hinn maðurinn lést af völdum lungnabólgu á síðasta ári. -gb

Tæplega 90 leituðu fimm ferðamanna

Um hundrað manns tóku þátt í störfum Landsbjargar í fyrradag í sjö útköllum. Áttatíu og átta þeirra tóku þátt í þremur leitum að fimm týndum ferðamönnum. Mikilvægt að styrkja grunnstoðir samfélagsins segir formaður Landsbjargar.

SAMFÉLAGSMÁL Þrjár umfangsmiklar leitir fór fram í fyrradag þar sem alls níu björgunarsveitir leituðu að fimm erlendum ferðamönnum. Áttatíu og átta leitar menn þátt í aðgerðunum en alls voru um hundrað björgunarsveitarmenn að störfum í fyrradag í sjö tilfellum.

Hörður Már Harðarson, formaður Landsbjargar, segir þennan sólarhring hafa kristallað mikilvægi málflytningu Landsbjargar, sem hafi skorað á yfirvöld að mæta auknum ferðamannafjölda með því að efla grunnstoðir samfélagsins, til dæmis samgöngur, lögreglu, björgunarsveitir, sjúkraflutninga og fleira.

Mestan mannafla þurfti í leit að frönsku pari sem taldi sig vera um tvo kílómetra sunnan við Grænalón, sem er austan við Landmanna-laugar, þegar það hringdi í Neyðarlínu um klukkan hálf þrjú í fyrradag. Var konan meidd á fæti og því farlama. Þau voru síðan sótt um hádegi í gær en þá hafði komið í ljós

að þau voru í Grænalóni í Núpstaðaskógi sem er um sjötíu kílómetrum frá Grænalóni austan Landmanna-lauga, þar sem leitað var upphaflega. Fimm björgunarsveitir tóku þátt í leitinni.

Síðdegis í fyrradag barst tilkynning frá tveimur frönskum konum sem ætluðu frá Þingvöllum áleiðis til Lundarreykjadalens en afvegaleiddust á leiðinni. Þær fundust um klukkan eitt eftir miðnætti í fyrri-nótt en þá var jepplingur þeirra fastur á línuvegi

sem liggur undir rafmagnslínu austan Svínadalens. Þrjár sveitir tóku þátt í þessari leit.

Björgunarsveit Hornafjarðar var einnig kölluð út snemma í gærmorgun þar sem rússneskur göngumaður hafði farið á Hvannadalshnúk en ekki skilað sér á réttum tíma kvöldið áður. Hann fannst svo við Kvísker um hádegisbilið í gær. Þyrla Landhelgisgæslunnar tók þátt í þeirri leit. jse@frettabladid.is



GILDIR FIMMTUDAG & FÖSTUDAG

48 TÍMA ÖFURTILBOÐ

GLERKANNA
MALAR ÍS

Electrolux
ESB-4400 Blandari Silent Powermix
Byltingarkenndur ofurhljóðlátur blandari með kraftmiklum 600W mótur. Þrihyrningslöguð glerkanna sem blandar betur og hraðar. 6 hraðastillingar. Auðveldur í þrífum. Malar ís léttilega. Fullt verð kr. 19.990.

Verð fimmtudag og föstudag kr.

14.990

25% AFSLÁTTUR

Rafha
Suðurlandsbraut 16 108 Reykjavík
Sími 5880500 www.rafha.is

Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi

KÓLNAR LÍTILLEGA Í dag verður víða hægætisveður og bjart sunnan- og vestantil. Helgarspáin er köflótt, einna best veður verðið suðvestantil en horfur á einhverri úrkomu norðan- og austanlands. Áfram verður hlýjat SV-til.

Alicante 31°	Berlín 28°	Friedrichshafen 31°	Las Palmas 26°	New York 25°	París 34°
Apna 31°	Billund 22°	Gautaborg 21°	London 31°	Orlando 28°	San Francisco 18°
Basel 31°	Frankfurt 31°	Kaupmannahöfn 21°	Mallorca 34°	Ósló 24°	Stokkhólmur 22°

Soffía Sveinsdóttir
veðurfréttamaður

RÚMFATA LAGERINN

HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ

www.rumfatalagerinn.is
Gildir til 07.08.13



ÚTILEGUSTÓLL

3.995

PISA LUX ÚTILEGUSTÓLL
Lúxus útilegustóll með örnum, glasahaldara og auka bólstrun. Hægt að leggja saman. Taska fylgir.

MINNUM Á:
SUMAR ÚTSALA
20-60%

AFSLÁTTUR AF ÖLLUM GARÐHÚSGÖGNUM OG SESSUM!





KÆLIBOX VERÐ FRÁ:

2.495

KÆLIBOX
24 ltr. kælibox. Mjög hentugt í útileguna eða ferðalagið **2.495**
m/rafmagnskæli **7.950**

ALPETJALD

Vandað 4 manna tjald með húðuðu polyester í ytra byrði og límduðum saumum. Innra byrði er úr 100% nylon sem andar. Þéttur botn. Þéttleiki: 1500 mm/cm². Stærð: (100+210) x 240 x 130 sm. Þyngd: 4,0 kg.



4 MANNA TJALD

11.950

4 MANNA

BREKKUSTÓLL
Nettur og góður brekkustóll með neti. Leggst alveg saman. Fæst í 3 litum.

SPARIÐ 500

FULLT VERÐ: 1.995

1.495

OXFORD SÓLSTÓLL
Sólstóll úr stáli með bykkum og mjúkum sessum úr polyester. Hátt bak og skemill. 5 stillingar á baki.

SPARIÐ 4000

STÓLL FULLT VERÐ: 12.990

8.990



VERÐ FRÁ:

995

BAKPOKAR
Mikið úrval af bakpokum á frábæru verði!

24% AFSLÁTTUR

FULLT VERÐ: 1.695

1.295

ÚTILEGUTEPPI
Flott teppi með vatnspólnu undirlagi. Frábært í útileguna, sumarbústaðinn, göngutúrinn eða á fótboltavöllinn!

REGNFÖT FYRIR FULLORÐNA
Góður regnfatnaður fyrir fullorðna. Fæst í stærðum S-XXL. Litir: Dökkgrænn, dökkblár og svartur. Jakki 1.995 Buxur 1.995

JAKKI EDA BUXUR

1.995

FRÁBÆRT VERÐ

TILVALIÐ Í ÚTILEGUNA



VERÐ FRÁ ADEINS:

595

EINANGRUNARDÝNUR OG SJÁLFPUPPLÁSANLEGAR DÝNUR

1. Einangrunardýna 6 mm: **595**
2. Einangrunardýna 12 mm: **1.995**
3. Blá dýna 51 x 180 x 3 sm. **2.950**
4. Græn dýna 60 x 200 x 5 sm. **4.995**
5. Rauð dýna 65 x 200 x 7,5 sm. **7.995**

FRÁBÆRT VERÐ



4 MANNA TJALD

12.990

BAHAMAS TJALD

Frábært 4 manna tjald með góðu fortjaldi úr vönduðu polyester efni. Góður frágangur á saumum svo að bleyta nái ekki inn. Sterkur vatns-heldur botn og sterkar fiberstangir. Stærð: (210 + 200) x 240 x 130 sm. Þéttleiki: 800 mm/cm². Þyngd: 5,9 kg.

6 STK.



12 STK. SAMAN

895

TJALDHÆLAR OG STÖG
6 stk. tjaldhælar og 6 stk. stög saman í pakka á frábæru verði!

6 STK.



FULLT VERÐ: 6.995

5.995

SPARIÐ 1000

CAMPMANN SÓLSTÓLL
Léttur og þægilegur stóll úr áli með sterku netaklæði úr polyester efni. 5 stillingar á baki.



VEISTU SVARID?



- 1. Hvernig akra eiga bændurnir sem vilja skjóta álfir?
- 2. Hversu margir eru viðmælendur í Sjálfstæðu fólki orðnir?
- 3. Hvernig kór auglýsir sviðslistahópurrinn dætur eftir?

SVÖR:
 1. Repjunktur. 2. Hátt í fimm hundruð. 3. Þrjátíu berþvösta konum.

Sjávarútvegsráðherra Færeyja er afar ósáttur við boðaðar refsiaðgerðir ESB vegna síldveiða: Refsiaðgerðir fáheyrðar milli síðaðra þjóða

FÆREYJAR Aðildarríki ESB ákváðu í gær að grípa til refsiaðgerða í málinu, en deila hefur staðið um einhliða ákvörðun Færeyinga á aflaheimildum úr norsk-íslenska síldarstofninum. Aðgerðirnar fela í sér bann við því að landa síld-eða makrílafurðum frá Færeyjum í ESB-löndum, þar á meðal Danmörku, sem á í ríkjasambandi við Færeyjar.

„Ég skil ekki að þeir skuli koma fram með þessum hætti og beita refsiaðgerðum gegn Færeyjum

í stað þess að semja um málið við okkur og hin strandríkin,“ sagði Jacob Vestergaard, sjávarútvegsráðherra Færeyja, í samtali við Politiken.

„Það að beita refsiaðgerðum tel ég fáheyrð milli síðaðra þjóða og stuðlar ekki að því að leysa málið með skiptingu síldarkvóta milli strandríkjanna.“

Aðgerðirnar munu þó ekki koma til framkvæmda fyrr en eftir að þær hafa verið útfærðar nánar. Mette Gjerskov, matvælaráðherra

Dana, lýsti því yfir að hún væri afar ósátt við þessa ákvörðun ESB sem var tekin með auknum meirihluta á vettvangi aðildarríkjanna 28.

Vestergaard segir við Politiken að stjórnvöld í Færeyjum muni íhuga næstu skref í málinu, meðal annars hvort aðgerðirnar verði færðar til Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar (WTO) eða Alþjóðlega hafréttardómstólsins.

ÓSÁTTUR Jacob Vestergaard, sjávarútvegsráðherra Færeyja, til hægri, segist ekki skilja ákvörðun ESB.



ÚTDEILA SÆTINDUM Íbúar hins væntanlega ríkis fögnuðu ákaft, meðal annars með því að bera sætindi á torg. NORDICPHOTOS/AFP

Índversk stjórnvöld samþykkja að kljúfa Andhra Pradesh: Nýtt ríki stofnað á Indlandi

INDLAND, AP Índversk stjórnvöld hafa samþykkt að nýtt ríki, eða fylki, verði að veruleika. Ríkinu Andhra Pradesh, sem er á austanverðu Indlandi, verður skipt og í norðvesturhluta þess stofnað nýtt ríki sem heita mun Telangana.

Telangana verður 29. ríkið á Indlandi, en sum þeirra eru það stór og fjölmenn að erfitt hefur reynt að stjórna þeim.

Búast má við andstöðu frá öðrum íbúum í Andhra Pradesh, ekki síst vegna þess að Hyderabad, sem er höfuðborg Andhra Pradesh, verður í hinu nýja ríki.

Samdráttur í Svíþjóð: Kenna minni eftirspurn um

SVÍÞJÓÐ Landsframléiðsla í Svíþjóð dróst saman um 0,1% á öðrum ársfjórðungi, að því er fram kemur í bráðabirgðatölum. Þessar fréttir komu nokkuð á óvart þar sem spáð var 0,1% vexti og 0,6% vöxtur varð á fyrsta fjórðungi.

Talsmaður sænska seðlabankans sagði orsakir samdráttarins mega rekja til minni eftirspurnar eftir sænskum vörum erlendis, vegna erfiðleika annarra Evrópuríkja. Eftirspurn á innanlandsmarkaði sé hins vegar sterk og sé nú aðalvaxtarbroddur efnahagslífsins þar í landi.

Uppreisnarforingi í vanda: Liðsmenn hafa yfirgefið Kony

ÚGANDA, AP Joseph Kony, hinn alræmði leiðtogi uppreisnarhóps í Úganda, er nú í vanda staddur vegna þess að margir liðsmanna hans hafa yfirgefið samtökin.

Kony og félagar eru á flóta, eftirlýstir af alþjóðlega stríðsglæpadómstólum í Haag fyrir grimmdarverk af versta tagi, bæði stríðsglæpi og glæpi gegn mannkyni.

Í nýútkominni skýrslu frá bandarískum mannréttindasamtökum segir að hann eigi æ erfiðara með að hafa stjórn á liðsmönnum samtaka sinna, sem nefnast Andspyrnuher drottins.

Berlusconi bíður lokaniðurstöðu

Til tíðinda er að draga í málaferlunum gegn Silvio Berlusconi á Ítalíu. Fyrsta dómsmálið af mörgum er komið á leiðarenda í flóknu kerfi ítalskra dómstóla. Staðfesti hæstiréttur dóm undirréttar er stjórn málaferli Berlusconi lokið.

ÍTALÍA Hæstiréttur Ítalíu hefur farið sér að engu ódslega í máli Silvíu Berlusconi, því fyrsta af nokkrum dómsmálum sem komið er á endastöð í flóknu kerfi ítalskra dómstóla.

Reiknað var með að dómssupplvaðning yrði á þriðjudaginn, en það hefur dregist og verður líklega í dag. Þá ráðast úrslit hins umdeilda stjórnmalamanns, sem fær ekki að sitja lengur á þingi staðfesti hæstirétturinn dóm neðra dómstigs.

Berlusconi var á síðasta ári dæmdur til þess að sitja fjögur ár í fangelsi og jafnframt var honum bannað að gegna opinberu embætti í fimm ár.

Embættisbannið hefur þau áhrif, verði það staðfest, að þingsetu Berlusconi er lokið.

Þótt Berlusconi sé ekki ráðherra í ríkisstjórn Enricos Letta forsætisráðherra hefur Berlusconi mikil áhrif. Stjórnin þarf á stuðningi flokks hans að halda en þingmenn flokksins hafa hótað því að slíta stjórnarsamstarfinu staðfesti hæstiréttur dóminn.

Sjálfur segir Berlusconi málaferlin öll af pólitískum rötum runnin, og sparar ekki stóru orðin í viðtölum: „Ef þeir dæma mig verð ég helgur píslarvottur ítalska réttarríkisins,“ sagði hann í viðtali við dagblaðið Libero.

gudsteinn@frettabladid.is

FJÖLMIDLAR BÍÐA Fyrir utan byggingu Hæstaréttar í Róm hafa fjölmíðlar beðið síðan á þriðjudag eftir því að dómurinn kynni niðurstöðu sína.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

RÉTTARHÖLDIN YFIR BERLUSCONI

Mediaset-málið

Óktóber, 2012: Dæmdur fyrir skattsvik vegna kaupna fjölmiðlafyrirtækis síns, Mediaset, á sýningarrétti á bandarískum kvikmyndum.

Mai, 2013: Áfrýjunarréttur staðfesti fangelsisdóm og bann við að gegna opinberu embætti.

Ágúst: Endanlegur úrskurður væntanlegur.

Vegna þykir ólíklegt að Berlusconi þurfi að afplána fangelsisdóm, heldur verði settur í stofufangelsi eða gegni samfélagsþjónustu.

„Rubygate“-málið

Júní, 2013: Dæmdur í sjö ára fangelsi fyrir að misnota embættisvald sitt og fyrir að greiða fyrir kynlíf með Karimu El Mahrúg, sem var þá undir lögaldri.

Hleranamálið

Mars, 2013: Eins árs fangelsi fyrir að sjá til þess að upplýsingar úr hlerunum lögreglu á pólitískum andstæðingi sínum, og koma þeim til birtingar í dagblaði, sem bróðir Berlusconi gefur út. Bróðirinn, Paolo Berlusconi, var dæmdur í tveggja ára og þriggja mánaða fangelsi vegna málsins.

Báðir bræðurnir ganga lausir meðan beðið er niðurstöðu áfrýjunarréttar.

Tvö önnur spillingamál, sem snerust um skattsvik og mútugreiðslur til bresks lögfræðings, eru fyrnd.

Ljósmynd: Getty Images © GRAPHIC NEWS



Sjóðinn Vinir Vatnajökuls auglýsir eftir umsóknirum um styrki

VINIR VATNAJÖKULS

Vinir Vatnajökuls eru innviðsmálakvæðingurinn. Samtíðin styrkir innviðsmálakvæðingum og fræðslu um sjálfbærni og umhverfi Vatnajökuls.

Umsóknirframtal eru á milli 1. ágúst til 31. september 2013. Stærst útskipti upplýsinga á vefnum www.vinirvatnajokuls.is

Barnaheill
Save the Children in Iceland

Vissir þú að...
holl og góð fæða stuðlar að líkamlegu heilbrigði sem börn eiga rétt á

Lögreglan fékk 900 tilkynningar um heimilisofbeldi í fyrra: Stungin með börn á heimilinu

LÖGREGLUMÁL Lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu bærust um 900 tilkynningar um heimilisofbeldi í fyrra, að því er fram kemur í ársskýrslu embættisins.

Ofbeldi var beitt í um fjórðungi málanna, stundum mjög grófu. „Um mitt sumar var lögreglan kölluð að húsi í miðborginni þar sem maður veittist að barnsmóður sinni með hnífi. Hún var blóðug þegar að var komið, en börn fólksins voru á heimilinu þegar árásin átti sér stað. Konan var flutt á slysadeild, en barnsfaðirinn var handtekinn og færður á lögreglustöð,“ segir í lýsingu á einu atvikinu í skýrslunni.

Þá er greint frá því í skýrslunni að síðla árs hafi ung kona stungið barnsföður sinn sinn með eldhúshnífi í Kópavogi og að ungur sonur þeirra hafi verið vitni að árásinni. Foreldrarinn hafi báðir verið fluttir á slysadeild og gerðar hafi verið „viðeigandi ráðstafanir í þágu drengsins“.

Í skýrslunni segir að lögreglunni hafi gengið vel að fækka innbrotum í fyrra og er það ekki síst þakkað ábendingum frá almenningi sem hafi orðið til þess að upplýsa mál. Um þúsund innbrot hafi verið tilkynnt til lögreglunnar í fyrra.

Þá segir að ofbeldis- og fíkniefnabrotum hafi fjölgað á milli ára. Enn fremur voru 85 nauðganir til rann-

LÖGREGLAN Innbrotum fækkaði en ofbeldisverkem fjölgaði í fyrra.

sóknar hjá embættinu í fyrra og tæplega 60 kynferðisbrot gegn börnum. Það er svipaður málafjöldi og árið á undan.

- sh, nej

ÚTSALA

SÍÐUSTU DAGAR!

50%

TIL

70%

AFSLÁTTUR

af fatnaði, skóm og heimilisvöru



OPIÐ


allan sólarhringinn
Garðabær, Skeifan
& Eiðistorg

og á Akureyri
í sumar!

HAGKAUP

Ein ferð betra verð

Heitasti staðurinn í sumar!



Á ferð um Norðurland er upplagt að koma við á háhitasvæðinu við Kröflu og kynnst brautryðjendaverkefni í vinnslu jarðvarma. Gestastofan er opin alla daga og það er alltaf heitt á könnunni.

Gestastofur Landsvirkjunar eru opnar frá kl. 10–17 alla daga í sumar:

Kröflustöð: Jarðvarmasýning í gestastofu

Búrfellsstöð: Gagnvirk orkusýning og vindmyllur á Hafnu

Fljótalsstöð: Gestastofa í Végarði og leiðsögn um Kárahnjúka

Nánari upplýsingar á www.landsvirkjun.is/heimsoknir

Tollverðir lögðu hald á um áttatíu lítra af áfengi og 6.800 vindlinga:

Skipverjar staðnir að smygli

TOLLAMÁL Átta skipverjar voru staðnir að smygli fyrir mánuðinum. Tollverðir hafa nú lagt hald á varninginn, en um er að ræða nær áttatíu lítra af áfengi og 6.800 vindlinga.

Skipverjarnir földu varninginn ýmist í flutningaskipinu Arnarfelli eða utan þess þar sem það lá við bryggju við Holtagarða.

Fannst smyglvarningurinn í bifreiðum skipverja sem ekið var frá skipshlið og í ruslagámi við hlið skipsins. Skipverjarnir viðurkenndu að smyglvarningurinn kæmi frá þeim og gengu sjö af þeim frá sektargerð á staðnum. Einn þeirra hafði þó of mikið magn í sínum fórum til þess að leyfilegt væri að ganga frá sektargerð á vettvangi. Sektir sem innheimtar voru námu samtals 500 þúsund krónum.

-nej



HALD LAGT Á VARNING Áttatíu lítrum af áfengi og 6.800 vindlingum var ekki framvísað til tollafgreiðslu.



SÉRSTAKT HÚS Ásthildur Cecil Þórðardóttir rekur Garðplöntustöð Ásthildar við heimili sitt, sem er sérstakt í laginu og er kallað Kúlan. Hús Þorbjarnar, nágretta hennar, er kallað Engi.

Ódýrara að kaupa húsin en að verja þau

Ísafjarðarbær hyggst kaupa tvö hús sem eru í ofanflóðahættu þar sem það er ódýrara en að verja þau. Íbúarnir eru ósáttir. Annar þeirra telur sér enga hættu búna en hinn sættir sig ekki við uppgefið matsverð. Bærinn íhugar eignarnám.

BYGGÐAMÁL „Ég sætti mig ekki við svona yfirgang. Ég er alin upp undir þessu fjalli,“ segir Ásthildur Cecil Þórðardóttir garðyrkjustjóri, en Ísafjarðarbær hyggst kaupa hús hennar þar sem það er sagt í ofanflóðahættu. Ódýrara er að kaupa húsið en verja það með varnargarði.



DANÍEL JAKOBSSON


„Okkur er engin hætta búin,“ fullyrðir Ásthildur. „Það hafa verið einhver skriðuföll og aurskriður en ekki fyrir ofan mig.“ Hún segir þetta mismunun þar sem aðeins tvö hús

sæta þessari meðferð, hennar og nágretta hennar. „Þeir geta ekki verið að spara sér pening með því að kaupa mig út fyrir eitthvað slíkt. Ég get ekki fengið svona hús og kringumstæður fyrir peninginn sem þau bjóða.“

Þorbjörn Halldór Jóhannesson, nágrenni Ásthildar, er í sömu stöðu en er ekki sammála henni að öllu leyti. „Mín skoðun er sú að þeir verði að kaupa húsið fyrst þeir ætla ekki að verja það,“ segir Þorbjörn, sem segir ofanflóðahættuna til staðar. „Árið 2009 komu snjóflóð tvo daga í röð og húsið nóttráði og skalf.“ Þorbjörn segir ferlið stranda á samningum um verð en hann segist hvergi geta fengið sambærilega lóð í bænum.

„Það er ekki verið að meta aðstöðuna eða neitt. Ég vil að það gildi um mig sömu lög og giltu í Bolungarvík.“ Hann segist vilja

Varnargarðurinn mun ekki verja húsin



ÍBÚAR ÓSÁTTIR Tekin var sú ákvörðun að verja ekki húsin þar sem með því sparar bæjarfélagið sér umtalsverðan kostnað.

Áþekkt mál áður farið fyrir dómstóla

Sambærilegt mál þekkist síðan árið 2002. Þá voru fengnir tveir matsmenn á vegum ofanflóðasjóðs sem mátu eignir í Bolungarvík sem taka átti undir varnargarð. Íbúarnir undu ekki mati þeirra og málið fór til matsnefndar eignarnámsbóta, sem dæmdi íbúnum mun hærra bætur á þeim grundvelli að ekki væri hægt að fá sambærilegar eignir í bæjarfélaginu. Sú niðurstaða var síðan staðfest fyrir dómstólum.

leysa málið sem fyrst en geti ekki sætt sig við matsverðið. „Manni líður ekkert vel að búa hér. Það er stöðug hætta,“ útskýrir hann. „En ég á engan annan stað til að búa á.“

Daníel Jakobsson, bæjarstjóri á Ísafirði, telur tilboðin sem sett hafa verið fram ásættanleg.

„Við höfum heimild til þess að bjóða markaðsverð en þau vilja fá samreiknað endurstofnverð. Það er svo mikið á milli að við teljum okkur ekki geta samið á þeim forsendum,“

segir Daníel. Hann telur að málið sé ekki sambærilegt því sem átti sér stað í Bolungarvík. Bænum beri að hans sögn lagaleg skylda til þess að verja íbúana, annaðhvort með því að byggja varnargarð eða kaupa húsin og beita þeim úrræðum að ekki sé heimilt að búa í þeim. „Ég vona að menn nái að semja,“ segir Daníel en í ljósi þess að samningur virðast ekki takast íhugar bærinn að taka húsin eignarnámi.

nannae@frettabladid.is

DEBENHAMS

ENN MEIRI
LÆKKUN!

50-70%
AFSLÁTTUR

AF ÖLLUM
ÚTSÖLUVÖRUM

Opið til kl 21:00 í kvöld

Gerðu
lífið
skemmtilegra

70%

AFSLÁTTUR

AF ÖLLUM DÖMUSUNDFÖTUM
OG DÖMUTÖSKUM Á ÚTSÖLU



 Finndu okkur á facebook

DEBENHAMS – SMÁRALIND
KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR

Samkeppni um nafn lokið: Varnargarðar brátt nefndir

STJÓRNSÝSLA Snjóflóðavarnar-
gardarnir tveir við Bolungarvík
bíða nú eftir að verða nefndir. Því
efndi Bolungarvíkurkaupstaður
til nafnasamkeppni sem lauk
fyrir helgi.

Alls bárust um fjórtíu nafna-
tillögur. Varnargarðarnir, en
við þá hófst vinna árið 2006, eru
mikið notaðir af útivistarfólki.
Þegar nafn hefur verið ákveðið
og framkvæmdum lýkur endan-
lega stendur til að vígja varnar-
gardana með viðhöfn. -nej

Ný úttekt Sameinuðu þjóðanna um ástand mála í Afganistan: Óbreyttir falla í Afganistan

AFGANISTAN Alls létu 1.319 óbreyttir borgarar lífið í átökunum í Afganistan á fyrri helmingi þessa árs. Það eru 161 fleiri en á sama tíma í fyrra, sem nemur um fjórtán prósentu fjölgun. Þá fjölgaði særðum um rúman fjórðung, úr tæplega 2.000 í rúmlega 2.500.

Þetta kemur fram í skýrslu Sameinuðu þjóðanna sem birt var í gær, en alda ofbeldis sem hefur gengið yfir landið að undanförunu eykur á efasemdir um að afganskar öryggisveitir muni koma til með að ráða við ástandið eftir að erlent herlið yfirgefur landið fyrir lok næsta árs.

Langstærstur hluti fallinna og særðra, eða um tveir af hverjum þremur, er rakinn til aðgerða uppreisnarhópa sem hafa notað sprengjuárásir

í enn frekara mæli en áður. 146 létust í aðgerðum stjórnarliða og bandamanna þeirra, flestir vegna bardaga á jörðu niðri eða loftárása.

Skýrsluhöfundar vekja einnig athygli á þeim fjölda kvenna og barna sem hafa orðið fyrir barðinu á óöldinni. 106 konur og 231 barn féllu frá ársbyrjun til júniloka, en á sama tíma í fyrra létust 76 konur og 232 börn.

Vopnaðir hópar stjórnarandstæðinga hafa stóraukið umsvif sín síðustu misseri eftir því sem afganskar sveitir hafa tekið virkari þátt í öryggisgæslu í landinu. Áætla má að yfir 20.000 óbreyttir borgarar hafi látið lífið í átökum í landinu frá innrás fjölþjóðaliðs undir forystu Bandaríkjanna haustið 2001. -þj



ÓFREMÐARÁSTAND 1.319 óbreyttir Afganir létust vegna stríðsátaka á fyrri hluta ársins. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



Í **STOKKHÓLMI** Atvinnulausir verða að senda vinnuálagstofnun skýrslu í hverjum mánuði.

Vinnumiðlunin í Svíþjóð: Herðir reglur vegna bóta

SVÍÞJÓÐ Frá og með 1. september næstkomandi verða atvinnulausir í Svíþjóð að senda sænsku vinnuálagstofnuninni skýrslu í hverjum mánuði og gera grein fyrir þeim störfum sem þeir hafa sótt um og öðrum athöfnum.

Sá sem ekki sendir skýrsluna á réttum tíma fær viðvörðun og á á hættu að missa bætur í einn eða fleiri daga.

Gert er ráð fyrir að skrif-
finnskan aukist með nýju reglu-
num og þess vegna hafa fleiri
starfsmenn verið ráðnir til þess
að sinna henni, að því er greint
er frá á viðskiptasíðu Dagens Ny-
heter. -ibs

Icelandair sló met í gær:

Flugfarþegi númer 300.000

FERÐAÞJÓNUSTA Þriðjundruð þúsundasti farþegi Icelandair í júlímánuði fór í loftið um hádegisbilið í gær. Er þetta í fyrsta sinn sem Icelandair flytur fleiri en 300 þúsund farþega í einum mánuði, að því er segir í tilkynningu frá félaginu. Í júlímánuði í fyrra var sett farþegamet þegar flugfélagið flutti 276.600 farþega.

Um 10 þúsund farþegar fljúga með félaginu á sólarhring, að meðaltali eru 62 flug á dag og alls voru 1930 ferðir í júlí. -nej

Bátseldsvoði á Akranesi:

Tók 14 tíma að slökkva eldinn

BRUNI Um tvöleytið í gærnótt tókst að ráða niðurlögum eldsins sem kom upp í báti í skipasmíðamiðstöðinni á Akranesi. Eldurinn kom upp um hádegisbilið á þriðjudag og því tóku slökkvistörf rúmlega hálfan sólarhring. Eftir að báturinn var færður út úr skipasmíðastöðinni gekk greiðar að slökkva eldinn. Töluverðar skemmdir urðu á bátinum vegna eldsvoðans en er talið að vélarúm hans hafi sloppið. Eldurinn er talinn hafa átt upptök sín vegna logsuðu en það verður rannsakað nánar á næstu dögum. -nej

Lögregla býr sig undir að tölvuglæpum fjölgi

Tölvu- og netglæpir munu aukast hér á landi á næstunni að mati ríkislögreglustjóra. Búast má við kröfu um hertar refsingar vegna vaxandi tjóns. Fjárhagslegur skaði á Vesturlöndunum er sagður „stjarnfræðilegur“ og mun fara hratt vaxandi.

LÖGREGLUMÁL Ganga má út frá því sem vísu að umfang tölvu- og netglæpa aukist hér á landi í fjórir- til fimmfalt á næstu árinu, segir ríkislögreglustjóri. Vaxandi tjón vegna þessa mun skila sér í kröfum um hertar refsingar fyrir netglæpi.

Þetta kemur fram í nýlegri skýrslu ríkislögreglustjóra þar sem lagt er mat á skipulagða glæpastarfsemi og hættu á hryðjuverkum hér á landi.

Tölvu- og netglæpir eru það form skipulagðrar glæpastarfsemi sem líklegast er að sé beint gegn almenningi hér á landi, samkvæmt skýrslunni.

Þar er til dæmis átt við tilraunir til fjársvika, til dæmis með svokölluðum Nígíríubréfum. Einnig er vísað til tilrauna til að brjótast inn í tölvur og bankareikninga. Þá er bent á að barnaklámi sé dreift með þróðum kerfum tölvuþrjótá.

Tölvu- og netglæpir eru stofnana geta orðið fyrir árásum tölvuhakkara sem geta valdið miklum skaða, samkvæmt skýrslunni. „Ljóst er að slíkar árásir gætu talist til hryðjuverka yrðu tölvukerfi sem lúta að mikilvægustu innviðum og stoðkerfum samfélagsins, til að mynda raforkumiðlun, gerð óstarfhæf,“ segir í skýrslunni.

Í skýrslunni er ekki fjallað um hvernig lögregla geti brugðist við hættu af þessu tagi, né tiltekin ákveðin dæmi um árásir á tölvukerfi sem valdið hafa skaða. Þar segir þó að viðbrögð lögreglu þurfi ekki síst að felast í viðleitni til að vekja almenning og stjórnendur fyrirtækja til vitundar um þessa gerð skipulagðrar glæpastarfsemi.

Í skýrslunni er rakið að þegar reynt hafi verið að leggja mat á fjárhagslegan skaða vegna tölvuárása á Vesturlöndum hafi verið um „stjarnfræðilegar fjárhæðir“ að ræða.

Þar segir að upplýsingar frá



LOFTRÝMISGÆSLA Þó að litlar líkur séu taldar á hryðjuverkaárás hér á landi samkvæmt skýrslu ríkislögreglustjóra er bent á að hryðjuverkamenn sem vilji ráðast gegn Vesturlöndum geti talið auðveld skotmörk hér á landi, til dæmis herafra sem hér sinni loftrýmisgæslu. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

GETA EKKI BEITT GEREYÐINGARVOPNUM

Engar upplýsingar liggja fyrir um að verið sé að skipuleggja eða undirbúa hryðjuverkaárásir hér á landi, samkvæmt skýrslu ríkislögreglustjóra. Mat á hryðjuverkaógn er ónákvæmara hér á landi en almennt á Norðurlöndunum þar sem lögregla hefur ekki sömu heimildir til að fyrirbyggja hryðjuverk, segir í skýrslunni.

Þegar lagt er mat á getu til að fremja hryðjuverk hér á landi telur ríkislögreglustjóri líklegt að eggvopn, riffar, haglabbyssur eða heimatilbúnað sprengjur séu þau vopn sem líklegast sé að verði beitt. Ekki sé fyrir hendi geta til að framkvæma hryðjuverk með notkun geryeyðingarvopna.

Þar er þó varað við því að hryðjuverkamenn kunni að beina sjónum sínum að Íslandi telji þeir sig geta ráðist gegn vestrænum hagsmunum hér á landi með auðveldum hætti. Það eigi til dæmis við um sendiráð erlendrar ríkja og liðsafla ríkja Atlantshafsbandalagsins sem sinni loftrýmisgæslu.

Komust yfir netfangalista

Íslenskir tölvunotendur voru síðast í gær varaðir við tilraun til tölvuglæpa. Í tilkynningu sem Íslandsbanki sendi frá sér var varað við því að þrjótar hafi komist yfir íslenskan netfangalista. Í kjölfarið sendu þrjótarnir pósta á listann sem gæti virst stafa frá íslenskum bönkum, þar sem beðið er um persónuupplýsingar.

útlöndum bendi til þess að kostnaður hins opinbera og fyrirtækja vegna tölvuglæpa fari hratt vaxandi. Til að mynda færast tap banka

og annarra fjármálfyrirtækja vegna tölvuglæpa í nágrenna-
ríkjunum í aukana.

brjann@frettabladid.is

METSÖLULISTI EYMUÐSSON

ERLENDAR KILJUR



The Bat
Jo Nesbø



Alex Cross, Run
James Patterson




A Wanted Man
Lee Child



The Lost Boy
Camilla Läckberg



Winter of the World
Ken Follett



The Casual Vacancy
J.K. Rowling



I've Got Your Number
Sophie Kinsella



Joyland
Stephen King



The Long Earth
Terry Pratchett



The Racketeer
John Grisham

SAMKVÆMT BÓKSÖLU Í PENNANUM EYMUÐSSON UM LAND ALLT



Markar tímamót í framleiðslu líkamshluta á rannsóknarstofum:

Rækta mannseyra inni í rottu

VÍSINDI Bandarískir vísindamenn hafa færst skrefi nær því að rækta nýtt eyra úr frumum sjúklinga, en samkvæmt frétt BBC, sem vitnar í nýlega fræðigrein, tókst vísindamönnum í Boston að rækta nokkuð í líkingu við eyra úr frumum kúa og kinda. Ef allt fer að óskum gæti þessi tækni nýst til að gera nýtt eyra fyrir fólk sem er með afmynduð eyru, eða hefur misst eyra í slysi.

Ferlið er þannig að lifandi frumum úr kúum og kindum var komið fyrir á lítilli vírgrind úr títni í laginu eins og mannseyra. Því var svo komið fyrir inni í líkama rottu þar sem það óx í tólf vikur, en ónæmiskerfi rottunnar hafði áður verið gert óvirkt svo að líkami hennar myndi ekki hafna eyranu sem aðskotahlut.

Dr. Thomas Cervantes, sem fór fyrir teyminu, fagnaði niðurstöðunum, sem hann sagði marka tímamót.

„Í fyrsta lagi tókst okkur að láta eyrað halda lögun sinni meðan það óx í tólf vikur inni í rottunni og auk þess tókst okkur að viðhalda sveigjanleika brjósksins.“

Cervantes sagði að næsta skref væri að gera tilraunir á fólki, en sennilega væru um fimm ár í að það yrði að veruleika. -þj



RÆKTUÐ EYRA Eyrað sem varð til í ræktun vísindamannanna frá Boston þykir vel heppnað og er meðal annars mjög sveigjanlegt.

RÝMINGARSALA

FERÐAVÖRUR

GARÐHÚSGÖGN

GARÐLEIKFÖNG

Tjöld 35%

Ferðahúsgögn 30-40%

Garðhúsgögn 30-40%

Svefnpokar, allt að 40%

Kælitöskur, allt að 40%

CADAC ferðagrill 30%

Garðleikföng 40%

MEÐAN
BIRGÐIR
ENDAST!

RÝMINGARSALA

FJÖLÉRAR
PLÖNTUR
ALLAR - EITT VERÐ!
799 kr.

SUMARBLÓM
60%
AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM
SUMARBLÓMUM

GARÐSTYTTUR
50%
AFSLÁTTUR!
AF ÖLLUM
GARÐSTYTTUM!

TRJÁPLÖNTUR
60%
AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM
TRJÁPLÖNTUM

LÆGSTA
LÁGA
VERÐ
HÚSASMIÐJAN

Útsöluafsláttur gildir ekki af vörum merktum
Lægsta lága verð Húsasmiðjunnar.

blómaval



HÚSASMIÐJAN
HLUTI AF BYGMA

ALLT FRÁ GRUNNI AÐ GÓÐU HEIMILI
SÍÐAN 1956



1 **OLÍUMENGUN Í TAÍLANDI** Skófla var skilin eftir stundarkorn í olíumengaðri ströndinni í Ao Phrao á Taílandi. Sjálfboðaliðar vinna þessa dagana hörðum höndum að því að hreinsa olíuna, sem lak úr leiðslu um helgina. NORDICPHOTOS/AFP



2 **EKIÐ AF KJÖRSTAD** Þessi átt-ræða frú, sem heitir Chizema Najika, lét ekki aldur og heilsu aftra sér frá því að mæta á kjörstað í Simbabve í gær, þar sem þingkosningar voru haldnar. NORDICPHOTOS/AFP



3 **ÖRTRÖÐ Í SUNDI** Mikil hitabylgja er nú í Kína og fór hitinn sums staðar yfir 40 stig í gær. Margir fóru í sund til að kæla sig, eins og þarna í borginni Suining í Sichuan-héraði. Aðrir verja deginum í verslunarmiðstöðvum þar sem loftkæling er góð. NORDICPHOTOS/AFP



ÁSTAND HEIMSINS

Verndar glerunginn

zendium

Félag íslenskra tannfræðinga mælir með Zendium tannkremi.



4 **BÖRN Í KABÚL** Afgönsk börn leika sér í rólu rétt hjá kirkjugarði í höfuðborginni Kabúl. Átök hafa harðnað þar í landi á síðustu mánuðum. NORDICPHOTOS/AFP



5 **EYÐILEGGING Í HOMS** Göturnar í Homs í Sýrlandi eru illa farnar eftir átök stjórnarhersins og uppreisnarmanna. Stjórnarherinn hefur náð þessu hverfi aftur á vald sitt. NORDICPHOTOS/AFP

ALLT FYRIR VERSLUNARMANNAHELGINA



ÖDRUVÍSI
SNAKK!



Popcorners

GOTT Í
FERDALAGIÐ!

999KR/PK



Coke 12 dósir í pakka

VANTAR ÞIG LESEFNI Í FERDALAGIÐ?



FRÁBAERT ÚRVAL AF KILJUM Í HAGKAUP!

NÝTT!



Spennandi súkkulaði

NÝTT!



Goldfish kex



Gildir til 5. ágúst á meðan birgðir endast.

ÍSLENSKA HAMBORGARAFABRIKKAN

2010



GRILLAÐU-ONÍ-ÞIG

„Gerðu þinn eigin fabrikkuborgara
- hráefnið fæst í Hagkaup“



Í pakkanum eru tveir
Fabrikkuborgarar,
tvö ferhyrnd Fabrikkubrauð,
salt og pipar.

999 kr/pk



MORTHENS

„Það er gott að elska“
Bubbi Morthens



STÓRI BÓ

„Það er ekki gó fyrir en Bó segir gó“
Björgvin Halldórsson



GRÍSARIF

Grísaríf Fabrikunnar eru
forelduð og þarf aðeins að hita.

1499 kr/pk

OPIÐ UM VERSLUNARMANNAHELGINA

	Skeifan Eiðistorg Garðabær Akureyri	Smáralind Spöngin Holtagarðar	Kringlan	Borgarnes Njarðvík Selfoss
LAU 3. ÁGÚST	24 TÍMA	10-20	10-20	10-18
SUN 4. ÁGÚST	24 TÍMA	12-20	LOKAÐ	12-18
MÁN 5. ÁGÚST	24 TÍMA	LOKAÐ	LOKAÐ	LOKAÐ

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

SUMARGLEÐI

Fjardarkaup

úr
kjötborði



Svínalundur
1.698,kr./kg
verð áður 2.398,-/kg

úr
kjötborði



Svínahnakki úrb.
1.298,kr./kg
verð áður 1.598,-/kg



Hamburgarar 2x115g
420,kr./pk.
verð áður 504,-/pk.



Ali svínakótilettur hunangs
1.998,kr./kg



Caj P's lambalærisneiðar
2.968,kr./kg
verð áður 3.398,-/kg



FK kjúklingabringur
1.998,kr./kg
verð áður 2.398,-/kg



Skyndigrill
1.898,kr./kg
verð áður 2.379,-/kg



Bratwurst pýlsur 360g
398,kr./pk.
verð áður 471,-/pk.



Fjallalæri
1.398,kr./kg



Svínakótilettur
1.398,kr./kg



Kalkúna grillsneiðar
1.659,kr./kg



Lúxus lambalæri
1.398,kr./kg



Ostaslaufur
398,kr.

Kleinur
338,kr.

Pizzusnúðar
298,kr.

Glæðilegt
SUMAR!



Kjörís sumarmjúkís 1L
666,kr.



Homeblest 300g
248,kr.



Prince polo lítið 56x18g
998,kr.



Andrex WC hvítur 9+3 rúllur
1.298,kr.



Gevalia kaffi 500g
769,kr.



Weetos heilhveitihringir
526,kr.



Freyju hrís 200g
248,kr.



Pik-nik strá 113g
398,kr.




Heinz tómatsósa 570g
271,kr.



Vilko Vöflur
498,kr.



Kókómjolk 6 x 1/4L
398,kr.



Pipp molar blandaðir
598,kr.



Kuchen M. Marsipankaka,
súkkulaði eða marmarakaka
298,kr./stk.



Huggies blautþurrkur
298,kr.



Krombacherr 0,5% gler
898,kr./kippan



Peytitoppur jurtarjómi
383,kr.



Emmessís sumarís 750ml
598,kr.



Bökunarkartöflur
198,kr./kg



Iceberg salat
258,kr./kg



Coke dós 12 x 0,33l
eða Coke light
998,kr.



1/2 L appelsín, pepsí
eða pepsí max
98,kr./stk.

SUMARGLEÐI
Fjarðarkaup

Taktu þátt í **skemmtilegum** sumarleik.

Heimsferðir advania ICEWEAR ICELAND OB ódyrt bensín FK FJARÐARKAUP

Fylltu út þátttökuseðilinn og skilaðu honum í kassann. Vinningar eru dregnir út einu sinni í viku í beinni útsendingu á Bylgjunni hjá Ívari á föstudögum. Fyrsti vinningur verður dreginn út þann 21. júní. Leik lýkur 2 ágúst. Fjöldi vinninga.

Lokað laugardag, sunnudag og mánudag vegna verslunarmannahelgar

FK
FJARÐARKAUP
- Einstök verslun

VEÐUR

Föstudagur
7-17°C HLÝJAST SV-LANDS
 Skýjað en úrkomulítið á N- og A-landi en bjartviðri S- og V-lands. Hvessir og rignir A-lands með kvöldinu.

Laugardagur
7-17°C BJARTAST S- OG V-LANDS
 Rigning NA-lands en bjart með köflum S- og V-lands. Norðan 8-15 m/s, hvassast austast.

Sunnudagur
5-15°C HLÝJAST SV-LANDS
 Bjart veður SV- og V-lands en annars skýjað en úrkomulítið. Norðlæg átt 5-13 m/s.

Mánudagur
6-14°C SVALAST NA-LANDS
 Hæg austlæg eða breytileg átt og birtir víða til en stöku skúrir SV-lands síðdegis.
 Heimild: vedur.is

HÁLENDIÐ



Velflestir hálendisvegir eru nú opnir en akstur er þó enn bannaður á Dyngjuleið (vegi F910 milli Sprengisands og Öskju), en búið er að opna gömlu Gæsavatnaleiðina og er hún fær jeppum. Nánari upplýsingar á **Vegagerdin.is** eða í síma 1777.

Útihátíðir um verslunarmannahelgina

Fjölbreytt dagskrá verður á útihátíðum um allt land um eina helstu ferðahelgi ársins. Flestir ættu að finna eitthvað við sitt hæfi hvort sem þeir kjósa að halda sig í heimabyggð eða leggja land undir fót. Besta veðrið verður sunnanlands en kaldara fyrir norðan og austan.

Mýraboltinn Ísafirði
 Vinsælt íþróttamót. **VERÐ Þátttökuarmband** 9.500 krónur, veitir jafnframt aðgang að böllum á Ísafirði um helgina. **Ballarmband** 7.500 krónur.

Síldarævintýrið Siglufirði
1. til 5. ágúst.
 Fjölskylduhátíð með menningarbrag. Fjöldi listamanna úr heimabyggð kemur fram.

Ein með öllu Akureyri Fjölskylduhátíð, hefst 1. ágúst. Púsundir gesta hafa sótt hátíðina undanfarin ár. **VERÐ Aðgangur að böllum og tónleikum** 1.000 til 1.500 krónur.

Sæludagar í Vatnaskógi
Hátíðin hefst að kvöldi 1. ágúst og henni lýkur á hádegi á mánudegi 5. ágúst. Fjölskylduhátíð sem er vímulaus valkostur. **VERÐ 4.500 krónur.** Ókeypis fyrir 12 ára og yngri í fylgd með fullorðnum. **Dagsheimsókn** 2.500 krónur.

Innipúkinn í Reykjavík
Tónlistarveisla, föstudags- og laugardagskvöld, 2. og 3. ágúst. Hátíðin í ár fer fram víða um Reykjavík, en aðaldagskráin verður á Faktory. **VERÐ Tveggja daga passi á Faktory** 4.900 krónur. **1 dags passi** 3.000 krónur.

Fjölskyldu- og húsdýragarðurinn
Sunnudaginn 4. ágúst kl. 20
Stuðmannatónleikar
VERÐ 1.500 krónur. Í forsölu 1.000 krónur fyrir 12 ára og eldri.

Neistaflug Neskaupstað
Fjölskyldu-skemmtun hefst 2. ágúst.
VERÐ Aðgangur á dansleiki 2.000 til 2.500 krónur.

Unglingalandsmót UMFÍ Hornafirði
Dagskrá hefst 1. ágúst og lýkur mótinu 4. ágúst.
 Auk keppni er fjölbreytt afþreying í boði fyrir gesti.

Færeyskir dagar Stokkseyri
Færeyskir fjölskyldudagar 1.- 5. ágúst.
 Boðið verður upp á skemmtun með fjölbreyttri færeyskri tónlist, kynningu á Færeyjum, sagðar sögur frá Færeyjum gamlar og nýjar, kynning á skerpi kjöti og gefið smakk. Bee on ice sjá um fjörið á laugardagskvöldið á Draugabarnum og fram á nótt. Jógvan Hansen og Vignir Snær sjá svo um að skemmta á sunnudagskvöldið og fram á nótt á Draugabarnum. **VERÐ Aðgangur er ókeypis á fjölda viðburða.**

Fjölskylduhátíð á Úlfjótssvatni
Leikir og skemmtun 2.-5. ágúst.
 Tjaldsvæðið er hugsað fyrir fjölskyldufólk og er kyrrt á svæðinu frá miðnætti. Ölvun er ekki leyfileg á svæðinu. **VERÐ Dagskrárpassi** 2.000 krónur fyrir alla helgina.

Fjölskylduhátíð SÁÁ á Laugalandi
Edruhátíðin á Laugalandi í Holtum í Rangárvallasýslu 2. til 5. ágúst.
 12 spora fundir, hugleiðslur, úti- og innitónleikar, brenna, jóga, dans, göngur, barnaball, barnalistasmíðja o.fl. **VERÐ Aðgangur** 6.000 krónur fyrir þá sem ætla að dvelja á svæðinu alla dagana. **Dagpassar** 2.500 krónur.

Þjóðhátíð í Vestmannaeyjum
Hápunktar í dagskrá Þjóðhátíðar 2. til 5. ágúst eru hefðbundnir, það er brenna á Fjósakletti á föstudagskvöldi, vegleg flugeldasýning á laugardagskvöldi, brekkusöngur og blys á sunnudagskvöldi. **VERÐ 18.900 krónur. Í forsölu** 16.900 kr. Ókeypis fyrir ellilífeyrisþega og 12 ára og yngri. **Stakur sunnudagsmiði í dalinn** 11.900 krónur.

GÆÐA TÚNGIRÐINGANET TILBOÐ Í ÁGÚST

Gæða galvaniserað túngirðingarnet 3 mm 69 cm x 50 metrar, 8 strengir
4.690,-

Gaddavir 3 mm 14x14x10 300 m.
4.995,-

Meðan birgðir endast!

Kletthálsi Reykjavík
 Reykjanesbæ
 Akureyri

MÚRBÚÐIN
 — Afslátt eða gott verð?
 Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is

UPPÁHALDSSTAÐURINN MINN Á ÍSLANDI KERLINGARFJÖLL

SÓLVEIG EIRÍKSDÓTTIR
 Parna er náttúran í öllu sínu veldi, ísinn, eldurinn og allt þar á milli

„Uppáhaldsstaðurinn minn er Kerlingarfjöll. Faðir minn stofnaði skíðaskála við fjöllin um það leyti sem ég var að fæðast og þar eyddi ég öllum mínum sumrum alveg þangað til ég var komin á þrítugsaldurinn,“ segir matreiðslumeistarinn og veitingahúsa eigandinn Sólveig Eiríksdóttir, eða Solla á Gló eins og hún er gjarnan kölluð.

„Á mínum yngri árum var þar ekkert rafmagn og einungis kalt vatn og þarna upp-götvaði ég hvað krafturinn úr náttúrunni nærir mann á margan hátt,“ segir Solla, sem stefnir á að fara í lok sumars að sækja sér orku.

„Parna er náttúran í öllu sínu veldi, ísinn, eldurinn og alls kyns jurtir. Ósnortin og ómenguð náttúran í Kerlingarfjöllum nærir mig meira en nokkur annar staður.“ -le



N1



VEGABRÉF

SUMAR 2013

SAFNAÐU STIMPLUM OG
ELTU SÓLINA ALLA LEIÐ
TIL TENERIFE Í SUMAR

Fjöldinn allur af meiriháttar vinningum
og heppin fjölskylda stimplar sig í
vikudvöl á suðrænni sólarströnd.

Vinningur í hverjum stimpli.

Skilaðu fullstimpluðu vegabréfi
inn á næstu þjónustustöð N1
og þú ert komin(n) í pottinn.





FLUGMÖNNUM SKIPAÐ AÐ FLJÚGA HÆGAR

Lággjaldaflugfélagið Ryanair hefur í sparnaðarskyni skipað flugmönnum sínum að fljúga hægar, að því er segir í frétt Dailymail. Flugfélagið hyggst einnig bjóða upp á auglýsingar utan á véllum sínum.

Með því að draga úr hraðanum eykst flugtíminn að meðaltali um 2 mínútur á klukkustund. Við þetta minnkar eldsneytiskostnaður flugfélagsins um 15 prósent.

Talsmenn Ryanair halda því fram að vegna hitabylgjunnar í Evrópu hafi færri keypt flugmiða á netinu en vonast hafði verið til. Talið er að tekjurnar eigi eftir að lækka enn frekar.

NEYTANDINN Heiða Kristín Helgadóttir

Gengur um í gúmmístígvélum frá Marc Jacobs

„Bestu kaup sem ég hef gert eru gúmmístígvél frá Marc Jacobs sem ég keypti í New York fyrir nokkrum árum á 10 dollara,“ segir Heiða Kristín Helgadóttir, framkvæmdastjóri þingflokks Bjartrar framtíðar.

„Það besta við kaupin var að maður fékk risastóran Marc Jacobs-poka undir stígvélin. Þannig gat maður gengið stoltur um stræti borgarinnar, líkt og maður ætti sand af seðlum,“ segir Heiða og hlær, en stígvélin sjálf hafa reynt Heiðu afar vel þó svo að pokinn hafi verið toppurinn á kaupunum.

„Verstu kaup sem ég hef gert eru hins vegar rauður Volkswagen-bíll sem ég keypti árið 2010. Bílnúmerið var BL-200 sem var það eina góða við bílinn. Það var mjög sterk reykingalykt í honum og svo drap hann alltaf á sér á rauðu ljósi. Ég þurfti að finna leið frá heimili mínu að Höfða þar sem ég átti von á því að mæta einungis grænum ljósum, það var ekkert alltaf alveg grænt ljós,“ segir Heiða sem keypti sér nýjan bíl ári seinna.

- le



NÝJUNG!

NÁNAR Á UU.IS

SUMARGOLF Á ALMERÍA

VAL ER UM 2 VIKUFERÐIR

20. - 27. ÁGÚST OG

27. ÁGÚST - 03. SEPTEMBER


PIERRE VACANCES - GOLF

Pierre Vacances er glæsileg ný íbúðagisting í Roquetas de Mar. Garður með tveimur sundlaugum og barnalaug.

VERÐDÆMI - 7 NÆTUR:

129.900KR

á mann m.v. 2 fullorðna í íbúð.



Fleiri gistingar í boði inni á urvalutsyn.is



Á SÓLARSTRÖND Á sumum vinsælum ferðamannastöðum erlendis bjóða verslanir og veitingastaðir viðskiptavinum sem greiða með korti að breyta upphæðinni í íslenskar krónur.

Hefðbundin korta-greiðsla er ódýrust

Fjármálastofnanir mæla með því að ekki sé greitt í íslenskum krónum þegar greiðslukortið er straujað erlendis. Óvíst er við hvaða gengi seljendur miða.

Bankastofnanir og greiðslukortafyrirtæki ráða viðskiptavinum frá því að greiða fyrir vöru eða þjónustu í íslenskum krónum þegar þeir rétta fram greiðslukort sitt bjóði viðkomandi seljandi upp á slíka þjónustu.

„Við höfum alltaf ráðlagt að borgað sé í aðalmynt landsins sem dvalið er í. Verslanir geta bætt gjaldi ofan á verð vörunnar eða þjónustunnar. Þeim ber skylda til þess að gefa það upp en fólk getur lent í vandræðum með að nálgast það. Þar að auki er óvíst við hvaða gengi verslanir miða,“ segir Guðný Helga Herbertsdóttir, upplýsinga- fulltrúi Íslandsbanka.

Undir þetta tekur Kristján Kristjánsson, upplýsinga- fulltrúi Landsbankans. „Allajafna borgar sig ekki fyrir viðskiptavin að þiggja umreiknaða upphæð því

gengið verður óhagstæðara þar sem kaupmaðurinn eða færslu- hirðirinn tekur eitthvað fyrir þjónustuna.“ Kristján bætir því við að sumir líti þó á þetta sem kost þar sem þeir viti með þessu nákvæmlega hvað þeir greiða.

Bergþóra Karen Ketilsdóttir, forstöðumaður viðskiptavers hjá Borgun, tekur fram að mikilvægt sé að korthafinn sé meðvitaður um gengi viðkomandi gjaldmiðils þegar hann ákveður hvora leiðina hann vill fara.

„Almennt séð er ódýrast að versla vöru eða þjónustu erlendis beint með greiðslukorti á hefðbundinn hátt.“

Jóhanna M. Jóhannsdóttir, þjónustustjóri hjá Valitor, segir greiðslukortafyrirtækið mæla með því að korthafar breyti ekki upphæð í íslenskar krónur þegar þeir eru staddir erlendis. „Okkur



GREIÐSLUKORT Á Íslandi er boðið upp á myntvalslausn. Ef kortið er erlent er verið bæði sýnt í íslenskum krónum og gjaldmiðli korthafans. Samkvæmt upplýsingum frá Valitor nemur þóknunin 3 prósentum af verði vörunnar eða þjónustunnar. Seljandi fær hluta þóknunarinnar endurgreidda frá kortafyrirtækinu.

þykir öruggara að nota gjaldmiðil viðkomandi lands því þá er allt reiknað eftir föstum stöðlum frá Vísa/Mastercard í stað þess að verslanir geti lagt prósentu á upphæðina sem við vitum í raun ekki hver er.“ ibs@frettabladid.is

Neytendastofa segir raftækjaverslanir verða að bæta orkumerkingar:

Aðeins 8% tækja rétt merkt

Réttir orkumerkimiðar voru aðeins á 8 prósentum heimilistækja í raftækjaverslunum sem Neytendastofa gerði könnun hjá. Merkingarnar eiga að auðvelda neytendum að sjá á aðgengilegan hátt upplýsingar um tegund, orkunýtni, árlega orkunotkun, hávaða og önnur helstu einkenni vörunnar eftir því sem við á, að því er segir á vef Neytendastofu.

Farið var í 14 raftækjaverslanir og kannaðar 300 vörur af fimm mismunandi gerðum, það er þvottavél- ar, þurrkara, ísskápa, frystikistur og uppþvottavélur.

Aðeins var að finna orkumerkingar á 25 tækjum. Á þeim tækjum sem

orkumerkingar voru ekki aðgengilegar utan á tækjunum var þær oftast að finna inni í tækjunum sjálfum. Verslanir Elko komu best út úr könnuninni, þar voru 16 heimilistæki með orkumerkingu utan á tækjunum.

Sjónvarpstæki voru einnig skoðuð þar sem ný reglugerð kveður á um að orkumerkingar skuli nú einnig vera á þeim. Í ljós kom að þriðjungur sjónvarpstækja var með orkumerkimiða límdan fram- an eða aftan á. Tækin voru í verslunum Sjónvarpsmiðstöðvarinnar, Max raftækja og Bræðranna Ormssonar.



ÞVOTTAVÉL Neytendur eiga að geta séð merkingu með orkunýtni og árlegri orkunotkun auk annars.

HLJÓMTÆKJA- OG SKRIFSTOFUTÆKJAEILD

ORMSSON

FLYTUR Í SKEIFUNA 11 HJÁ BT



Flott tilboð af því tilefni!

Pioneer X-DS301-K
HLJÓMTÆKI

Útvarpsvekjari
með iPod/iPhone vögg



Fm útvarp með 20 stöðva minni · Hleður iPod/iPhone · Fjarstýring með „snooze“ takka.

LISTAVERÐ: **19.900** TILBOÐSVERÐ: **14.900**

Pioneer X-HM11-K
HLJÓMTÆKI

Hljómtækjastæða



FM útvarp · 40 stöðva minni · Spilar: CD, MP3, WMA, CD-R/RW, USB, RCA · Heyrnartól 2x15W hátalarar · 4 Ohm

LISTAVERÐ: **34.900** TILBOÐSVERÐ: **26.900**

Pioneer X-HM30-K
HLJÓMTÆKI

Hljómtækjastæða
með iPod/iPhone vögg



FM útvarp · 40 stöðva minni · CD · 2x15W magnari.

LISTAVERÐ: **69.900** TILBOÐSVERÐ: **49.900**

Pioneer DV-2022
HLJÓMTÆKI

DVD spilari



Spilar DVD, CD, CD-R/RW og DVD-R/RW, DivX, MP3, VMA og JPEG · Uppfærir mynd í HD upplausn Tenglar: USB, Component, Coaxial, Video, Audio

LISTAVERÐ: **14.900** TILBOÐSVERÐ: **10.900**

Pioneer PIX-SMC1
HLJÓMTÆKI

iPod vagg

Frábær hljómburður!



FM útvarp · Spilar og hleður iPod og iPhone · Spilar DVD og CD, MP3, DivX, JPEG · HDMI, USB, Audio in, Composite og fl. · Möguleiki á Blue-tooth · 2 x 20W hátalarar · 8 Ohm

LISTAVERÐ: **35.900** TILBOÐSVERÐ: **27.900**

SHARP LC32LE244E
32" LED sjónvarp



Full háskerpu upplausn 1920x1080 · LED baklýsing DVB-T, DVB-C, MPEG2/MPEG4

LISTAVERÐ: **119.900** TILBOÐSVERÐ: **94.900**

Haier C800H
32" LED sjónvarp



1366x768 — HD Ready · 4.000.000:1 Dynamic Contrast · 100Hz · DVB-T og DVB-C sjónvarpsmottakarar · 2xHDMI, SCART, Optical, USB, VGA, heymartól · USB afsplun á myndböndum, tónlist og ljósmyndum

LISTAVERÐ: **79.900** TILBOÐSVERÐ: **69.900**

SHARP LC60LE751

Stórkostlegt 60" 3D · LED sjónvarp



Full HD (1920x1080) · LED baklýsing · 100Hz · Breytir 2D í 3D · USB afsplun · DLNA · Netvafrí · TimeShift

LISTAVERÐ: **449.900** TILBOÐSVERÐ: **379.900**

SAMSUNG



**STÓRKOSTLEG NÝ
SAMSUNG SJÓNVRÖP**

6000 LÍNAN
**OPNUNAR
TILBOÐ:**

UExxF6475SB:
40" = 199.900
46" = 249.900
55" = 379.900
65" = 699.900
75" = 1.290.000

UExxF6675SB:
40" = 259.900
46" = 319.900
55" = 459.900



Komið og sjáið þetta undratæki!

KYNNING!

**3D-PRENTARI
FYRIR HEIMILIÐ**

Cube® 3D prentari fyrir heimilið. Virkar beint upp úr kassanum. 0,200mm prentnákvæmni. Allt að 16 mismunandi prenttitir.

WiFi þráðlaus tenging við tölvu. Auðveldur hugbúnaður fylgir.

Verbatim

Minniskort og
USB kort

**30%
afsláttur**

Nintendo

Tölvuleikir

**20%
afsláttur**

THRUSTMASTER
Y-250x Xbox360

Heyrnartól



LISTAVERÐ: **19.999** TILBOÐSVERÐ: **14.999**

Hercules

XPS 40 Slim 2.0

Tölvu-
hátalar



LISTAVERÐ: **6.999** TILBOÐSVERÐ: **4.999**

Pioneer
HLJÓMTÆKI

Heyrnartól



Skullcandy

**30%
afsláttur**

ORMSSON



SÍMI 550 4444
WWW.BT.IS

SKEIFAN 11 · SÍMI 530 2800 · WWW.ORMSSON.IS

Tækniframfarir sem gjörbreyta lífi fólks

Í nýrri skýrslu rannsóknarstofnunarinnar McKinsey Global Institute er greint frá tólf tækniframförum sem munu mögulega gjörbreyta lífi, viðskiptum, lífskjörum og mannlífi í heiminum til ársins 2025.


VIÐSKIPTI Þeirri skoðun hefur vaxið ásmegin meðal hagfræðinga síðustu ár að hægst hafi nokkuð á hraða tækniframfara. Hefur þessi kenning verið sett fram til að skýra hvers vegna framleiðni og millistéttarlaun í þróðum ríkjum hafa vaxið mun hægar frá 1980 en hundrað árin þar á undan.

Samkvæmt kenningunni er stærsta framfaraskleiði mannkynsögunnar lokið þar sem mun flóknara sé að stíga næstu framfaraskref en þau sem mannkynið hefur stigið síðustu 200 árin.

Úr þessum jarðvegi sprettur ný skýrsla McKinsey Global Institute (MGI), rannsóknarstofnunar alþjóðlega ráðgjafarfyrirtækisins McKinsey, sem nefnist „Disruptive Technologies: Advances that will transform life, business, and the global economy.“

Í skýrslunni reynir stofnunin að bera kennsl á þær tækniframfarir sem líklegast eru til þess að breyta lífi, viðskiptum og hagkerfum nútímans til ársins 2025. Kemst MGI að þeirri niðurstöðu að andstætt kenningunni sem reifuð var hér að ofan séu ýmsar ástæður til bjartsýni um þá möguleika sem felst í nýrri tækni á næstu tólf árum. Telur MGI að tækniframfarir næstu ára séu klárlega þess megnugar að auka framleiðni og bæta lífskjör um allan heim.

ÁÆTLUÐ HAGRÆN ÁHRIF TÆKNIFRAMFARA ÁRIÐ 2025 Í MILLJÖRÐUM US DOLLARS



Í skýrslu MGI er kastljósinu beint að tólf tækniframförum sem stofnunin telur líklegastar til þess að raska skipan hlutanna í viðskiptum og mannlífi til ársins 2025, þær tækniframfarir sem mikilvægast er fyrir fólk að vera meðvitað um.

Stutta umfjöllun um hverja og eina af þessum tólf tækniframförum má sjá hér að ofan og hér til hliðar en þær eiga það flestar sameiginlegt að vera tengdar upplýsingatækni.

MGI veldur þessum tólf tækniframförum úr hópi hundrað sem komu til greina eftir að hafa farið í gegnum fjölda fræðiritra,

viðskipta- og tæknitímarita og opinber eignasöfn framtaksfjárfestingarsjóða (e. venture capital funds) auk þess að taka viðtöl við hundrað sérfræðinga á ýmsum sviðum.

Eiga þessar tólf tækniframfarir það sameiginlegt að uppfylla fjögur skilyði; tækninni sem um ræðir fleygir fram á mjög miklum hraða, hún getur haft veruleg áhrif á mörgum sviðum, hún getur haft veruleg efnahagsleg áhrif og að lokum geta þau efnahagslega áhrif verið raskandi, þ.e. þau geta búið til nýja markaði eða gjörbreytt öðrum þannig að eldri tækni úreldist.

TÓLF HELSTU TÆKNINÝJUNGARNAR

Háþróuð vélmenni

Sífelld fjölgun vélmanna sem geta ýmist verið búin öflugum skynjurum, þróaðri gervigreind eða miklum hreyfanleika notuð til að vinna sífelld flóknari störf eða til að auðvelda störf manna.

<ul style="list-style-type: none"> Nýlegt og fjölbætt framleiðsluvélmenni sem nefnist Baxter og var þróað af sprotafyrirtækinu Rethink Robotics er 75% til 85% ódýrara en hefðbundnir framleiðslujarkar Selt magn framleiðslujarka jókst um 170% milli 2009 og 2011 	<ul style="list-style-type: none"> 320 milljónir manna vinna við framleiðslustörf 250 milljón stórar skurðaðgerðir eru framkvæmdar á hverju ári 	<ul style="list-style-type: none"> Kostnaður við framleiðslustörf er 6.000 milljarðar USD á ári Kostnaður við stórar skurðaðgerðir er 2.000 til 3.000 milljarðar USD á ári
---------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------	-------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------	----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------

Tölvur taka yfir þekkingarstörf

Greind hugbúnaðarkerfi sem geta framkvæmt einföld þekkingarstörf.

<ul style="list-style-type: none"> Watson-tölva IBM er hundrað sinnum öflugari en Deep Blue-tölva IBM sem sigraði heimsmeistarann í skák árið 1997 Notendum greinds hugbúnaðar* hefur fjölgað um ríflega 500 milljónir á fimm árum 	<ul style="list-style-type: none"> Ríflega 230 milljónir manna vinna við þekkingarstörf Notendur snjallsíma eru 1,1 milljarðar talsins 	<ul style="list-style-type: none"> Kostnaður við þekkingarstörf í heiminum er ríflega 9.000 milljarðar USD
------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------	----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------	---------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------

Næsta kynslóð erfðamengjafræði

Hraðvirk og ódýr greining á erfðaeftirfarum einstaklinga, ofurstór erfðagagnasöfn sem sífelld öflugri tölvur geta unnið úr og aukin geta til að búa til sérhannað erfðaeftirfar.

<ul style="list-style-type: none"> Sá tími sem það tekur að kortleggja erfðamengi helmingast á tíu mánaða fresti fyrir hvern USD Það svæði sem erfðabreyttum fræjum er sáð á hundraðfaldaðist frá 1996 til 2012 	<ul style="list-style-type: none"> Á hverju ári deyja samanlagt 26 milljónir manna úr krabbameini, hjarta- og æðasjúkdómum og sykursýki 2 2,5 milljarðar manna vinna við landbúnað 	<ul style="list-style-type: none"> Kostnaður við heilbrigðisþjónustu í heiminum er 6.500 milljarðar USD á ári Samanlagt virði árlegrar framleiðslu hveitis, hrísgrjóna, máis, soja og byggs í heiminum er 1.100 milljarðar USD
-----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------	------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------	--------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------

Skýjataekni

Háþróaðar tölvur sem keyra hugbúnað eru notaðar eins og þjónusta í gegnum internetið.

<ul style="list-style-type: none"> Hraði netþjóna fyrir hvern USD sem notkun þeirra kostar lækkar um helming á 18 mánuðum Það er þrefalt dýrara að eiga netþjón en að leigja þjónustu netþjóna í gegnum skýið 	<ul style="list-style-type: none"> Notendur tölvupóstþjóna í gegnum ský, til dæmis Gmail, Yahoo og Hotmail, eru 2 milljarðar talsins 80% stofnana í Bandaríkjunum annaðhvort nota netþjónabú eða hyggjast gera það 	<ul style="list-style-type: none"> 1.700 milljarðar USD eru sá hluti landsframleiðslu heimsins sem tengist internetinu beint Á hverju ári verja fyrirtæki heims 3.000 milljarðum USD í upplýsingatækni
---------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------	--------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------	--------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------

Færanlegt internet

Sífelld ódýrari og öflugri færanlegar tölvur með sífelld betri internettengingu

<ul style="list-style-type: none"> Hraðasta ofurtölva í heimi árið 1975 kostaði 5 milljónir USD. iPhone 4-síminn kostar 400 USD í dag og er jafn öflugur. Sölu magn snjallsíma og spjaldtölva hefur sexfaldað frá 2007 	<ul style="list-style-type: none"> Enn eru 4,3 milljarðar manna ekki tengdir internetinu 1 milljarður manna vinna við störf sem færanlegt internet gæti haft veruleg áhrif á 	<ul style="list-style-type: none"> 1.700 milljarðar USD eru sá hluti landsframleiðslu heimsins sem tengist internetinu beint 25.000 milljarðar USD er kostnaður við þau störf sem færanlegt internet gæti haft veruleg áhrif á
------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------	------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------	--------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------

Framfarir í olíu- og gasvinnslu

Nýjar aðferðir við olíu- og gasleit sem og nýjar aðferðir til að vinna olíu og gas sem gera það hagkvæmara að vinna olíu og gas á óhefðbundnum stöðum.

<ul style="list-style-type: none"> Nýtni í bandarískri gasvinnslu þrefaldaðist milli 2007 og 2011 Nýtni í bandarískri olíuvinnslu tvöfaldaðist milli 2007 og 2011 	<ul style="list-style-type: none"> Á hverju ári er unnið gas að jafngildi 22 milljarða tunna af olíu Á hverju ári eru unnar 30 milljarðar tunna af hráolíu 	<ul style="list-style-type: none"> Tekjur vegna sölu á gasi eru 800 milljarðar USD á ári Tekjur vegna sölu á hráolíu eru 3.400 milljarðar USD á ári
-------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------	------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------	-----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------

Skýringar tákna: Hraði framfara

Dæmi um hópa, vörur eða auðlindir sem geta orðið fyrir áhrifum

10

KR.

ELDSNEYTISAFSLÁTTUR
MEÐ ÓB-LYKLINUM

Í DAG

OG

4FALDIR

VILDARPUNKTAR

ICELANDAIR

ALLA HELGINA!

(1.-5. ÁGÚST)

Dæmi: 10.000 kr. áfylling
gefur 600 Vildarpunkta.

Til að safna Vildarpunktum Icelandair með ÓB-lyklinum þarf að hafa hann tengdan Visa Icelandair korti eða American Express vildarkorti. Einnig er hægt að safna punktum með Sagakorti. Nánari upplýsingar um vildarkerfi ÓB eru á ob.is/vildarkerfi



FRAMTÍÐIN Það er erfitt að spá fyrir um hvað framtíðin ber í skauti sér. McKinsey-stofnunin hefur hins vegar gert tilraun til þess í nýrri skýrslu.

Hlutir tengdir internetinu

Vörur og hlutir nýta ódýra nema og rafstýrða virkja sem geta safnað gögnum, sinnt eftirliti, tekið ákvarðanir og hámarkað ferli.

<ul style="list-style-type: none"> Tækjum sem geta tengst við önnur tæki hefur fjölgað um 300% á síðustu fimm árum Verð svokallaðra MEMS-skyngjara hefur lækkað um 80% til 90% á síðastliðnum fimm árum 	<ul style="list-style-type: none"> Fjöldi hluta sem tengja mætti við internetið í geirum á borð við flutninga, framleiðslu, heilbrigðisþjónustu og námavinnslu er 1.000 milljarðar 	<ul style="list-style-type: none"> Rekstrarkostnaður í þeim geirum sem gætu breyst mest: framleiðslu, heilbrigðisþjónustu og námavinnslu, er 36.000 milljarðar USD
---------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------	---------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------	-----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------

Bílar sem keyra sig sjálfir

Bílar sem geta keyrt án manns við stýrið.

<ul style="list-style-type: none"> Árið 2004 gat sigurvegarinn í DARPA Grand Challenge keppni bíla sem keyra sig sjálfir keyrt 7 mílur af 150 mílna braut Árið 2005 keyrðu allir bílarnir í DARPA Grand Challenge samanlagt 1.540 mílur Google hefur nú próað bíl sem keyrir sig sjálfur og hefur samanlagt keyrt ríflega 300.000 mílur. Google-bíllinn hefur lent í einu slysi en það orsakaðist af manlegum mistökum. 	<ul style="list-style-type: none"> Í heiminum er einn milljarður bíla Í heiminum eru 450.000 flugvélar 	<ul style="list-style-type: none"> Tekjur í blageiranum á heimsvísu eru 4.000 milljarðar USD Tekjur vegna sölu á flugvélum eru 155 milljarðar USD
----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------	--------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------	---------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------

Næsta kynslóð orkugeymsla

Síffellt betri tæki eða kerfi sem geyma orku, þar með taldar rafhlöður.

<ul style="list-style-type: none"> Verð lípín-jóna rafhlöðna í rafbíla hefur lækkað um 40% frá 2009 	<ul style="list-style-type: none"> Í heiminum er einn milljarður bíla Enn eru 1,2 milljarðar manna án aðgangs að rafmagni 	<ul style="list-style-type: none"> Tekjur vegna neyslu á olíu og dísel eru 2.500 milljarðar USD á ári Áætlað virði þess að veita rafmagn til þeirra heimila sem eru enn án þess er 100 milljarðar USD
--------------------------------------------------------------------------------------------------------------------	---------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------	-------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------

Prívíddarprentun

Framleiðsla á vörum sem byggir á því prenta lög hvert ofan á annað eftir þrívíddum tölulíkönunum

<ul style="list-style-type: none"> Verð þrívíddarprentara fyrir heimili hefur lækkað um 90% á fjórum árum Tekjur vegna framleiðslu með þrívíddarprenturum hafa fjórfaldast á áratug 	<ul style="list-style-type: none"> 320 milljónir manna vinna við framleiðslu Á hverju ári eru 8 milljarðar leikfanga framleiddir í heiminum 	<ul style="list-style-type: none"> 11.000 milljarðar USD eru sá hluti landsframleiðslu heimsins sem byggir á framleiðslu Tekjur vegna sölu á leikföngum í heiminum eru 85 milljarðar USD á ári
-------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------	---------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------	------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------

Háþróuð efni

Sérhönnuð efni sem eru ofursterk, ofurlétt, ofurgóðir leiðarar og svo framvegis.

<ul style="list-style-type: none"> 1 gramm af nanóörum kostaði 1.000 USD fyrir tíu árum en kostar 50 USD í dag Nanórör úr kolefni eru 115 sinnum sterkari en stál sem hlutfall af eigin byngd 	<ul style="list-style-type: none"> Jarðarbúar nota 7,6 milljón tonn af kísli á hverju ári Jarðarbúar nota 45.000 tonn af koltrefjum á ári 	<ul style="list-style-type: none"> Tekjur vegna sölu á hálfleiðurum eru 1.200 milljarðar USD á ári Tekjur vegna sölu á koltrefjum eru 4 milljarðar USD á ári
-----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------	-------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------	--------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------

Endurnýjanleg orka

Orkuframleiðsla sem byggir á endurnýjanlegum orkugjöfum.

<ul style="list-style-type: none"> Kostnaður við að framleiða eitt watt með sólarrafhlöðu hefur lækkað um 85% frá árinu 2000 Framleiðslugeta sólarraforkuvera og vindraforkuvera í heiminum hefur nítjánfaldast frá árinu 2000 	<ul style="list-style-type: none"> Á hverju ári nýta jarðarbúar 21.000 terawattstundir af rafmagni Rafmagnsframleiðsla losar 13 milljarða tonna af koltvísýringi út í andrúmsloftið á hverju ári 	<ul style="list-style-type: none"> Virði árlegur rafmagnsnotkunar mannkyns er 3.500 milljarðar USD Markaðsvirði losunarheimilda koltvísýrings er 80 milljarðar USD
--------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------	--------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------	--------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------

Dæmi um verðmæti sem gætu orðið fyrir áhrifum

* Til dæmis Siri og Google Now.

10 KR.

ELDSNEYTISAFSLÁTTUR
MEÐ OLÍS-LYKLINUM, STAÐGREIÐSLU-
OG TVENNUKORTI OLÍS

Í DAG

OG

4FALDIR

VILDARPUNKTAR

ICELANDAIR

ALLA HELGINA!

(1.-5. ÁGÚST)

Dæmi: 10.000 kr. áfylling
gefur 600 Vildarpunkta.

Til að safna Vildarpunktum Icelandair með Olís-lyklinum þarf að hafa hann tengdan Visa Icelandair korti, American Express vildarkorti eða Einstaklingskorti Olís. Einnig er hægt að safna punktum með Sagakorti. Nánari upplýsingar um vildarkerfi Olís eru á olis.is/vidskiptakort/vildarkerfi

„Planið“ gengið vonum fram

Aðgerðaráætlun Orkuveitu Reykjavíkur hefur skilað um 2,5 milljörðum króna umfram það sem markmið gerðu ráð fyrir. Fyrirtækið hefur fækkað starfsmönnum um rúmlega þriðjung á tveimur árum og aukið tekjur um tæpa fjóra milljarða króna með gjaldskrárhækkunum.

Aðgerðaráætlun Orkuveitu Reykjavíkur, sem kynnt var við lok vetrar árið 2011, til þess að bæta rekstur og starfsemi fyrirtækisins hefur gengið vonum fram ef marka má greiningu Arion banka. Áætlunin ber nafnið Planið og er henni ætlað að hagræða í rekstri og starfsemi Orkuveitunnar til þess að mæta fjárþörf félagsins. Fjárþörfin var metin 50 milljarðar króna á árunum 2012 til 2016, en Orkuveitan varð fyrir verulegu höggi þegar krónan veiktist eftir hrun þar sem nær allar skuldir félagsins voru gengistryggðar í erlendri mynt.



BJARNI BJARNASON

Planið innheldur hagræðingar- og sparnaðaraðgerðir sem eiga að brúa fjárþörf fyrirtækisins að fullu til loka ársins 2016. Í dag er Planið búið að skila um 28 milljörðum króna sem er tæplega 2,5 milljörðum króna umfram það sem áætlað var á þessum tímapunkti.

Hagræðingaraðgerðir félagsins hafa verið umfangsmiklar á síðustu tveimur árum en fyrirtækið hefur meðal annars fækkað starfsmönnum um rúman þriðjung, hækkað gjaldskrá sína og selt eignir. „Við höfum lagst í djúpa greiningarvinnu á öllum

Orkuveitunni blæddi því í gegnum margar þeirra eigna sem nú hafa verið seldar.

Bjarni Bjarnason, forstjóri Orkuveitunnar

þáttum starfsemi fyrirtækisins til þess að gera hana skilvirkari og betri,“ segir Bjarni Bjarnason, forstjóri Orkuveitunnar, og bætir við að þjónusta fyrirtækisins hafi þó ekki versnað vegna hagræðingarinnar, heldur þvert á móti.

„Það var mjög mikilvægt að skilgreina hvert raunverulegt hlutverk fyrirtækisins er,“ segir Bjarni og bendir á að Orkuveitan sé fyrst og fremst þjónustufyrirtæki með veitustur. Hann segir að það hafi verið mikilvægt að einfalda reksturinn og sníða hann að því hlutverki.

Rekstrarkostnaður fyrirtækisins hefur lækkað mjög hratt og tekjur þess vegna gjaldskrárhækkunar hafa aukist um tæpa fjóra milljarða króna á síðustu tveimur árum, sem er um 800 milljónum króna umfram það sem áætlun gerði ráð fyrir.

Fyrirtækið hefur einnig ráðist í sölu á eignum og seldi meðal annars Perluna til Reykjavíkurborgar. „Sumar eignir fyrirtækisins voru baggi á rekstrinum og sem dæmi var kostnaður við Perluna um 80 til 90 milljónir á ári. Orku-



REKSTRARKOSTNAÐUR LÆKKAÐUR Með „stóra planinu“, sem meirihlutinn sem tók við eftir síðustu borgarstjórnarkosningar réðst í hefur starfsmönnum Orkuveitunnar verið fækkað úr 607 manns í 390 og hefur fyrirtækið einnig fækkað bílum um 100. Á myndinni má sjá Dag B. Eggertsson, formann borgarráðs, Jón Gnarr borgarstjóra, Bjarna Bjarnason forstjóra og Heiðu Kristínu Helgadóttur, framkvæmdastjóra Besta flokksins.

FRÉTTABLAÐIÐ/PIETUR

veitunni blæddi því í gegnum margar þeirra eigna sem nú hafa verið seldar,“ segir Bjarni sem er alls hugar feginn að búið sé að stöðva þá blæðingu.

Bjarni segir að gott gengi Plansins auki líkur á að fyrirtækinu takist að mæta fjárþörf næstu

ára og komast á lygnan sjó. „Við þurftum verulega á þessari hagræðingu að halda til þess að geta mætt skuldbindingum okkar. Það lítur vel út og árangurinn hefur skilað sér, betur og meira en menn þorðu að vona.“

lovisa@frettabladid.is

800

Tekjur Orkuveitunnar hafa aukist um fjóra milljarða á tveimur árum, 800 milljónum meira en ráð var fyrir gert.

Þetta er „Hamborgari í sparifötum“

Uppskrift sem komst í úrslitakeppni hamborgaraleiks Íslandsnauts

Þú finnur hann ásamt 23 öðrum girnilegum hamborgarauppskriftum á islandsnaut.is



Hafðu það gott í sumar og **grillaðu 100%** íslenskt nautakjöt

Fæst í:

BONUS

HAGKAUP
Skemmtilegast að verja

Fáðu uppskriftina beint í símann þinn





SÍÐUSTU DAGAR

ÚTSÖLUNNAR



20-70% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM
VÖRUM Í VERSLUNUM THE PIER
VIKUNA 1.-7. ÁGÚST

the
PIER

Einn lögreglubíll í Árnassýslu:

Þrjár lögregluþjónar á vakt

Í fréttum okkar á Stöð 2 í vikunni kom fram að á venjulegri vakt í Árnassýslu verða aðeins þrjár lögregluþjónar í haust. Fimmtán þúsund manns búa á svæðinu auk þess sem þar eru um sex þúsund sumarbústaðir og tvö fangelsi. En þrátt fyrir fögur fyrirheit um annað halda stjórnvöld áfram að skera niður til löggæslumála.

Fyrir rétt rúmum fjórum mánuðum kynnti þáverandi innanríkisráðherra, Ögmundur Jónasson, skýrslu þar sem það var fullyrt að niðurskurður síðustu ára hefði gengið allt of langt. Þar kom skýrt fram að auka þarf útgjöld til löggæslumála um 3,5 milljarða á ári á þessu kjörtímabili. Lögreglumenn fögnuðu skýrslunni og hugsuðu sér gott til glóðarinnar, nú yrði loksins hlustað á ábendingar þeirra, en samt fáum við fréttir af frekari niðurskurði.

Theódór Þórðarson, yfirlögregluþjónn í Borgarnesi, tekur undir með kollegum sínum í Árnassýslu og segir ástandið brothætt. Umdæmið þar er átta þúsund ferkílómetrar og hann og hans fólk reynir að tryggja öryggi íbúanna á einum lögreglubíll. Theódór segir að kunnarnir kvarti ekki: „Þá ég við þá sem eru að keyra ölváðir eða undir áhrifum annarra vímuefna, þeir kvarta náttúrulega ekkert þó við höfum ekki upp á þeim.“ Og Theódór spyr, með réttu, hvort það sé þannig sem við viljum hafa það!

Það hefur áður verið skrifað hér að verkefni ríkisvaldsins númer eitt sé sundum sagt vera að tryggja öryggi íbúanna. Ekki er hægt að sjá að við séum að forgangsraða rétt þegar það hefur þegar komið fram að fjölga þurfi lögreglumönnum um allt land en ekki fækka. Í fyrrnefndri skýrslu var því haldið fram að fjölga þurfi lögreglumönnum um 60 á ári næstu fjögur árin.

Ástandið virðist slæmt um allt land. Stór umdæmi þurfa oft að láta sér nægja að vera með einn lögreglumann á kvöldvakt. Á sama tíma hefur orðið sprenging í fjölda ferðamanna og verkefni lögreglu fleiri og flóknari. Enda var Snorri Magnússon, formaður Landsambands lögreglumanna, bjartsýnn í vor þegar skýrslan kom út og sagði hana eitt mesta framfaraspor sem stigið hefði verið í skipulagningu löggæslumála síðustu ár, ef ekki áratugi. Þó mátti greina hjá honum ákveðnar efasemdir um að farið yrði eftir ráðleggingum skýrsluhöfunda.

Nýr innanríkisráðherra, Hanna Birna Kristjánsdóttir, sagði í samtali við fréttastofu Stöðvar 2 að hún teldi ástandið ótækt. Hún lofaði engu beint en á henni mátti heyra að hún ætlaði að ganga í málið og jafnvel stöðva þann niðurskurð sem er væntanlegur nú 1. september. Við verðum að trúna því og treysta. Hanna Birna er skelegg en hún þarf að gera gott betur en stöðva þann niðurskurð sem nú er væntanlegur. Við þurfum að horfast í augu við að næstu fjögur árin þarf lögreglan 14 milljarða aukalega. Ef ekki þá mun ríkisvaldið ekki geta sinnt þeirri frumskyldu að tryggja öryggi íbúanna.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGAUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGAUFUSTJÓRI: Ari Ewald RITSTJÓRAR: Ólafur P. Stephensen olafur@frettabladid.is, Mikael Torfason mikael@frettabladid.is Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

HRÍFANDI!

Ærlegi lærlingurinn



Eftir höfund metsölubókarinnar Viltu vinna milljarð?

Hröð og spennandi saga um Indland nútímans

www.forlagid.is
– alvöru bókabúð á netinu

FRÁ DEGI TIL DAGS

Sigur fyrir upplýsingafrelsið
Birgitta Jónsdóttir var að vonum fegin í gær þegar í ljós kom að Bradley Manning, uppljóstrari Wikileaks, hefði verið fundinn sýkn af því að hafa aðstoðað óvini Bandaríkjanna með því að leka gögnum. „Þetta er mikill sigur fyrir upplýsingafrelsið,“ sagði Birgitta og kvæðst „rosalega ánægð með þetta“. Og það er kannski ekki skrytið að fólk sem kom að úrvinnslu gagnanna sem Manning stal sé ánægð með að hann eigi ekki yfir höfði sér lífstíðarfangelsisdóm. Gleymum samt ekki að hann var fundinn sekur af öllum hinum ákærulíðunum



og gæti þurft að dúsa í fangelsi í áratugi.

Áfall fyrir rannsóknarblaðamenn

Enda var það svo að á sama tíma og Birgitta lýsti yfir gleði sinni voru samtök fréttamanna víðs vegar um heiminn í óða önn við að klambra saman yfirlýsingum um það dómurinn yfir Manning væri áfall fyrir rannsóknarblaðamennsku í heiminum og fordæma niðurstöðuna. Svo er spurning hvort hægt sé að líta á eitthvað sem áfall fyrir rannsóknarblaðamennsku en sigur fyrir upplýsingafrelsið á sama tíma.



Ekki nokkurt einasta vit
Vigdís Hauksdóttir, formaður fjárlaganefndar, var í útvarpinu í gær að tala um nýjan Landspítala. Hún vill ekki reisa hann og sagði þetta um málið: „Að fara að byggja hér nýjan steinsteypukubb upp á 60-80 milljarða á meðan starfsfólk er að ganga út af Landspítalanum – það er ekki nokkuð einasta vit í því.“ Það er einmitt mjög líklegt til að auka ánægju íslensks heilbrigðisstarfsfólks að hætta við að reisa því nýja og bætta starfsaðstöðu. Þá fyrst hættir flóttinn til Noregs.

stigur@frettabladid.is

HALLDÓR



Dagurinn sem Dúlla dó

SAMFÉLAG



Sólveig Jónsdóttir stjórnmaláfræðingur

Fyrir ári síðan sat ég á litlum veitingastað í Srebrenica í Bosnía. Við vorum tvö, ég og Hasan sem lifði af fjöldamorðin í Srebrenica sautján árum áður. Hitastigið kitlaði þrjátíu gráðurnar og sólin skein. Vertinn kom askvaðandi, feitlaginn og hláturmildur. Hann hét Abdoullah en var alltaf kallaður Dúlla. Með hvítt, vel greitt hár, nýrakaður og stórt ör framan á hálsinum. Dúlla faðmaði Hasan, tók niður pöntunina okkar og hvarf inn í eldhús. „Hann dó einu sinni,“ útskýrði Hasan. Dúlla hengdi sig þegar Srebrenica féll í stríðinu af ótta við að hljóta sömu örlög og yfir 8.000 menn og drengir sem teknir voru af lífi. Hasan hafði sjálfur velt því fyrir sér að svipta sig lífi en Dúlla sannfærte hann um að það væri ekki rétta leiðin. „Og svo gerði hann það bara sjálfur.“ Hasan skar Dúlla niður úr snörunni og kom honum til meðvitundar. Báðir komust þeir lífs af frá Srebrenica en Hasan missti alla fjölskyldu sína, Dúlla syni sína tvo og föður. Það var í júlí fyrir tæpum tveimur áratugum. Hitastigið kitlaði þrjátíu gráðurnar og sólin skein. Þetta er saga af sárum raunveruleika. Aldrei aftur er orðið slagorð fyrir viðbrögð alþjóðasamfélagsins eftir að þjóðarmorð hafa verið framin. Þjóðernis-

→ Við þurfum að hlusta, láta okkur málið varða og bregðast við núna til að gera Aldrei aftur að raunhæfum möguleika. Þangað til munu þessir atburðir gerast aftur og aftur.

hreinsanir í Bosnía, Rúanda og Darfúr áttu sér stað fyrir minna en tuttugu árum og vöktu hörð viðbrögð um allan heim. Alþjóðasamfélagið tók skýra afstöðu gegn óréttlæti og árásum á saklausa borgara. En alltaf of seint. Alltaf eftir að hörmungarnar höfðu dunið yfir. Enn á ný fáum við fregnir af mannfalli og hörmungum, nú í Sýrlandi.

„Það versta var að okkur fannst enginn hlusta og öllum vera sama um það sem var að gerast,“ sagði Hasan. Við þurfum að hlusta, láta okkur málið varða og bregðast við núna til að gera Aldrei aftur að raunhæfum möguleika. Þangað til munu þessir atburðir gerast aftur og aftur. Þangað til munu liðnar hörmungar halda áfram að bergmála í sárum raunveruleika samtímans.

Friðlýsing minksins

Rétt fyrir kosningar lufs- aðist gamla ríkisstjórnin til þess að samþykkja endurskoðun laga um dýravelferð, þar er sú byltingarklausa að dýr séu skyni gæddar verur en ekki skynlausar skepnur. Ekki má lengur gelda grísi deyfingarlaust og klippa af þeim halann og rífa úr þeim tennurnar. Ha?...

DÝRAVERND



Ófeigur Sigurðsson
rithöfundur

Nú geta þeir sem ekki vilja borða verksmíðjuframleidd dýr valið vistvænan landbúnað, en þó er það nú svo að það sem heitir á Íslandi vistvæn framleiðsla á til dæmis svínakjöti þýðir að svínin sjá aldrei sólina og koma aldrei út undir bert loft áður en þeim er slátrað í gasklefa; þetta kjöt er hægt að nálgast eftir krókaleiðum og er rándýrt; hin svokölluðu vistvænu svín éta meira af efna-blönduðum sláturhúsaúrgangi frá minkabúum og makrílbræðslum og svínabúum, en hrein svínafita þykir fyrsta flokks svínafóður bæði hér og í Danmörku. Vistvænu svínin enda í gasklefanum eins og hver önnur svín í verksmíðjubúunum.

Vandamál í mannheimi

Hvernig eigi að aflífa hefur lengi verið vandamál í mannheimi. Er það hnífurinn, helgríman, rafmagníð eða gasíð? Hvað er mannúðlegast? Á minkabúum leysir svokallaður dauðakassi þetta vandamál, það er þéttur kassi með slöngu sem tengd er við dráttarvélarmótor, dýrin eru tekin úr ævilangri inniveru sinni í níðþröngum vírgrindarburum og hrúgað ofan í þennan dauðakassa

og kæfð með útblæstri vélarinnar. Þetta heitir umhverfisvæn búgrein. Svo eru dýrin fláð, skinnin fara á markað og knýja hjól atvinnulífsins og húðlausu hræjunum er ekið á vistvænu svínabúin og knýja sjálft lífið áfram.

Frá og með næstu áramótum verður bannað að drekkja öllum dýrum nema minkinum, Alþingi gat ekki annað en samþykkt að löglegt væri að drekkja minkum enda myndu annars margir ríkisstarfsmenn missa vinnuna sína við að drekkja þeim. Íslendingar líta svo á að öll dýr séu skyni bornar verur nú til dags nema minkurinn, hann er alltaf rétttræpur með hvaða aðferðum sem er, því hann slapp úr útrýmingarþúðunum og er aðskotadýr í íslenskri náttúru og honum ber að geyða.

Nú er ætlun að reisa stærsta minkabú landsins í hinum frjóa bæ Þorlákshöfn þar sem í kjölfar fréttar um hámarksverðs á minkaskinum var farið í ákafa hugmyndavinnu. En hvert liggur leið af toppnum nema niður á við í endalausri fjallgöngu markaðarins? Hefði ekki verið gáfulegra að byggja Helvíti í Þorlákshöfn fyrir minkana þegar markaðsverðið var í sögulegu lágmarki svo leiðin lægi að minnsta kosti eitthvað upp á við þegar loðdýrabændur, sem eru í raun engir bændur, heldur böðlar, þegar loðdýraböðlarnir fara að troða gyðingunum í dauðakassann?

Á réttri leið?

Á meðan Vestur-Evrópuþjóðir banna loðdýrarækt með lögum

→ Að mínum dómi ætti að friða minkinn og refinn og bjóða minkamorðingjum og refamorðingjum Ríkisins listamannalaun til þess að miðla reynslu sinni með listrænum hætti ...

vegna siðleysis greinarinnar gera íslensk stjórnvöld sér vonir um að Kínverjar komi hingað til þess að kenna okkur að kvelja dýr í áður óþekktu magni. Erum við á réttri leið hérna? Minkurinn er svo sannarlega skyni fædd og skyni gædd skepna, ekkert dýr hefur aðlagast íslenskri náttúru jafnvel og minkurinn, hann er fæddur fyrir Ísland, í raun ætti minkurinn að verða táknmynd Íslands sem tækifærissinnaður vargur. Sosum ekki ólíkur fálkanum í eðli sínu.

Ef það er of stórt skref inn í nútímann mætti gera refinn að táknmynd Íslands á okkar þjóðmenningarlegu tímum, rebbi er fyrsti landneminn með spena. Þeir sem lifa á spena Ríkisins ættu að vera ánægðir með það. Að mínum dómi ætti að friða minkinn og refinn og bjóða minkamorðingjum og refamorðingjum Ríkisins listamannalaun til þess að miðla reynslu sinni með listrænum hætti til okkar hinna sem vitum lítið um grimmd þessara skaðvalda. Og ef minkurinn og refurinn drepa þá alla fugla landsins og éta öll lömbin og eyðileggja allt sem miður fer úti á landi, þá bara gera þeir það. Þann dag munu þeir verða uppiskroppa með fæðu og útrýmast af sjálfu sér og öllum verður að ósk sinni.

Internetið, einelti og skaðabætur

Í nútímasamfélagi kennum við börnunum okkar að til-einka sér og nota tölvur og tölvubúnað sér til framdráttar í framtíðinni. Við horfum upp á foreldra okkar, afa og ömmur, sem mörg hver eru jú fulltölvulæs, sitja fyrir framan tölvurnar eins og þær séu geimskip. Þetta fólk horfir síðan með endalausri aðdáun á 3-4 ára barnabarnið sitt spila tölvuleiki í iPad eins og það hafi aldrei gert neitt annað. Já, nútíminn er skemmtilegur. Eggið kennir hænuna á við um svo gríðarlega margt. Það er einmitt mergurinn málsins. Börnin okkar verða með tímanum klárari en við á tölvur og internetið. Það kemur að því að við hættum að skilja hvað þau eru að gera og hvað þau geta gert. Þá kemur uppeldið sterkt inn og þá sérstaklega hvort börnin okkar séu fær um að finna til samkenndar með náunganum. Það er nefnilega staðreynd að vel upp-alin börn verða ekki að tröllum og skrímslum á internetinu.

SAMFÉLAG



Friðjón B. Gunnarsson
framkvæmdastjóri

→ Ferlið er kostnaðarsamt fyrir þolendur og gerendur.

uppeldi. Ef foreldrar geta ekki alið börnin sín upp og kennt þeim samkennd með náunga sínum verður alltaf einelti í skólum, á vinnustöðum og á internetinu. Þolendur neyðast þá til þess að grípa inn í og leita réttar síns. Það er gert með aðstoð lögmanna og hugsanlega dómstóla.

Ferlið er kostnaðarsamt fyrir þolendur og gerendur. Líklega er kostnaður við meiyrdómál um þrjár milljónir króna fyrir þolanda sem breytist þá í stefnanda. Dæmigerðir dómur í slíkum málum fela í sér að stefnanda eru dæmdar skaðabætur og greiðsla málskostnaðar. Dómurinn metur hins vegar lögfræðipjónustu eftir eigin verðskrá og dæmir iðulega um 800.000 kr. sem málskostnað og hæfilegar skaðabætur teljast vera um 300.000 kr. Stefnandinn þarf því að kosta til 1,9 milljón króna úr eigin vasa til þess að verja æru sína. Ljóst er að ekki eru allir færir um það. Einn ágætur hæstaréttarlögmaður spurði Hæstarétt fyrir ekki svo löngu síðan að því hvaða verðmat rétturinn setti á eigin æru, er hann hvatti réttinn til þess að íhuga hve léttvægar 300.000 króna miskabætur eru miðað við alvarleika brotsins. Ég vona að samkenndin sem við búum vonandi öll yfir muni sigrá tröllin og myrkrið sem þau valda sálartetri þolandans, sama á hvaða aldri hann er.

Samkennd er lykilorð

Samkennd er lykilorð þegar kemur að tjáningu fólks á internetinu. Ef þú getur sett þig í spor annarra og fundið til með þeim, þá er ólíklegt að þú meirir viðkomandi með orðum þínum á internetinu. Því miður er það svo að börn á öllum aldri virðast sneidd allri samkennd og vaða áfram undir dulnefnum á spjallsvæðum internetsins dæmandi allt og alla, meidandi og niðurrífandi. Slíku verður aðeins mætt með

ERTU KLÁR FÜRIR HELGINA?





LAMBALERI
BLÁBERJAKRYDDAÐ
1.494
ÁÐUR 1.698 KR/KG

LAMBAGRILLSNEIÐAR
ÞURRKRYDDAÐAR, SALT&PIPAR

1.791

ÁÐUR 2.559 KR/KG

afsláttur
30%



coop

✓ Grillkol 2,5kg 589 kr. ✓ Uppkveikilögur 1l 589 kr.
✓ Einnota Grill 600g /45 mínútur 398 kr.



CAFÉ LIEGE. KAFFIPÚÐAR
KOFFEINL. /MAGNIF. 18STK

396

ÁÐUR 489 KR/PK

CAFÉ PREM. KAFFIPÚÐAR
REGULAR/STRONG 36STK

396

ÁÐUR 498 KR/PK



VATNSMELÓNA
FERSK & FRÍSKANDI

125

ÁÐUR 249 KR/KG

afsláttur
50%



JUBBLY FROSTPINNAR
COLA/APPELSÍNU/JARÐARBERJA

248

ÁÐUR 359 KR/PK

afsláttur
31%



COCA COLA 4X2L KIPPA
OG CAPRITVENNA

1.196



Tilboðin gilda 01. - 05. ágúst

Tilboðin gilda meðan birgðir endast. | Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. | Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

Opnunartímar

á frídegi Verslunarmanna - 5.ágúst

Nettó Egilsstaðir	10.00-18.00
Nettó Akureyri	Lokað
Nettó Borgarnes	Lokað
Nettó Grindavík	Lokað
Nettó Hverafold	Lokað
Nettó Höfn	10.00-18.00
Nettó Salavegi	Lokað
Nettó Mjódd	Lokað
Nettó Reykjanesbær	Lokað
Nettó Selfoss	10.00-20.00
Nettó Grandi	dag og nótt

nettó

Góða helgi!

NAUTABORGARAR
M/BRAUÐI 4X90GR

694

ÁÐUR 798 KR/PK



GOÐI



ST.VÆNGIR Í FÖTU
800GR.

589

ÁÐUR 879 KR/FATAN

afsláttur

33%



Matur og Mörk

...álveg ekta

KARTÖFLUSALAT 500 GR.
MATUR OG MÖRK

389

ÁÐUR 469 KR/STK

HRÁSALAT 380 GR.
MATUR OG MÖRK

257

ÁÐUR 329 KR/STK

COCA COLA 6X330ML
DIET EÐA VENJULEGT

448

ÁÐUR 498 KR/PK



OPNUM NÝJA & GLÆSILEGA VERSLUN NETTÓ GRANDA FÖSTUDAG KL. 13:00

nettó
lágt verð dag & nótt

netto.is

Tilboðin gilda meðan birgðir endast. | Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. | Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

„Afsakið hlé“ – Sagan af Möltu

Nú þegar ljóst er að gert hefur verið formlegt hlé á aðildarviðræðum Íslands og Evrópusambandsins velta margir því fyrir sér hvaða þýðingu það hafi – hvort raunhæft sé að hefja viðræðurnar að nýju ef aðstæður breytast.

Sagan sýnir að það er vel mögulegt að gera hlé á aðildarviðræðum og snúa aftur sterkari til leiks. Fátt ætti að vera því til fyrirstöðu að Ísland geti tekið upp þráðinn í aðildarviðræðum við ESB seinna og í öðru tómi sem hentar bæði Íslendingum og Evrópu betur. Aðildarferli Möltu er gott dæmi um slíkt og vert að skoða þá sögu nánar. Malta er eins og Ísland eyja á jaðri álfunnar. Þar skipti

EVROÐUMÁL



Guðbjörg Oddný Jónasdóttir stjórnáfræðingur

almenningur sér í tvær nokkuð jafnar fylkingar með og á móti inngöngu í ESB. Saga og menning Möltu hefur verið samofin Evrópu frá órófi alda en þrátt fyrir það var þjóðin ekki tilbúin að taka skrefið til fulls fyrr en árið 2003 þegar innganga var samþykkt með þjóðaratkvæði. Það var síðan í maí 2004 sem Malta gekk formlega inn í sambandið ásamt níu

öðrum ríkjum.

Aðildarferli landsins var þyrnum stráð og varði í 14 ár með fjögurra ára hléi. Malta sótti fyrst um aðild að ESB árið 1990 undir stjórn Þjóðernisflokksins og var í aðildarviðræðum við sambandið í sex ár, eða þar til Verkamannaflokkurinn

kom til valda árið 1996. Þá var gert formlegt hlé á aðildarviðræðunum því formaður Verkamannaflokksins taldi betra að gera fríverslunarsamning við ESB en að ganga alla leið með aðild.

Sterkari að samningaborðinu

Þetta hlé varði í tvö ár, eða þangað til Þjóðernisflokkurinn komst aftur til valda og fyrsta verk nýrrar ríkisstjórnar var að taka ákvörðun um að endurvekja aðildarviðræðurnar. Árið 2000 hófust formlegar aðildarviðræður aftur milli Möltu og ESB. Aðildarsamningurinn var tilbúinn árið 2003 og var sama ár haldin þjóðaratkvæðagreiðsla eins og kjósendum hafði verið lofað.

Rétt riflega helmingur maltneskra kjósenda, eða 53%, samþykkti aðildarsamninginn og 47%

voru á móti. Stuttu seinna voru haldnar þingkosningar þar sem Þjóðernisflokkurinn, sem barist hafði fyrir inngöngu í ESB frá árinu 1979, hafði betur með naumindum, eða 52% atkvæða. Þegar ljóst var að Maltverjar myndu ganga í ESB féll Verkamannaflokkurinn frá skýrri andstöðu sinni gegn aðild að sambandinu. Þar sem flokkurinn hafði ævinlega lagt áherslu á að skorið yrði úr um aðild að ESB með almennum kosningum átti hann auðveldara með að réttlæta þessa breytingu á afstöðu sinni.

Möltu hefur vegnað vel innan ESB og eru landsmenn almennt sáttir við að eiga aðild að sambandinu. Engar formlegar heimildir eru til um það hvort ráðamenn eða ríkisstjórn Möltu hafi verið

→ Við getum hæglega nýtt okkur reynslu og sögu Maltverja, sest aftur að samningaborðinu ef svo ber undir.

aðhláturfefni vegna aðildarferlisins þó að á ýmsu hafi gengið í þeirra ranni. Þvert á móti voru þeir taldir mæta sterkari að samningaborðinu eftir fjögurra ára hlé.

Við getum hæglega nýtt okkur reynslu og sögu Maltverja, sest aftur að samningaborðinu ef svo ber undir og nýtt þannig það mikla og góða starf sem hefur verið unnið við aðildarviðræðurnar. Það er óþarfi að láta hræðslu við viðhorf annarra þjóða koma í veg fyrir að íslenska þjóðin geti kosið um hvort hún vilji áframhald viðræðna eins og henni hefur verið lofað.

Manntalið 1703 er komið á skrá UNESCO

Einn mesti dýrgripur í Þjóðskjalasafni Íslands er manntal sem tekið var hér á landi árið 1703. Í daglegu tali kallað Manntalið 1703. Manntalið var tekið að beiðni Danakonungs og var hluti mikillar úttekta á högum Íslendinga. Nú hafa þau tíðindi orðið að Mennta-, vísinda- og menningarstofnun Sameinuðu þjóðanna, UNESCO, hefur fallist á umsókn Þjóðskjalasafns þess efnis að Manntalið 1703 verði skráð á lista UNESCO Memory of the World Register. Á þennan lista komast einungis skjöl sem hafa þýðingu fyrir allt mannkyn.

MENNING



Eiríkur G. Guðmundsson þjóðskjalavörður

→ Skráning Manntalsins 1703 á lista UNESCO Minni heimsins er mikil tíðindi og kærkomin viðurkenning.

er kleift að greina samfélagsgerð og fjölskyldugerð hér á landi á traustari grunni og af meiri nákvæmni en annars staðar. Nú má fullyrða að staðfest hafi verið að Manntalið 1703 hafi ekki einungis mikla þýðingu fyrir okkur Íslendinga heldur er það mikilvægt framlag til heimsmenningarinnar.

Langur aðdragandi

Undirbúningur að umsókninni hófst árið 2002 þegar hafist var handa við að rannsaka frumskjöl-in og skrá einkenni þeirra nákvæmlega. Manntalið er skráð í alls 92 stakar bækur eða hefti. Sú lengsta úr Snæfellsnessýslu og er sú bók rúmlega 100 blaðsíður. Hefti úr stökum hreppum geta verið örfáar síður. Auk þess tilheyra manntalinu 41 stakur miði eða blöð. Alls er manntalið 1709 blaðsíður. Umsókn um upptöku manntalsins á Minni heimsins var samín á fyrri hluta árs 2012 og send til UNESCO.

Mikilvæg viðurkenning

Skráning Manntalsins 1703 á lista UNESCO Minni heimsins er mikil tíðindi og kærkomin viðurkenning á sérstöðu og mikilvægi þessarar einstöku heimildar. Þetta á að vera allri þjóðinni fagnaðarfeni, enda enn ein viðurkenning þess að Íslendingar eiga afar mikilvægar og merkilegar heimildir um samfélag sitt, ritheimildir sem finnast ekki hjá öðrum þjóðum. Þetta gerir okkur kleift að rannsaka sumt í sögu okkar og samfélagi með meiri nákvæmni en aðrir geta gert.

Framlag til heimsmenningar

Sérstaða manntalsins 1703 felst í því að það er elsta manntal í heiminum sem varðveist hefur og nær til allra íbúa í heilu landi þar sem getið er nafns, aldurs, heimilisfangs flestra og þjóðfélags- eða atvinnustöðu allra þegnanna. Enginn önnur þjóð í heiminum á jafnnákvæmar lýðfræðiupplýsingar frá þessum tíma. Á grundvelli þessara upplýsinga

Nýjar skyldur

Að hafa ritheimild á lista Sameinuðu þjóðanna yfir menningarverðmæti heims færir okkur nýjar skyldur. Fyrst og fremst þær að varðveita umrædda heimild með öruggum hætti og veita öllum aðgang að henni. Þá verður aðgengi allra tryggt með því að birta stafræn afrit af manntalinu á vefnum. Það verður gert síðar á þessu ári. Jafnframt verða frumskjöl-in sett fram almenningi til sýnis í Þjóðskjalasafni á haustdögum.

Áhugaverðar upplýsingar

Landsmenn reyndust þá vera 50.358 samkvæmt talningu Hagstofunnar. Manntalið veitir margvíslegar áhugaverðar upplýsingar svo sem um nafnahefð og störf eða atvinnuheiti Íslendinga. Þannig voru 670 hreppsstjórnar, 245 prestar, 76 skóladrengir, 7 böðlar og 6 fálkaveiðimenn árið 1703. Í manntalinu eru 725 skírarnöfn, 387 karlmannsnöfn og 338 kvenmannsnöfn. Algengasta kvenmannsnafnið var Guðrún en það bar fimmta hver kona. Jón var hins vegar algengasta karlmannsnafnið. Tæpur fjórðungur karla hét því nafni.

Manntalsvefur Þjóðskjalasafns

Manntalið var gefið út af Hagstofu Íslands á árunum 1924-1947. Frumrit manntalsins er varðveitt í Þjóðskjalasafni en stafræn uppskrift þess á á Manntalsvef Þjóðskjalasafns www.manntal.is. Þar eru einnig tólf önnur manntöl. Landsmenn eru hvattir til þess að kynna sér manntalið þar.

Framtíðarsýn eða fortíðarhyggja

Frá árinu 2008 hefur íslenskur byggingamarkaður gengið í gegnum samdráttarskeið sem ekki á sér hliðstæðu á sögulegum tíma. Samkvæmt skýrslu Samtaka arkitektastofa (áður FSSA) frá haustinu 2010 var um samdrátt að ræða sem reyndist 67% skv. þeim opinberu tölum sem skýrslan byggði á. Á þessu fimm ára tímabili sem nú er liðið frá hrúni hefur skapast allnokkur þörf fyrir nýbyggingar sem ekki hefur verið svarað að sama skapi. Íbúðamarkaðurinn er enn í þeirri erfiðu stöðu að lóðarverð er innlyksa hjá skuldettem sveitarfélögum sem ekki geta lagað sig að núverandi markaðsverði sökum laga um fjárreiður sveitarfélaga.

Framleiðslukostnaður á íbúðum miðað við söluverð er enn það hár að ekki hefur myndast hvati til framkvæmda að neinu marki. Til að setja þetta í samhengi má nefna að fleiri íbúðir voru byggðar á ári í kreppunni miklu en það sem hefur átt sér stað undanfarið ár þegar verst lét.

Opinber verkefni hafa verið í deigluinni síðustu tvö árin en eru ekki komin á skrið sem skyldi. Mikil vöxtur í ferðaþjónustu hefur undirstrikað þörfina á uppbyggingu í verkefnum tengdum ferðaþjónustu og þar er mikið verk óunnið og mörg þeirra þess eðlis að vart verður staðið að þeim nema með opinberum hætti. Sterkasta einkenni í ímynd landsins er náttúran og þá staði sem hafa mest aðdráttarafl þarf að passa upp á sem gersemar þjóðarinnar. Opinberir aðilar þurfa að koma að því verkefni, þó ekki væri nema að stefnumörkun þeirra. Meðan ekkert er að gert drabbast þessar gersemar niður gestum að kostnaðarlausu og virðist það vera meira metnaðarmál að taka ekki gjald fyrir heimsóknina en að

UPPBYGGING



Aðalsteinn Snorrason arkitekt með MS í markaðsfræði og alþjóðaviðskiptum og var formaður Samtaka arkitektastofa um nokkurra ára skeið.

→ Meðan ekkert er að gert drabbast þessar gersemar niður gestum að kostnaðarlausu ...

hafa upp á eitthvað að þjóða sem eykur gildi staðarins og verndar hann.

Góð fyrirmynd

Til er norsk verkefni sem nefnist „Nasjonale turistveger“ sem unnið hefur verið að síðustu tuttugu árin, en þar er aukid við gildi áhugaverðra ferðaleiða. Kynning var á þessu verkefni á vegum Íslandsstofu 30. október 2012 og kom þar fram í máli Trine Kanter Zwerekh að um væri að ræða framúrskarandi fallega náttúru og allt manngert umhverfi skyldi vera í það minnsta jafn gott ef ekki betra. Þetta viðhorf þarf ekki að snúast um aukinn kostnað en sýnir fyrst og fremst hugsunarhátt sem okkur Íslendinga sárlega vantar. Þetta norska verkefni gæti verið góð fyrirmynd fyrir uppbyggingu ferðamanna- og áningarstaða hér á landi.

Mikil óvissa ríkir nú á íslenskum byggingamarkaði og því er mikilvægt að þau verkefni sem fyrirhuguð hafa verið hljóti brautargengi og hlúð sé að þeim af metnaði og fyrirhyggju. Verkefni sem lúta að vexti atvinnugreina eru mikilvæg á tímum sem þessum ásamt verkefnum til að tryggja eðlilegt þjónustustig í landinu. Benda má sérstaklega á að vöxtur í ferðaþjónustu er með þeim hætti að þar er um brýna þörf að ræða og ef ekkert verður að gert verður ímynd landsins fyrir tjóni til lengri tíma liðið.

Ógleymanegt fjör!



StarGazer™

Hárskolin frá Stargazer hafa svo sannarlega slegið í gegn á Íslandi! Verð aðeins kr. 1.200



Morphsuits
Kr. 9.990,-



Munkur
Kr. 3.990,-



HOKUS POKUS

www.hokuspokus.is
Verslun og vefverslun
Laugavegi 69, S. 551-7955

NÓATÚN
Við gerum meira fyrir þig

SS piparleginn gríshnakki
1698 kr./kg
~~1925~~ kr./kg

ÍM kjúklingabringur
2199 kr./kg
~~2469~~ kr./kg

Lambalæri
1399 kr./kg
~~1698~~ kr./kg

Grill sumar!

Aðeins íslenskt kjöt í kjötborði

Aðeins íslenskt kjöt í kjötborði

Ungnauta ribeye
3998 kr./kg
~~4729~~ kr./kg

Aðeins íslenskt kjöt í kjötborði

Lambafille með fiturönd
3958 kr./kg
~~4398~~ kr./kg

15% afsláttur

15% afsláttur

VERSLUNARMANNA- HELGIN

Úrval gimilegra meðlætisréttanna úr kjötborði

Við gerum meira fyrir þig!

Opið til miðnætis alla daga

8·24

NÓATÚN

Hamraborg - Nóatún 17 - Hringbraut - Austurvegur - Grafarholt

Morð

BRAGFRÆÐI



Ingvar Gíslason
fv. alþingismaður
og ráðherra

Í tilefni af „Alþingislimrum“, sem birtust í Fréttablaðinu 17. júlí sl. og vakið hafa furðu margra fyrir leirburð, langar mig að rifja upp að Hringfari, vinur minn og skjólstæðingur, orti á sínum tíma eftirfarandi viðvörðun:

*Limran er leikur með orð,
svo lípur hún fljúgi um borð.
Þó leynist sá voði
með leirburðarhnoði
á limrunni fremjirðu morð.*

Og Hringfari bætti við eftirlestur „Alþingislimranna“:

*Þó hugsun í limru sé ljót,
hún líður ei fyrir það hót.
Ef formið er vömm
er það forsmán og skömm,
líkt og malað sé gull fyrir grjót.*

Skáld

*Börðumk einn við átta,
en við ellifu tysvar,
svá fengum val vargi,
varðk einn bani þeirra.*

Ekki veit ég hvort að þeim 30 sem féllu fyrir skáldinu, skíthælum og landeigandnum Agli Skallagrímssyni hafi verið það nokkur huggun að fjöldi þeirra (en ekki nöfn) hafi verið gerður ódauðlegur.

Ekki veit ég heldur hvort Huang Nubo, áhugamaður um Grímsstaði á Fjöllum, sé skíthæll eða ekki. Fram hafa stigið menn, sem segjast þekkja hann persónulega og telja hann hinn mesta öðling og hið ágætasta skáld. Aðrir telja hann vera skilgetið afkvæmi og verkfæri heimsvaldastefnu Kínverja. Sjálfur get ég ekki varist fordómum gagnvart þeim sem hafa brotið sér leið til valda og auðæfa í einræðisríkjum, þannig að ég gæti alveg trúað einhverju misjöfnu upp á kauða. En hvort heldur sem er, þá liggur möguleiki okkar til ódauðleika e.t.v. hjá skáldinu.

Ég hef hins vegar litlar áhyggjur af því að Nubo byggji herskipa- eða umskipunarhöfn í landi Grímsstaða, enda mun skipastigi upp Dettifoss ólíklega hljóta náð fyrir augum skipulagsyfirvalda. Kannski las hann um vænleika Grímseyjar sem herskipahöfn í Heimskringlu en fór örnefnavillt. Áhyggjuleysi mitt nær einnig yfir herflugvelli og kínverska hermenn, en slíkir þurfa vegabréfsáritun, mega ekki fara með vopn (skv. lögreglusamþykktum án undanþágu frá lögreglustjóra) og meðferð þungavopna sem og kjarnorkuvopna í höndum einkaaðila er stranglega bönnuð o.s.frv. Hins vegar má byggja hótél með leyfi réttra yfirvalda og það má okra á kínversku auðfólki, sem í hjátrú sinni vill geta sín börn undir logandi norðurljósahimni, svo lengi

UMHVERFIS-VERND



Haukur Eggertsson
verkfærðingur

sem það fær vegabréfsáritun til Íslands.

Landeigendastétt

En sé Nubo þessi skíthæll og fái hann að kaupa Grímsstaði, þá yrði hann hvorki fyrsti né síðasti skíthællinn í landeigendastétt á Íslandi. En þó að skíthællar séu blessunarlega frekar fáir, þá gæti ég trúað að hlutur þeirra í landeigendastétt sé, ef eitthvað er, meiri en í öðrum stéttum þjóðfélagsins, og hafi jafnvel farið vaxandi nú á nýrri öld. Því eiga Egill Skallagrímsson og Guðmundur ríki Arason sér andlega bræður nú sem áður í þeirri annars ágætu stétt. Verkefni almennings og stjórnvalda er því ekki að grípa til sértækra aðgerða til þess að Nubo geti ekki komist í skíthællahóp landeigendastéttarinnar, heldur annað hvort að koma í veg fyrir að skíthællar geti átt hér land, óháð þjóðerni, eða, það sem vænlegra er, að koma í veg fyrir að skíthællar geti misnotað vald sitt hvort heldur sem landeigendur eða á öðrum sviðum þjóðfélagsins.

Eins og áður getur, er þegar til staðar í landinu löggjöf sem mun gera áform um herflugvelli og herskipahafnir í eigu einkaaðila í versta falli erfiða, námu- og virkjunarleyfi þarf að sækja um til réttra yfirvalda og ég bý ekki yfir hugmyndaauðgi til að koma auga á önnur illvirki sem Nubo þessi gæti framið, sem innlendir skíthællar eru ekki fullfærir um að fremja nokkurn veginn hjálparlaust.

Á síðustu árum hefur í vaxandi mæli gætt tilhneigingar landeigenda til þess að takmarka umferð almennings um eignarlönd sín, með læstum hlíðum, girðingum og bannskiltum, jafnvel á fornum götum milli bæja eða inn á afrétti og óbyggðir og taka sér þar með vald og heimildir sem þeir hafa aldrei haft. Virðist þetta



→ Mikilvægt er að hagsmuna og verndar almennings gagnvart innlendum sem erlendum skíthælum verði gætt með almennum lögum og reglum ...

hafa haldist í hendur við breytt not jarða, frá því að vera nýttar undir landbúnað og yfir í að verða einhvers konar afdrep þéttbýlisbúa þar sem litið er á umferð almennings sem átroðning og spillingu sveitarsællunnar. Það að njóta kyrrðar og fegurðar á eignarlandi er og á að vera réttur allra landsmanna á meðan hann veldur ekki ónaðsynlegri og óhóflegri truflun hjá bústofni og búaliði, þó svo að réttur eigenda til að stunda landbúnað og hafa hefðbundin nyt af jörðinni verði ekki ufengdur.

Mikilvægt er að hagsmuna og verndar almennings gagnvart innlendum sem erlendum skíthælum verði gætt með almennum lögum og reglum á sviði umhverfis-, auðlinda- og almannaréttar, en snúist ekki um það hvort einstakir menn séu skáeygðir eður ei.

ÚTIHÁTÍÐIR
SKEMMTANIR
UMFERÐIN
FRÉTTIR
FÓLK
GRÍN
FRÓÐLEIKUR
GLEÐI

BREKKUSÖNGURINN
MEÐ INGÓ VEÐURGUÐ Í BEINNI



GÓÐA SKEMMTUN

Bílstjóri nr. 357

„Bílstjórinn kom og keypti fyrir þig nýtt display,“ sagði starfsmaðurinn á verkstæðinu en ég var komin að sækja hjólið mitt úr viðgerð. Þessi orð komu mér notalega á óvart. Ég fann fyrir hlýjum hnoðra í maganum sem færðist um allan skrokkinn. Fyrsta hugsunin mín var; þetta er maður sem ber virðingu fyrir sjálfum sér, viðskiptavinum sínum og starfi sínu. Síðan varð mér hugsuð til viðbragða sérfræðinga heilbrigðiskerfisins þegar sonur minn lést í kjölfar mistaka á bráðamóttöku barna 2001. Samanburður viðbragða þessara aðila er lærdómsríkur.

Svo ég útskýri nú samhengið betur þá flutti umræddur bílstjóri rafhjól mitt á verkstæðið eftir að ég varð fyrir örlytu óhappi sem skemmdi motorbúnaðinn í afturhjólinu. Strætó tekur ekki þessi hjól, því var nauðsynlegt að panta leigubíl. Við komuna á verkstæðið leit út fyrir að á leiðinni hefði orðið eitthvað hnask til viðbótar sem varð til þess að skipta þurfti um skjá (display) í stýrinu. Ég var sjálf ekki með í ferðinni svo ég hafði ekki hugmynd um hvort óhapp hefði átt sér stað. Þetta var ekki þannig tjón að það skipti máli að mér fannst, en ákvað samt að hringja í bílstjóran og bjóða honum að skoða þetta ef hann vildi vara sig á þessum aðstæðum síðar. Ég ítrekaði að ég gerði engar kröfur heldur væri þetta í hans höndum ef hann kærði sig um.

Aððunarverð umhyggja

Síðan vissi ég ekkert fyrir en ég kom að sækja hjólið. Áður en mér tókst að hringja í bílstjóran til að þakka fyrir mig hringdi hann

SAMFÉLAG



Auðbjörg Reynisdóttir
markþjálfari og
hjúkrunarfræðingur

til að athuga hvort allt væri í lagi. Hann tók það sérstaklega fram að sér þætti þetta sjálfsagt. Viðbrögð hans fóru fram úr öllum mínum væntingum og upplifði ég sanna virðingu. Það var eins og eitthvað leiðréttist í hausnum á mér, eins og ég fengi allt í einu skýr og rétt viðmið. Hann tók af mér allar vangaveltur um þennan atburð, ég þarf ekki að

hugleida hann neitt frekar né velta fyrir mér rétti mínum. Því síður að leita réttar míns. Hann gerði ekkert rangt en sýndi aððunarverða umhyggju og áhuga á að þjóna viðskiptavinum sínum. Það er til eftirbreytni.

Skoðum nú aðeins viðbrögð heilbrigðiskerfisins við óhappatilvikum. Í ellefu ár eftir að sonur minn lést hugleiddi ég það daglega hvort það hefði verið hægt að koma í veg fyrir andlát hans og hvort fleiri hefðu þurft að þola það sama. Loks í september 2011 sat ég með niðurstöðu landlæknis í höndunum sem staðfesti gáleysisleg mistök. En þar með var daglegum vangaveltum mínum ekki lokið. Landspítalinn hefur ekki getað sýnt mér fram á lærdóm af atvikinu og öllum mínum tilraunum til sátta hefur verið hafnað. Skriflega var tekið undir það sjónarmið mitt að þetta hefðu verið mistök. Það má lesa milli lína bréfsins að þeir væru að gera meira en þeim bæri að gera með því að biðjast afsökunar. Þetta voru ljótar ásakanir af minni hálfu.

Svo kom nú í ljós að þeir vissu þetta allan tímann en létu mig hafa fyrir því að berjast fyrir réttlætinu alveg eins og þeir sem smítuðust af lifrabólgu C eftir blóðgjöf hafa þurft að gera.

→ Auðvitað er þjónustan góð í mörgum tilfellum en það afsakar ekki hvernig unnið er úr mistakamálum.

Forkastanlegt virðingarleysi

Í þessu samhengi fá viðbrögð bílstjórans nýtt og skýrara samhengi. Heilbrigðiskerfið sem veit upp á sig skömmina en lætur veikburða sjúklinga berjast fyrir heilsu sinni og lífi er til háborinnar skammar. Er þetta virkilega framkoma sem heilbrigðis-yfirvöldum finnst ásættanleg? Öryggismenning eða öryggisbragar sem landlæknir nefnir í grein í Fréttablaðinu 26. mars sl. og fleiri fræðimenn tönnlast á er vægast sagt bágborin. Virðingarleysið gagnvart manneskjunnari er forkastanlegt.

Auðvitað er þjónustan góð í mörgum tilfellum en það afsakar ekki hvernig unnið er úr mistakamálum. Við verðum að geta treyst að sérfræðingar kerfisins bregðist við á heiðarlegan hátt og sýni lífi okkar virðingu. Í lok sögunnar um miskunnsama Samverjann spurði Jesús „Hver þessara þriggja sýnist þér hafa reynst náungi þeim manni sem féll í hendur ræningjans? Lögvitringurinn svaraði „Sá sem miskunarverkið gerði honum“ (Lúkasarguðspjall 10. kafli). Það þarf svona fagmennsku í heilbrigðiskerfið.

Grunlaus bílstjórinn færði mér miklu stærri gjöf en „displayið“. Hann færði mér dýrmæta virðingu og vísu sem er verðmeiri en öll þekking LSH. Það er gott að verða á vegi fólks sem glæðir lífið meiri hamingju með laglegri og fumlaustru breytni sinni.

Kærar þakkir Þór, bílstjóri og náungi.

FÓLK

KYNNINGARBLAÐ



SÍLDARÆVINTÝRI Á SIGLÓ

Það er margt að gerast um verslunarmannahelgina. Á Siglufirði verður hið árlega Síldarævintýri en það hefur skipað sér sess sem menningarleg fjölskylduhátið. Ýmsir listamenn skemmta gestum og stanslaust fjör verður alla helgina.

Rýmingasala hafin
50-70% afsláttur
Ný sending af vetrarvörum!

B/A/S/L/E/R *Parisar*
TÍZKAN
Skiopholti 29b • S. 551 0770



TÆKIFÆRISGJAFIR

TILBOÐ

Hnífaparatóskur - 12 manna
14 tegundir
Verð frá kr. 24.990

Tékk
KRISTALL

Laugavegi 178 - Sími: 568 9955



FAGLEG RÁÐGJÖF OG ÚRVALS EFNI

MÁLNINGARVÖRUR KYNNNA Miðstöð bílaáhugamanna er í Lágmúla 9. Allt á sama stað fyrir hreinsun og viðhald bílsins.

Málningarvörur ehf. er rótgróið fyrirtæki sem sérhæfir sig í fjölbreyttri þjónustu við bæði einstaklinga og fyrirtæki. Málningarvörur hafa lengi þjónustað málningar- og rétttingaverkstæði, bílaumboð og bílaleigur auk bón- og þvottastöðvar með sölu á ýmsum efnum, tækjum og tólum. Karl Jónsson, framkvæmdastjóri Málningarvara, segir þó fyrirtækið ekki síður þekkt fyrir faglega ráðgjöf og þjónustu til einstaklinga þegar kemur að ráðleggingum um hvers konar bón- og bílahreinsivörur skuli nota á bílinn. „Hér geta bíleigendur komið og fengið ráðleggingar um hvaða efni eru best fyrir bílinn og um leið fengið faglega ráðgjöf. Við búum yfir góðum hópi reyndra starfsmanna með ólíkan bakgrunn. Þetta er mun meiri þjónusta en fæst á velflestum bensínstöðvum í dag. Nú er lítið selt af nýjum bílum og því mikilvægt að halda bílum í góðu standi og halda verðgildi hans uppi. Þar komum

við sterkir inn með úrvalsvörur og faglega ráðgjöf.“

Málningarvörur selja tvær línur af bón- og bílahreinsivörum. Concept er almennt ætlað stórnotendum og Meguiar's er fremur ætlað almennum neytendamarkaði og nýtur sífellt meiri vinsælda enda um að ræða efni í hæsta gæðaflokki að sögn Karls.

„Hér geta einstaklingar treyst því að geta fengið faglega ráðgjöf, til dæmis hvort laga þurfi litinn á bílnum og hvernig meðhöndla á rispur og lakkskemmdir eftir steinkast. Nú í sumar eru líka margir að lenda í að bíllinn er þakinn fluguklessum sem oft er erfitt að ná af bílnum. Einnig bjóðum við upp á efni til að ná trjákuðu af, en hún fer illa með lakk bíla. Þannig að við bjóðum upp á góð ráð og efni við flestum þeim fyrirspurnum sem berast til okkar.“

Verslun Málningarvara í Reykjavík er í Lágmúla 9, bakhúsi. Opið er virka daga vikunnar á milli kl. 8-18.

REYNSLUMIKLIR

Verslunin Málningarvörur býr yfir góðum hópi reyndra starfsmanna með ólíkan bakgrunn.
MYND/GVA



TOPPVÖRUR

Málningarvörur selja tvær línur af úrvals bón- og bílahreinsivörum.
MYND/GVA

50% afsláttur
af öllum fatnaði og skóm



Glæsilegur þjónkur og danskur kvenfatnaður í stærðum 36-52.
Vandaðir ítalskir og þýskir leðurskór í stærðum 36-42.

Vertu vinnu okkar á Facebook

Hjá Grafhildi

• Engjateigur 5
• Sími 581 2141
• www.hjahrafnhildi.is

Opið virka daga frá kl. 10-18

laugardaga frá kl. 10-16



Reverie®

Vönduð stillanleg
heilsurúm með okkar
bestu IQ-CARE heilsudýnu
Fyrsta sending seldist
strax upp!

Kíktu á www.reverie.com



- Inndraganlegur sterkur stálbotn. Rúm dregst upp að vegg þegar baki er lyft upp
- Hægt að nota iPad, iPhone, iPod Touch eða Android snjalltæki sem fjarstýringu.
- 10 mismunandi nuddstillingar
- Hljóðlátir og krafmiklir mótórar
- Lyftigetá 2x611 kg. hvor botn
- Hliðar- og endastopparar svo dýnur færast ekki í sundur.
- Glæsileg fjölnota fjarstýring

Fimm stjörnu verslun

Svefn & heilsa
★★★★★

Listhúsinu Laugardal - Sími 581 2233
Baldursnesi 6, Akureyri - Sími 461 1150
Opið virka daga kl. 10:00 - 18:00
Laugardaga 12:00 - 16:00

www.svefn.is

12 mán.
vaxtalausar
greiðslur*

*3.5% lántökugjald



Baldursnesi 6 - Akureyri



Listhúsið - Reykjavík

Frábært tilboð

REVERIE 7S með
Memory heilsudýnu 2x90x200 cm
Verð aðeins kr. 379.900.-

Proflex stillanlegur botn með
Memory heilsudýnu 2x90x200 cm
Verð aðeins kr. 249.900.-

REVERIE 7S með IQ-Care heilsudýnu
2x90x200 cm
Verð aðeins kr. 499.900.-

Proflex stillanlegur botn með IQ-Care
heilsudýnu 2x90x200 cm
Verð aðeins kr. 369.900.-

Leikum og lærum



BÍLABINGÓ

Skemmtilegi ferðafélaginn!



Fæst hjá N1, Hagkaup, Eymundsson, Spilavinum, Íslandspósti og fleiri stöðum um land allt.



www.bilabingo.is

ERFINGI MEÐ ÓVENJULEGAN STÍL

TÍSKUFYRIRMYND Daphne Guinness er líklegast með einn sérstakasta fatasmekk sem sést hefur.

Daphne Diana Joan Susanna Guinness er 45 ára erfingi Guinness-bjórframleiðslunnar. Í dag er hún þekkt sem ein mest framandi tískufyrirmynd Bretlands. Hún fæddist í Englandi en var alin upp á sveitasetrum fjölskyldunnar sem staðsett eru í Englandi og Írlandi.

Daphne er þekkt nafn innan tískuheimsins og hafa öll helstu tískuhúsin lýst yfir aðdáun sinni á henni. Hún hefur starfað sem fyrirsæta og listrænn stjórnandi við hlið hönnuða á borð við Karl Lagerfeld og Gareth Pugh. Vinskapur hennar og Alexanders McQueen var mikill, enda hjálpaði hún honum að koma sér á framfæri.

Guinness hannar mikið af fötum sjálf sem hún svo klæðist. Hún er þekkt fyrir hrifningu sína á brynjum, þröngum buxum og himinháum hælaskóm. Frá árinu 1994 hefur hún verið valin á lista International Best Dressed Hall of Fame, sem velur best klæddu konur heims hverju sinni. Hún hefur fengið sæti á ótal fleiri slíkum listum og framleitt sína eigin snyrtivörulínu fyrir MAC. Margar stórstjörnur hafa tekið sér fatastíl Daphne til fyrirmyndar en af þeim er Lady Gaga mest áberandi.

Fagurkerinn Daphne hefur starfað á flestum sviðum listarinnar. Hún hefur leikið í bíómyndum, gefið út lag og starfað sem fyrirsæta og hönnuður. Hún hefur einnig verið örlát að gefa til góðgerðarmála. Hún keypti allan fataskáp Isabellu Blow, sem var fræg tískudrottning og góð vinkona Daphne sem frami sjálfsmorð. Daphne stofnaði einnig Isabella Blow-sjóðinn sem safnar peningum til styrktar fólki með geðræn vandamál. Sjálf hefur hún sett á uppboð frægustu flíkurnar úr fataskáp sínum en allur ágóðinn fór til góðgerðarsamtaka sem styrkja málefni kvenna um allan heim.

Daphne á þrjú börn með fyrrverandi eiginmanni sínum. Í dag er hún búin að vera með Frakkanum Bernard-Henri Lévy í mörg ár en hún hefur ótal sinnum lýst því yfir að hann sé ástin í lífi hennar. Hún býr í New York og London. Það sem einkennir Daphne er svarta og hvíta hárið og himinháu hælarnir.



Nýjar Haustvörur



FLASH

20% afsláttur

Laugaveg 54, sími: 552 5201

Vertu vinur

PRJÓNAKÓRÓNUR Á FULLORÐNA

Berglind Erna Tryggvadóttir prjónar kórónur í öllum litum regnbogans.

„Mig minnst að fyrsta kórónan hafi orðið til á rokknámskeiði sem ég var á fyrstu helgina í júní,“ segir Berglind Erna Tryggvadóttir, sem prjónar kórónur sér og öðrum til gamans. „Mér finnst gaman að prjóna og gott að hafa eitthvað að gera í höndunum. Ég sá mynd af kórónu á netinu og fannst það svo sniðugt og datt í huga að reyna að gera svoleiðis sjálf.“

Eftir langa og stranga leit fann Berglind uppskrift á netinu. „Ég notaði hana sem grunn en þar sem ég er algjör byrjandi í prjónaskap og uppskriftin var á ensku fylgdi ég henni ekki alveg og fór að spinna við hana sjálf.“

Kórónurnar eru í sífelldri þróun hjá Berglindi og nú hyggst hún bæta við skrauti á þær. „Hingað til hef ég bara verið að gera þær einlitar, en mig langar til þess að búa til einhver mynstur og sauma á þær skraut, perlur og fleira í þeim dúr.“ Auk þess ætlar hún að bæta við kórónum í barnastærðum, en fram að þessu hefur hún aðeins prjónað kórónur á fullorðna kóna og drottningar. Þær hafa vakið mikla lukku í kringum Berglindi og vindahópurinn leggur inn pantanir, enda eru kórónur tilvalið höfuðskraut við hvers kyns tækifæri.

„Þær hafa mest verið notaðar



spari, á útihátíðum og í veislum og svoleiðis. Ég hef sjálf notað mína dagsdaglega, þegar ég fer út að hjóla eða að fá mér ís,“ segir hún og brosir. Hún bætir við að hún geti vel hugsað sér að selja kórónurnar ef áhugi er fyrir hendi. „Annars finnst mér fínt að gera þær bara eftir pöntunum.“

Berglind útskrifaðist úr Menntaskólanum við Hamrahlíð í vor og hefur nám við myndlistardeild Listaháskóla Íslands í haust. ■ halla@365.is

KONUNGLEGT HÖFUÐSKRAUT

Berglind fann uppskrift á netinu og þróaði hana svo áfram.

MYND/DANIEL RÚNARSSON

CROSS S1 | THE GAME CHANGER

LEED

- Stöngin sem breytir leiknum -

Það er hægt að skrifa heila bók um ævintýrið sem þróunin og kynningin á Cross S1 flugustönginni hefur verið. Hins vegar er eina leiðin til að skilja málið til fulls einfaldlega að prófa stöngina því það er ekki hægt að koma fyllilega í orð hvað átt er við þegar sagt er að þessi stöng "breyti leiknum".

Verið velkomin í verslun okkar á Langholtsvegi 111 til að kynna af eigin raun hvernig Loop hefur tekist að þróa stöng sem kollvarpar öllu því sem menn héldu að enn væri hægt að bæta við flugustangir hvað gæði og eiginleika varðar.



Alta vöðlur

GUIDELINE

Ný tækni, engir saumar. Vöðlur gerast líklega ekki betri en þessar.



Primaloft

Vinsælustu jakkarnir í veiðina og útvistina



Flugubarinn

...ný áfylltur

Önnur eins gæði er erfitt að finna...



GUIDELINE



Flugulínur

Línur frá Guideline eru algjörlega búnar að slá í gegn hjá íslenskum veiðimönnum.

LEED

Loop fluguhjól

Einfaldlega stórkostleg hjól frá snillingum Loop



LEED
hefur fengið nýtt heimili!
Nú færð þú Loop veiðivörur í Veiðiflugum, einu sérhæfðu fluguveiðiversluninni á Íslandi

VAXTALAUSAR RAÐGREIÐSLUR
Í 12 MÁN.

Veiðiflugur

Langholtsvegi 111 | Sími: 527 1060

TÍSKUGYÐJA SEM GLEYMIST EKKI

GLÆSILEG Jackie Kennedy Onassis hefði orðið 84 ára síðastliðinn sunnudag en hún lést árið 1994, tæplega 65 ára gömul. Jackie hafði yfir sér ákveðinn glæsileika í fasi og fatavali sem enn er vitnað til.

Í nóvember verða fimmtíu ár liðin frá því að eiginmaður hennar, John F. Kennedy, 35. forseti Bandaríkjanna, var skotinn til bana. Sá atburður er flestum sem fæddir voru á þeim tíma enn í fersku minni. Jackie vakti mikla athygli sem forsetafrú Bandaríkjanna og alla tíð á meðan hún lifði. Hún var leiðandi í tísku og bar allan klæðnað með glæsibrag, enda hafði hún klassískan og elegant stíl. Fréttaljósmyndarar eltu hana stöðugt á röndum til að ná myndum af þessari glæsilegu og umtöluðu konu. Jackie var og er enn ein frægasta kona heimsins.

Jackie starfaði sjálf sem ljósmyndari fyrir The Washington Times-Herald árið 1952 þegar hún hitti John F. Kennedy fyrst. Þá var hann ungur stjórnmálamaður frá Massachusetts. Henni fannst hann draumóramaður þegar hann sagðist ætla að verða forseti landsins. Hún var 23 ára en hann 34.

Þau gengu í hjónaband í Newport, Rhode Island 12. september 1953. Brúðarkjól hennar og annar fatnaður er til sýnis í Kennedy-safninu í Boston.

Fimm árum eftir dauða eiginmannsins giftist Jackie gríska skipakónginum og auðkíngnum Aristóteles Onassis og þótt margir hafi orðið hneykslaðir á því hjónabandi entist það þar til hann lést árið 1975 og hún varð ekkja í annað sinn. Onassis var 23 árum eldri en Jackie. Hann sleit nokkurra ára sambandi við óperusöngkonuna Mariu Callas til að giftast Jackie. Þau gengu í hjónaband á grísku eyjunni Skorpios sem var í eigu hans. Fyrir utan lá stór lúxus-snekkja, Christina, sem einnig var í eigu þessa frægasta Grikkja allra tíma. Hjónin bjuggu til skiptis í fimm glæsieignum þeirra, í New York, New Jersey, París, á Skorpios og um borð í Christina. Onassis skildi eftir sig mikil auðæfi. Hann átti soninn Alexander, sem dó árið 1973 og dótturina, Christinu, sem lést árið 1988 og lét eftir sig unga dóttur, Athina, sem nú er 28 ára og varð ríkasta barn allra tíma þegar móðir hennar lést.



FRÆG MYND Þessi mynd var tekin 22. nóvember 1963, stuttu áður en Kennedy-hjónin fóru í afdrifaríka bílferð þar sem forsetinn var skotinn til bana. Bleika Chanel-dragtin sem Jackie klæddist þennan dag vakti mikla athygli um allan heim.



SILKIKJÓLAR Jackie Kennedy átti mikið safn fallegra silkikjóra.



Á GANGI Fræg mynd af Jackie eða Jacqueline, eins og hún hét, á gangi úti á götu í falletum ljósum sumarkjól.



Á INDLANDI Jackie í apríkósilutim silkikjól í heimsókn til Indlands.

ÚTSÖLUNNI LÝKUR!

Aðeins 6 verð

- 1.000,- • 1.500,- • 2.000,-
- 2.500,- • 3.000,- • 4.000,-

Allt á að seljast

Rýmum fyrir nýjum vörum!

Verðsprengja

70% af öllu skarti

SOHO MARKET

Grensásvegi 8 - Sími 553 7300
Opíð mánudaga – fimmtudaga 12–18
föstudaga 12–19 og laugardaga 12–17



SOHO/MARKET
A FACEBOOK

KÖRFUBOLTABOLIR KOMA STERKIR INN

Íþróttatískan hefur dregið í för með sér endurvakningu á ýmsum gömlum gersemum.

Ragnar Imsland Ómar Logi Imsland Birgir Imsland Arnar Imsland Sigurlaug Sveinsdóttir Styrmir Bragason Margrét Bragadóttir	Alexandra Unudóttir Bragi Þ. Sigurðsson Halla Helgadóttir Karl Sveinsson
---------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------	-----------------------------------------------------------------------------------

LAGERSALA - RÝMUM FYRIR NÝJUM VÖRUM - LAGERHREINSUN

LAGER SALA

NORTH ROCK

- ÚLPUR - 3JA LAGA BUXUR - JAKKAR - FLÍSPEYSUR & BUXUR -
- HLAUPABUXUR & BOLIR - ÍPRÓTTABUXUR & PEYSUR

ALLT AÐ

70%
AFSLÁTTUR



DÖMU/HERRA
FLÍSPEYSA
2000 KR



UNISEX - ÚLPA
9000 KR



DÖMU/HERRA
LÉTTUR JAKKI
5000 KR



HLAUPABUXUR
4000 KR



HLAUPABOLUR
3000 KR

LOKADAGUR

1.ÁGÚST FIMMTUDAGUR

KL. 16-20

Komdu við og gerðu góð kaup!

- MIKIÐ ÚRVAL AF NORTH ROCK
ÚTIVISTAR- OG ÍPRÓTTAFATNAÐI
Á HERRA DÖMUR OG BÖRN -

Víkurhvarf 2 - Kópavogur
-sama hús og Fjölsmiðjan

BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS

OPIÐ Í DAG 10:00-19:00 OPIÐ Í DAG 10:00-19:00



1898
KR. 450 gr

FROSID ÞÝSKT- NAUTA T-BONE



1398
KR. 350 gr

FROSIN ÞÝSK- NAUTA KÓTILETTA

Fjórir ferskir 100% ungnautahamborgarar með brauði. Tvær stærðir



4 stk. 80 gramma **759 KR**
4 stk. 120 gramma **998 KR**



ÞÝSK
NAUTALUND
FROSIN

3998
KR. KG



ALI ÚRB. GRILL-GRÍSAKÓTILETTUR
HUANGSMARINERÁÐAR

1798
KR. KG



BÓNUS GRILL-GRÍSAKÓTILETTUR

1198
KR. KG



1698 300 KRÓNA
KR. 10x120gr VERÐLÆKKUN

KJARNAFÆÐI 10 stk. FROSINIR
120gr NAUTAHAMBORGARAR



KJARNAFÆÐI

1398
KR. KG

KJARNAFÆÐI
ÍSLENSKT HEIDALAMB
Með villtum Íslenskum kryddjurtum
BLÓÐBERG-BIRKILAUF-ADALBLÁBERJALYNG-EINIR



KAUPFÉLAG SKAGFIRÐINGA FROSID LAMBALÆRI Í SNEIÐUM

1598
KR. kg



1498
KR. KG

FJALLAGRILL
LAMBALÆRISSNEIÐAR
ÞURKRYDDAÐAR



2298
KR. KG

FJALLAGRILL
LAMBALÆRISSNEIÐAR 1 FL.
ÞURKRYDDAÐAR



1698
KR. KG


FJALLAGRILL BLANDAÐAR
LAMBALÆRISSNEIÐAR
ÞURKRYDDAÐAR

BONUS EKKERT BRUÐL

Hér færðu veitutengda
VILDARPUNKTA
VISA Vildarklöbbur

BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS

00-19:00 OPIÐ Í DAG 10:00-19:00



BLÁ BAND BOLLASÚPUR ÞRJÁR Í PAKKA Varma Koppur

198
KR. pk 3 stk



198
KR. 170gr



EMMESS VANILUSTANGIR MED SÚKKULADIHJÚP

498
KR. 10 stk



EUROSHOPPER ORKUDRYKKUR MED EDA ÁN SYKURS

69
KR. 250 ml

95
KR. 500ml



BÓNUS KLEINUR 15 STK. 25% MEIRA MAGN

398
KR. pk



MYLLU MÖNDLUKAKA 420gr TVÆR Á VERÐI EINNAR

579
KR. 2 stk



Sinalco 500ml 98 kr.



79
KR. 330ml



BÓNUS HANGIÁLEGG 170GR

398
KR. 170gr



HEIMA EINNOTA GRILL

298
KR STK



BÓNUS FLATKÖKUR 5 STK.

98
KR. 5 stk

BÓNUS SAMLOKUR MÁNUDAGA - MIÐVIKUDAGA FÖSTUDAGA



198
KR. STK



179
KR. 2 ltr.

198
KR. 1.5 ltr.

OPIÐ UM VERSLUNARMANNAHELGINA

- 1/8 FIMMTUD. 10:00-19:00
- 2/8 FÖSTUD. 10:00-19:30
- 3/8 LAUGARD. 10:00-18:00
- 4/8 SUNNUD. 12:00-18:00
- MÁNUDAGUR LOKAÐ**
- 6/8 ÞRIÐJUD. 11:00-18:30



KIT KAT ÞRJÚ STYKKI Í PAKKA

198
KR 3 stk

SMOKKAR



259
KR. 18 STK

HANDY SMOKKAR 18 stk. SETJUM ÖRYGGIÐ Á ODDINN!

BONUS EKKERT BRUÐL

Hér færðu veitutengda VILDARPUNKTA VISA Vildarklöbbur

NÝR 8BLS BÆKFLINGUR

NÝR SJÓÐHEITUR NETBÆKFLINGUR Á WWW.TOLVUTEK.IS

SUMAR TILBOÐ

STÚTFULLAR VERSLANIR AF NÝJUM TILBOÐUM

**0%
VEXTIR**
ALLAR VÖRUR
VAXTALAUST Í
12 MÁNUÐI

Ka skil afur
tökur með restlosum
frágreiðslum til allt
að 12 mánaða með 0,2%
færsluálagi og 34%
veikluálagi af hversu
stórtæga.

**ENN
BETRA
VERÐ**

**EN
BETRA
VERÐ**

16GB
Ósmár og
þunnt
1.590.000
4GB 990 • 8GB 1.490 • 16GB 1.990

**ÁDEINS
147gr**

500GB FLAKK
Flakktur, lesnar og lesarður. Össamt
USB3.0 leiðfærari á ströngu 6800watt!
9.990
1TB 14.900 | 1.5TB 24.900



7" SPJALDTÖLV
Spjaldtölvu fyrir heil, tölu, bakgrunn
Internetið og tölvuþráttir með Android!
14.900
ÓTRÜLEG TILBOÐ!

**SMELLTU
Á KÖRFUNA**
NETBÆKFLINGUR Á
WWW.TOLVUTEK.IS
MEÐ GAGNVIRKUM
KÖRFUHNAPP

**SMELLTU
Á KÖRFUNA**
NETBÆKFLINGUR Á
WWW.TOLVUTEK.IS
MEÐ GAGNVIRKUM
KÖRFUHNAPP

8BLS
NETBÆKFLINGUR
STÚTFULLUR AF
GLÆSILEGUM
TILBOÐUM



OPNUNARTÍMAR
Fimmtu-Föstudag
10:00 - 18:30
Verslunarm.helgi
3-5 Ágúst Lokað



TÖLVUTEK

Reykjavík • Borgartúni 31 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900



Birt með fyrirvara um breytingar, innsláttarvillur og myndbreytingar

Að þegja lífið í hel

BÆKUR ★★★★★

Dagar í sögu þagnarinnar

Merethe Lindström
Þýðing: Einar Ólafsson
Draumsýn

Skáldsagan Dagar í sögu þagnarinnar eftir norsku skáldkonuna Merethe Lindström, sem hlaut Bókmenntaverðlaun Norðurlandaráðs árið 2012, er nú komin út á íslensku. Sagan lætur lítið yfir sér við fyrstu sýn, þar segir öldruð kona Eva að nafni frá daglegu lífi sínu og baráttunni við elliglöp eiginmannsins Símonar. Smátt og smátt hleður þó sagan utan á sig og teygir anga sína allt aftur í gyðinga-ofsóknirnar í seinni heimsstyrjöldinni.

Símon er nefnilega gyðingur sem missti alla fjölskyldu sína í heilförlunni, en segir ekki nokkrum manni frá því, ekki einu sinni dætrum sínum þremur. Eva á líka myrkt leyndarmál sem lætur hana ekki í friði en hún segir heldur engum frá. Þögnin hleðst upp á milli þeirra og eittrar út frá sér þar til Símon hættir nánast að tala og hverfur inn í eigin heim. Þegar ofan á bætast samskipti þeirra hjóna við lettnesku hreingerningarkonuna Mariju, sem ekkert má heldur vita um leyndarmálin verður úr marglaga og djúp saga sem smeygir sér undir húð lesandans og sest um kyrrt.

Stíll sögunnar er látlaus og yfirlætislaus eins og hæfir sléttu og felldu yfirborði lífs Evu, en

undir krauma öll ósögðu orðin, skömmin og óttinn svo úr verður ansi hreint magnaður kokkteill. Persónusköpunin er vandlega unnin og allt þetta fólk gæti verið nágrannar í næsta húsi enda er það eitt af grunnstefjum sögunnar hversu óskaplega lítið við í rauninni vitum hvort um annað.

Bygging sögunnar minnir um margt á sakamálasögur, hér er upplýsingum miðlað í örsmáum skömmtum og lesandinn er orðinn nánast viðþolslaus af forvitni um hver þessi skelfilegu leyndarmál séu og hvaðan þessi djúpa sorg sé spröttin þegar það rennur upp fyrir honum að það er sögukonan löngu búin að láta uppi. Fyrsti kafli bókarinnar geymir í raun lyklna að öllu sem á eftir kemur, en eins og í lífinu sjálfu rennur merking hans ekki upp fyrir lesanda fyrr en langt er liðið á sögu. Það sem er augljóst er oft ósýnilegast.



Þýðing Einars Ólafssonar er vel af hendi leyst, látlaust málfar og enginn þýðingarkeimur en prófarkalestur hefði að ósekju mátt vera vandlegri, víða vantar smáorð og stundum standa orð í röngu falli. Smámunasemi kannski að láta slíkt ergja sig en eins vandaður texti og hér er boðið upp á verðskuldar að rækt sé lögð við frágang hans.

FRÍÐRIKA BENÓNÝSDÓTTIR

NIÐURSTAÐA: Verðlaunaskáldsaga Norðurlandaráðs frá því í fyrra. Kynngimögnum saga sem snertir hressilega við lesandanum.



SKYNDREYMI OG TÁKNVILLA
Þórður Grímsson sýnir í Artímu gallerí til 4. ágúst. FRÉTTABLAÐID/ARNPÓR

Hrífst af fegurðinni í óhugnaði og myrkri

Svartval, öðru nafni Þórður Grímsson, opnaði í gær sýninguna Skyndreymi og táknvilla í Artímu gallerí við Skúlagötu. Þar sýnir hann prentverk, silkibrykk og teikningar sem eiga upphaf sitt í rannsókn á fagurfræði tákna og formúla.

Ég hef verið að rannsaka geómetrísk tákni út frá hinna heilögu geómetríu og gullinsniði, sem sagt þeim táknum og mælieiningum sem binda heiminn saman," segir Þórður Grímsson myndlistarmaður sem í gærkvöldi opnaði sýninguna Skyndreymi og táknvilla í Artímu gallerí undir listamannsnafninu Svartval. „Mér finnst einhver fagurfræði í þessum táknum og formúlum þannig að ég tek þau inn og bý til minn eigin heim sem vonandi segir áhorfendum eitthvað um þessa rannsókn.“

Inn í þennan heim Þórðar spila kenningar Jungs og Freuds en hann segir það beintengt þeim rannsóknum sem hann hefur stundað. „Það er þessi sameiginlega undirmerktund, það að við skynjum öll tákni á svipaðan hátt, og svo að sjálfsgögu

óhugnaðurinn í listum og hverjar eru forsendur heimsins sem maður býður fólki inn í í verkunum.“ Þórður útskrifaðist úr LHÍ 2009 og hefur síðan haldið eina einkasýningu á ári auk þess að taka þátt í samsýningum. Eru viðfangsefni hans alltaf þau sömu? „Já, ég hef eiginlega alltaf verið að vinna í þessum heimi. Ekki alltaf í sama miðlinum samt, hef unnið í hina og þessa miðla. Á þessari sýningu er mikið prentverk og teikningar, en áður hef ég stundum verið í blekmálun, vídeói og bara þeim miðli sem hentar efnivíðnum best hverju sinni.“

Þórður segir áhugann á þessum heimi hafa kviknað þegar hann vann að BA-ritgerð sinni sem fjallaði um óhugnað í listum. „Hvað það er sem vekur óhug og

fegurð á sama tíma og hvaða fegurð leynist í myrkrunu. Það er það sem hrífur mig.“

Nafn sýningarinnar er nokkuð sérstakt, hvað liggur þar að baki? „Þetta er svona orðarugl úr orðunum skynvilla og táknreymi. Mann dreymir tákni og ég vildi snúa þessu við og búa til einhver ekki-orð.“

Þetta listamannsnafn, Svartval, hvaða merkingu hefur það? „Þetta er bara nafn sem ég hef notað lengi og hefur vísun í Stórval þar sem hann var naíviskur málari. Sjálfur er ég naíviskur hugarlandslagsmálari.“

Sýningin í Artímu stendur til 4. ágúst og sýningarstjórar eru Heiða Jónsdóttir og Anna Margrét Björnsson.

fridrikab@frettabladid.is

Efnilegur fiðluleikari

TÓNLIST ★★★★★

Tónleikar:

Hulda Jónsdóttir fiðluleikari lék verk eftir Bach, Paganini, Bartók, Ysaÿe og Viktor Orra Árnason. Listasafni Sigurjóns Ólafssonar þriðjudaginn 30. júlí.

Hljómurinn í Listasafni Sigurjóns Ólafssonar hentar fiðlu ekkert sérstaklega vel. Endurómunin er mjög lítil, sem gerir rödd fiðlunnar fremur þurra. Þetta háði Huldu Jónsdóttur fiðluleikara nokkuð á tónleikum í safninu á þriðjudagskvöldið.

Hulda lauk nýverið B.Mus.-gráðu úr Juilliard tónlistarháskólanum, og hyggst hefja frekrar nám þar í haust. Maður heyrði strax á fyrstu tónunum að hún er efnileg. Ciaccona úr 2. einleikspartítunni eftir Bach var stílhrein og nákvæm. Hulda lék af alúð og vandvirkni, en ég saknaði ástríðunnar í tónlistinni. Bach var vissulega ekki rómantískt tónskáld. Engu að síður eru sterkar tilfinningar í tónmáli hans, sem skiluðu sér ekki almennilega. Skorturinn á endurómun salarins gerði verkið enn litlausara.

Svipaða sögu er að segja um nýndu kaprísu Paganinis. Hún á að vera létt og leikandi, en var þvert á móti ósköp þunglamaleg, of hæg og ekki nógu taktföst. Ellefta kaprísan var mun skemmtilegri; það er ekki auðvelt að spila hana en Hulda flutti hana með sannfærandi tilprifum.

Eitt íslenskt verk var frumflutt á tónleikunum, Vögguvísa eftir Viktor Orra Árnason. Hún kom vel út; tónlistin byggðist á einfaldri línu sem var skemmtilega skyggð með ómstríðum hljómagangi. Útkoman



var athyglisverð og heillandi.

Fyrsti kaflinn úr einleiksónótunni eftir Bartók hitti hins vegar ekki í mark. Hann var beinlínis leiðinlegur – það vantaði andstæðurnar og snerpuna í túlkunina.

Sónata op. 27 nr. 4 eftir Ysaÿe var talsvert betri. Krafturinn var reyndar ekki mikill, þó óneitanlega hafi túlkunin verið lærd og skynsamlega sett fram. Maður vill bara meira í þessari tónlist; hún er svo mögnuð, lifandi og ævintýrakennð þegar hún er virkilega glæsilega spiluð.

Hulda er vissulega efnilegur fiðluleikari. Eins og áður sagði lék hún margt af vandvirkni og hún hefur fallegan tón. Það er samt ekki nóg. Hún á enn langt í land ef hún ætlar sér að ná viðunandi árangri á einleikarabrotunni. Skáldskapurinn í túlkuninni verður að vera grípanði. Fiðluleikaranum verður liggja eitthvað á hjarta með tónlistinni. Það var ekki alltaf að heyra á þessum tónleikum.

JÓNAS SEN

NIÐURSTAÐA: Efnilegur fiðluleikari en tónlistin komst ekki alltaf á flug.



Glæsilegt nýtt prjónablað Yr 54 er komið í verslanir

TAX FREE

DAGAR



AFNEMUM VSK ALLAR ÚTILEGUVÖRUR ÁN VIRÐISAUKASKATTS*



AFNEMUM VSK SUMARLEIKFÖNG ÁN VIRÐISAUKASKATTS*

Gildir til 5. ágúst á meðan birgðir endast.

*Að sjálfsgöðu fær ríkissjóður 25,5% virðisaukaskatt af þessari sölu. Verðlækkunin 20,32% er alfarið á kostnað Hagkaups.



OPIÐ

allan sólarhringinn
Garðabær, Skeifan
& Eiðistorg

og á Akureyri
í sumar!

HAGKAUP

Ein ferð betra verð

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

FIMMTUDAGUR
1. ÁGÚST 2013

Tónleikar

22.00 Bítladrengrirnir blíðu og Þór Breiðfjörð söngvari halda tónleika á Ob-La-Di-Ob-La-Da, Frakkastíg 8, í kvöld klukkan 22.00.

Kvikmyndir

20.00 Frumsýning á heimildamyndinni um kvennapönkhljómsveitina Pussy Riot í Bíó Paradís kl. 19.30. Kvennapönkhljómsveitin Viðurstyggð mun hita upp og léttar veitingar verða í boði frá kl. 19.30. Myndin hefst kl. 20.00. Hægt er að tryggja sér miða á midi.is en einnig er hægt að kaupa miða á frumsýninguna í miðasölu Bíó Paradís en hún er opin daglega frá kl 17.

Tónlist

20.00 Aurora Borealis munu koma fram í Viðeyjarstofu í kvöld kl. 20.00. Margrét Hrafnadóttir og Ave harmonikkuleikari flytja einungis verk eftir konur. Á efnisskránni er frumflutningur eftir Ingibjörgu Guðlaugsdóttur en einnig verða verk flutt eftir Hafðísi Bjarnadóttur, Hildigunni Rúnarsdóttur og Ingunni Bjarnadóttur. Það kostar 2.700 krónur á tónleikana og sigling með ferjunni er innifalinn. Miðasala fer fram á midi.is. Ferjan siglir frá Skarfabakka við Sundhöfn kl. 19:15 og til baka að tónleikum loknum.

20.00 Djasstríóíð Ungút heldur aukatónleika í tónleikasalnum Hljóðbergi í Hannesarholti í kvöld kl. 20.00. Flutt verður efni af nýútkominni plötu tríósins, Blástjörnnunni. Um er að ræða íslensk þjóðlög í útsetningu og flutningi djasspíanistans Peter Arnesen. Miðaverð er 2.000 krónur og selt er inn við hurðina.

20.00 Bachsveitin kemur fram í Skálholts-

kirkju ásamt hornleikurunum Ellu Völu Ármannsdóttur og Olivier Picon og Sígurði Halldórssyni á pikkolóselló.

21.00 Myrra Rós og Elín Ey halda tónleika á Café Rosenberg í kvöld klukkan 21.

22.00 Bíó Paradís heldur fjórðu tónleika sumarsins. Verða þeir í stóra sal hússins og hefst tónlistin klukkan 22.00. Arnljótur og Samaris koma fram. Klængur Gunnarsson, listamaður sér um sjónrænar brellur meðan á tónleikum stendur. Aðgangur er ókeypis og verður sjoppin opin að vanda. Tilboð á bjór og poppkorni.

22.00 Í tilefni útgáfu stuttskífunnar Aquarium með kimono verður boðað til tónleika á Faktory í kvöld. Bandarísk-íslenski dúettinn Low Roar kemur einnig fram. Miðasala opnar kl 21.00 og hefjast tónleikarnir svo stundvíslega kl 22.00. Miðaverð er 1.500 kr.

Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is



HEIMSMEISTARAMÓT Í BEINNI!

BEIN ÚTSENDING ALLA DAGA FRÁ MORGNI TIL KVÖLDS

4.–11. ÁGÚST



VEISLA FYRIR HESTAMANNINN

Heimsmeistaramót íslenska hestsins verður haldið í Berlín í Þýskalandi dagana 4.–11. ágúst og verður Stöð 2 Sport með beinar útsendingar frá mótinu alla keppnisdagana og samantektarþætti á kvöldin. Keppt er í sjö keppnisgreinum: tölta, slaktaumatölta, fjórgangi, fimmgangi, gæðingaskiði, 250 metra skiði og 100 metra flugsskiði. Mótið verður formlega sett næstkomandi sunnudag en þá mun Dorrit Moussaieff, forsetafrú, ríða í gegnum Brandenborgarhlíðið í Berlín. Fylgstu með færustu knöpunum og flottustu fákunum á Stöð 2 Sport.



Telma Tómasson, Logi Laxdal og Steindór Guðmundsson munu hafa umsjón með íslenskum lýsingum frá Heimsmeistaramóti íslenska hestsins á Stöð 2 Sport.



Samaris Upphitun fyrir Innipúkann fer fram á Kex í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Hitað upp fyrir Innipúkann

Upphitun fyrir tónlistarhátíðina Innipúkann fer fram á Kexi hosteli í kvöld. Hljómsveitin Samaris kemur fram og einnig gefst gestum færi á að kaupa armbönd inn á hátíðina sjálfa á staðnum.

Samaris var stofnuð í Reykjavík árið 2011 og samanstendur af söngkonunni Jófríði Ákadóttur, raftónlistarmanninum Þórði Kára Steinþórssyni og Áslaugu Rún Magnúsdóttur sem spilar á klarinett. Tónleikarnir hefjast klukkan 21.



Í SVEIFLU Það var ekki að sjá á tónleikum Niles Rodgers í Hörpu að hann væri veikur. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR BIRKISSON

Nile Rodgers við hestaheilsu

Íslandsvinurinn og diskókonungurinn Nile Rodgers, sem tróð upp í Hörpu með hljómsveit sinni Chic fyrr í mánuðinum, hefur gefið frá sér yfirlýsingu þess efnis að hann hafi sigrast á krabbameini sem hefur hrjáð hann undanfarin ár. Hann var fyrst greindur með krabbameinið árið 2010.

Rodgers segir jafnframt að velgengni hans undanfarið, meðal annars með sumarsmellinum Get Lucky, sem hann samdi með hljómsveitinni Daft Punk, hafi hjálpað honum að yfirstíga sjúkdóminn. Hann lýsti því sjálfur yfir í viðtali vestanhafs, við The Official Charts Company, fyrr á þessu ári.

Setja upp tvær sýningar á Íslandi

Listaparið Øyvind Aspen og Mercedes Mühleisens setja upp tvær sýningar um helgina. Þau segja Íslendinga frábæra því þeir geri það sem þeim dettur í hug.

Øyvind Aspen og Mercedes Mühleisens starfrækja galleríð Tidens Krav í Osló við góðan orðstír og sýna verk sín hvort í sínu lagi á Íslandi um helgina.

„Í Noregi eru Íslendingar með það orðspor að þeir geri það sem þeim dettur í hug – en á góðan hátt. Við elskum það,“ segir Mercedes um álit sitt á Íslendingum. „Þið borguð- uð ekki Icesave-skuldina, eruð ekki í ESB og eruð með uppstandara sem borgarstjóra,“ segir Øyvind.

Sýningin An Object Lesson eftir Mercedes verður opnuð í gallerí Kunstschlager á laugardaginn. Øyvind opnar einnig sýningu sama dag sem ber nafnið HARD WORK LARD WORK ART WORK í Gallerí Dverg, en hann er einn þekktasti unglitamaður Noregs um þessar mundir. Mercedes Mühleisens fæst við skúlptúra, innsetningar, vídjó og gjörninga. Øyvind vinnur aðallega með myndbandsmiðilinn, texta, skúlptúr og gjörninga.



MERCEDES MÜHLEISEN OG ØYVIND ASPEN Parið er í óða önn að setja upp sýningar í Kunstschlager-galleríinu og Gallerí Dverg.

Sigur Rós og Retro Stefson

Hljómsveitirnar standa fyrir blokkpartí á Harlem.

Á föstudaginn ætla íslensku hljómsveitirnar Sigur Rós og Retro Stefson að standa fyrir kvöldi á skemmtistaðnum Harlem í Reykjavík. Kvöldið heitir Retro Stefson blokkpartí en er óhefðbundið að því leyttu til að hljómsveitirnar munu senda fulltrúa frá sér til að þeyta skífum í stað hefðbundinna tónleika.

Sigur Rós kom fram með svipað DJ-sett á skemmtistað í Berlín á dögnum, við almennt góðar undirtektir viðstaddra.



HLJÓMSVEITIN SIGUR RÓS Er þekkt fyrir að fara ótroðnar slóðir.



EKKI SÁTT VIÐ BOLINN Rihanna var allt annað en sátt við bolinn sem Topshop framleiddi.

Fær 600 milljónir í bætur

Rihanna vann mál sem hún höfðaði gegn verslanakeðjunni Topshop í gær og voru henni dæmdar um 600 milljónir króna í bætur. Topshop hóf framleiðslu og sölu á bolum með mynd af söngkonunni en hún var alls ekki sátt við framtakið. Myndin sem prýddi bolinn var tekin árið 2011 við tökum myndbandsins við lagið We Found Love. Rihönnu þótti myndin ekki flott og töldu lögfræðingar hennar að bolurinn hefði haft slæm áhrif á orðstír hennar. Söngkonan var ekki viðstödd réttarhöldin í gær en hún er eflaust sátt við niðurstöðuna, enda þónokkrum milljónum ríkari.



OF ÓPÆGILEGT Amanda vill ekki að faðir sinn horfi á nektarsenur hennar.

Heldur fyrir augun á pabba

Amanda Seyfried ætlar að halda fyrir augun á föður sínum þegar hann horfir á nektarsenurnar í nýjustu mynd hennar, Lovelace. Hin 27 ára leikkona fer með hlutverk klámstjórnnunnar Lindu Lovelace í myndinni en hin raunverulega Linda lék í hinni umdeildu mynd Deep Throat. Amanda er staðráðin í því að horfa á myndina með pabba sínum, Jack, svo hún geti varað hann við þegar nektarsenurnar nálgast. „Ég ætla að sitja með honum og koma í veg fyrir að hann sjái brjóstin á mér. Hann má ekki sjá mig nakta,“ sagði leikkonan í viðtali hjá David Letterman á þriðjudaginn.

THULE® Ferðabox og hjólafestingar

Framúrskarandi
fyrirtæki 2012



Stilling hf. | Sími 520 8000 | stilling.is/ferdavorur | stilling@stilling.is



kronosspa



FEGRADU HEIMILIÐ

Glæsilegt blað er komið út, úrval af parketi,
flísum, hreinlætistækjum og ljósum.

Allt til að fegra heimilið í nýja BYKO blaðinu.



Skoðu á BYKO.is



Vnr. 17800080
E-stone Indian Sand stone gegnhellar frostþolnar
steinflisar á gólf og veggj, 30x60 cm. **4.190** kr./m²



Vnr. 52248042
ANANAS loftljós.
12.900 kr.



Vnr. 52248043
Loftljós hvítt, 50 cm.
13.900 kr.



Vnr. 10705065
Neptun bogahorn 88x88, hæð 195 cm. **48.990** kr.



Vnr. 52246852
SKIP borðlampa, 5 litr.
1.490 kr.



Vnr. 52237286
LIVORNO loftljós, 38 cm, K9, kristal.
19.900 kr.



Vnr. 10700063
GLASS akrýl sturtubaðkar með fótum,
170x75 cm. Án svuntu og nudds
49.990 kr.



Vnr. 0113450
KRONOSPAN SARAGÓSSA plastparket, eik,
7x192x1285 mm, fúlkomið víðarparketsúlit.
1.890 kr/m²

Vnr. 0113446
KRONOSPAN Harlech eik 8 mm,
192x1285 mm, plankaparket.
2.990 kr/m²

0113722
STEIRER smelluparket, eik Country,
þriggia stafa, 182x2200 cm, 14 mm.
4.990 kr/m²

0113736
STEIRER eik Rustik plankaparket
182x2200 cm, 14 mm.
9.990 kr/m²



BYKO

BÚÐU BETUR. BORGADU MINNA.



facebook.com/BYKO.is



Vnr. 15327794
GROHE NewTempsta III sturtuset.
7.990 kr.



Vnr. 15328105
GROHE sturtubarki, 1500 mm.
1.990 kr.



Vnr. 15332661
GROHE Conetto eldhústæki.
24.995 kr.



Vnr. 15332925
GROHE Eurosmart handlaugataki.
12.490 kr.



Vnr. 15332898
GROHE Essence Slim handlaugataki.
22.990 kr.



Vnr. 13002350/60
GUSTAVSBERG salerni með setu.
42.990 kr.



Vnr. 13002330
GUSTAVSBERG salerni með harðri setu.
25.990 kr.

GÆÐAVÖRUR Í MIKLU ÚRVALI!



TÓNINN GEFINN

Haukur Viðar Alfreðsson

„Það er bannað að skammast sín fyrir að fíla tónlist og það er bannað að láta aðra skammast sín fyrir að fíla tónlist.“ Þetta skrifaði einhver friðelskandi meðlimur Facebook-hóps sem ég tilheyri þar sem oft myndast fjörugar umræður um tónlist.

Mér fannst mikil og góð speki í orðunum og velti því fyrir mér hvers vegna maður skammast sín stundum fyrir það hallærislegasta sem maður heldur upp á. Það er eins og að skammast sín fyrir að hrifast af manneskju sem öðrum finnst ófríð. Það er ekkert vit í því, og ég bendi á að ef allir hrifust af því sama væri ljóta fólkið útdautt fyrir löngu.

Ég líft svo á að það sé réttur minn að mega halda upp á hvern þann tónlistarmann sem mér hugnast án þess að verða fyrir aðkasti samborgara minna. Ég á ekki að þurfa að fela lummulegu þungarokksdiskana mína frá tíunda áratugnum inni í skáp í hvert sinn sem einhver með puttann betur á púlsinum kemur í heimsókn.

En þetta er tveggjað sverð. Um leið neyðist

ég eiginlega sjálfur til að sýna gott fordæmi og hætta að stríða góðum vini mínum á tónlistinni sem hann hlustar á. Hann hefur gaman af Nickelback og James Blunt, svo dæmi séu tekin, og ég hef gerst sekur um heimlikil leiðindi í hans garð vegna þess.

Ég hef ekki tekið ákvörðun um það hvort ég láti af þessari hegðun minni en ég bið aðra vinsamlegast um að leyfa mér að hlusta á glataða tónlist í friði.



Í spilaranum



Samaris – Samaris
Sigur Rós – Kveikur
Ásgeir Trausti – Dýrð í dauðabögn

Seinasta plata Nirvana endurútgefin

Aðdáendur Nirvana, gruggsveitarinnar sálugu, eiga von á góðu í haust þegar platan *In Utero* verður endurútgefin í tilefni af 20 ára afmæli hennar.

Senn eru liðin tuttugu ár frá dauða Kurts Cobain, söngvara, gítarleikara og lagasmið hljómsveitarinnar Nirvana. Þann 8. apríl 1994 fannst hann látinn á heimili sínu í borginni Seattle og er talið að hann hafi fyrirfarið sér þremur dögum áður. Gruggarar um víða veröld syrgðu þennan vinsæla tónlistarmann og fljótlega fóru samsæriskenningar að skjóta upp kollinum.

Það er viðbúið að andlátsins verði minnst með einhverjum hætti næsta vor, en nú þegar hefur verið tilkynnt um endurútgáfu plötunnar *In Utero* í haust. Platan var þriðja og síðasta hljóðversplata Nirvana og kom út 13. september 1993.

Uppþökustjórn var í höndum hávaðaseggsins Steves Albini og þótti hljómurinn heldur groddalegri en á stjarnfræðilega vinsælum forveranum, plötunni *Nevermind*. Hljómsveitinni fannst sem þónakaðar lagasmiðarnar hefðu slípast fullmikið í höndum uppþökustjórans Butch Vig, en hann hafði dregið poppuðustu og melódískustu hliðar sveitarinnar fram á *Nevermind*.

Hljómsveitar meðlimir voru hins vegar tvístígandi eftir að uppþökum lauk og á síðustu stundum voru nokkur lög endurhljóðblönduð og heildarhljómurinn mýktur örlítið, þrátt fyrir mótbárur Albinis.

Hráleikinn var þó enn til staðar og gagnrýnendur voru yfir sig hrifnir af *In Utero*. Fjölmargir aðdáendur sveitarinnar telja plötuna þá bestu sem hún gaf út og að á henni hafi Nirvana fullkomnað hljóm sinn.

Afmælisútgáfan kemur út þann 24. september og inniheldur þrjá geisladiska og einn DVD-disk. Platan verður þar bæði í upprunalegri og í endurhljómjafnaðri útgáfu, ásamt endurhljóðblönduðum tilraunauppþökum (demóum) og hinum frægu en áður ófáanlegu *Live and Loud*-tónleikum MTV í heild sinni.

haukur@frettabladid.is



TUTTUGU ÁR Senn eru liðin tuttugu ár frá dauða Kurts Cobain, söngvara og gítarleikara Nirvana.

Harmsaga söngvara

Nirvana fylgdi *In Utero* eftir með tónleikaferðalagi um Bandaríkinn í október. Að því loknu fór sveitin til Evrópu en þurfti að aflýsa ferðalaginu í byrjun marsmánaðar 1994 eftir að Cobain tók of stóran skammt af Rohypnoli í Róm og lenti á spítala. Þann 18. mars kallaði eiginkona Cobains, Courtney Love, eftir aðstoð lögreglu á heimili þeirra hjóna. Cobain var í sjálfsvígshugleiðingum og hafði læst sig inni í herbergi með byssu. Hann samþykkti í kjölfarið að fara í meðferð, en lét sig hverfa af meðferðarheimilinu 1. apríl og spurðist ekkert til hans fyrr en hann fannst látinn á heimili sínu viku síðar.

25.7.2013 → 31.7.2013



LAGALISTINN

1	▲ Olly Murs	<i>Dear Darlin'</i>
2	▼ Capital Cities	<i>Safe and Sound</i>
3	► Nýdönsk	<i>Iður</i>
4	▲ Kaleo	<i>Vor í Vagaskógi</i>
5	▲ John Newman	<i>Love Me Again</i>
6	▲ Hjaltalín	<i>Halo</i>
7	▲ Dr. Gunnir og Friðrik Dór	<i>Glaðasti hundur í heimi</i>
8	▲ Dikta	<i>Talking</i>
9	▲ Pink / Lily Allen	<i>True Love</i>
10	▲ Michael Bublé	<i>It's a Beautiful Day</i>

TÓNLISTINN

1	▲ Ýmsir	<i>This Is Icelandic Indie Music</i>
2	▲ Samaris	<i>Samaris</i>
3	▼ Sigur Rós	<i>Kveikur</i>
4	▼ Ásgeir Trausti	<i>Dýrð í dauðabögn</i>
5	▲ Of Monsters and Men	<i>My Head Is an Animal</i>
6	▲ Ýmsir	<i>Inspired by Harpa</i>
7	▼ Ýmsir	<i>Tíminn flýgur áfram</i>
8	▼ Ýmsir	<i>Einnar nætur gaman með Sigga Hlö</i>
9	▲ Ýmsir	<i>Fjölskyldualbúmið</i>
10	▼ Ýmsir	<i>Acoustic Iceland</i>

Skýringar ► Stendur í stað síðan í síðustu viku ▼ Fellur um sæti síðan í síðustu viku ▲ Hækkar á lista síðan í síðustu viku ★ Nýtt á lista Listarnir eru teknir saman fyrir Félag hljómplötuframleiðenda. Listarnir eru birtir í heild sinni á visir.is

Þátttakendur í Lagalistanum Bylgjan, FM957, Xið 977, Rás 2, K100,5, tonlist.is. **Verðslanir í Tónlistanum** Skífan, Hagkaup, Penninn/Eymundsson, 12 tónar, Harpa, Smekkleysa plötubúð, Elko, tonlist.is.

Minna að fletta meira að fréttu

Frábært úrval afþreyingar, ferskar fréttir, fjölbreytt efnisval, myndrænt viðmót og færri flettingar.

Þess vegna var visir.is kosinn **besti fréttu- og afþreyingarvefur ársins á Íslensku vefverðlauninum 2012**.

visir.is



BESTI FRÉTTA- OG AFÞREYINGARVEFURINN

Úr umsögn dómnefndar: „Vefurinn býður upp á margskonar afþreyingu auk gífurlegs úrvals fréttu. Vefurinn er léttur og skemmtilegur auk þess sem einfalt og fljótlegt er að finna það efni sem leitað er að.“

ÁSKORENDALEIKUR



Auknar vinningslíkur um allt land

Á Facebook-síðu Orkunnar getur þú gert skemmtilegt plakat af **ÞÉR** og **David James** á einfaldan hátt.

Þeir sem gera plakat af sér **AUKA LÍKUR** sínar á því að komast í vítaspyrnukeppnina gegn David James.

Skráning og frekari upplýsingar á www.orkan.is/askorun



www.orkan.is/askorun

20 viðskiptavinir sem skrá sig í Áskorendaleik Orkunnar vinna sæti í vítaspyrnukeppni gegn David James þar sem keppt er um **100.000 kr. inneignarkort**.



ORKAN

AFSLÁTTUR VINSTRI HÆGRI!

Símanúmer þjónustuværs: **578 88 00**

Sigourney Weaver sem Skuggaveiðari

Leikkonan er í viðræðum við framleiðendur um hlutverk í kvikmyndaröðinni Mortal Instruments.

Framleiðendur kvikmyndaraðarinnar Mortal Instruments eru nú í viðræðum við stórkonuna Sigourney Weaver um að taka að sér hlutverk leiðtoga Skuggaveiðaranna, eða Shadowhunters eins og þeir kallast á enskri tungu. Kvikmyndaröðinni er spáð svipaðri velgengni og Twilight og Hungurleikunum.

Myndirnar segja sögu Clary Fray, sem leikin er af Lily Collins, sem kemst að því í fyrstu myndinni, City Of Bones, að hún tilheyrir hópi Skuggaveiðara og getur séð og sigrað illa ára.

City Of Bones verður frumsýnd í Bandaríkjunum þann 21. ágúst næstkomandi og skartar Jamie Campbell Bower, Kevin Zegers, Jonathan Rhys Meyers, Jemima West og Robert Sheehan í helstu hlutverkum auk Cole.



Í VIÐRÆÐUM Sigourney Weaver er í viðræðum við framleiðendur myndanna Mortal Instruments.

NORDICPHOTOS/GETTY

Ben Foster leikur Lance Armstrong

Vinna að nýrri kvikmynd sem byggð er á ævi Lance Armstrong er nú hafin, sú þriðja á stuttum tíma.

Samkvæmt heimildum vestanhafs er Ben Foster á lokastigi samningaviðræðna við framleiðslufyrirtækið Working Title um að leika Lance Armstrong í kvikmynd sem mun fjalla um feril Armstrongs. Meðal annars verður fjallað um lyfjaneyskið sem upp komst um fyrr á þessu ári og varð margföldum sigurvegum Tour de France að falli.

Þessi kvikmynd er ein þriggja mynda sem eru í bígerð og byggja á lífi og ferli Armstrongs.

Framleiðslufyrirtækið Paramount er að vinna að kvikmyndaðlögum á bókinni Cycle of Lies: The Fall of Lance Armstrong, og Warner er einnig að undirbúa aðra útgáfu sögunnar.

Working Title hefur þegar ráðið til sín handritshöfundinn John Hodge, sem er hvað þekktastur fyrir að hafa skrifað handritið að kvikmyndinni Train-spotting.

- ósk



HAFÐU FJÖLPÓSTINN ÞINN Í FRÉTTABLAÐINU

Fréttablaðið er mest lesna dagblaðið með glæsilegt forskot á keppinautana. Meðalbestur Fréttablaðsins í aldurshópnum 25-54 ára er 73% á höfuðborgarsvæðinu.*

Við bendum auglýsendum á að notfæra sér forskotið þegar þeir velja dreifingarleið fyrir fjölpóst sinn. Við dreifum sex daga vikunnar til heimila á stærsta markaðssvæði landsins.

Hafðu fjölpóstinn þinn inni í Fréttablaðinu.

Það er áhrifarík leið til að koma skilaboðum um vöru eða þjónustu beint inn á heimilin.

Kannaðu dreifileiðir og verð í síma 512 5448 eða í tölvupóstfangi fjolpostur@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ

Innskot í Fréttablaðið skilar árangri!

*Prentablaðinnun Capacent október-december 2012 - höfuðborgarsvæði 25-54 ára



KOMIN AFTUR Frank Moses, Sarah Ross og Marvin Boggs reyna að halda lífi í framhaldsmyndinni Red 2.

Sótt að Frank Moses úr öllum áttum

Red 2 er beint framhald grín- og hasarmyndarinnar Red frá 2010. Myndin, sem skartar Bruce Willis í einu aðalhlutverkanna, var frumsýnd hér á landi í gær.

Red 2 er beint framhald grín- og hasarmyndarinnar Red frá árinu 2010. Hér bregður gamla brýnið Bruce Willis sér aftur í hlutverk fyrrverandi CIA-útsendarans Franks Moses.

Söguþráður myndarinnar er á þann veg að Moses og kærasta hans, Sarah Ross, reyna eftir bestu getu að lifa eðlilegu lífi eftir atburði síðustu myndar. Dag nokkurn birtist Marvin Boggs, sem leikinn er af John Malkovich, og varar þau við því að líf þeirra sé í hættu því Moses á að hafa verið viðriðinn leynilega hernaðaraðgerð sem kallast Nightshade. Umrædd aðgerð varð til á tímum kalda stríðsins og var tilgangur hennar að smygla kjarnorkuvopni í pörtum til Rússlands. Boggs hefur auðvitað lög að mæla og á þrýkið brátt fótum sínum fjör að launa. Á sama tíma hefur Victoria Winslow, nýjónari og gamall kunningi Moses og Boggs, samband við Moses og tilkynnir honum að hún hafi tekið að sér verkefni á vegum MI6 og verkefnið er að myrða

Prisvar leikið drottningu

Persónan Victoria Winslow, sem leikin er af Helen Mirren, segist í einu atriði í myndinni vera Englandsdrottning. Mirren hefur í þriggja leikið breska drottningu: hún lék Charlotte drottningu í The Madness of King George og Elísabetu II. í myndinni The Queen frá árinu 2006 og aftur í leikritinu The Audience sem sett var á svið breska þjóðleikhússins fyrir stuttu.



Moses. Ekki nóg með það, heldur er leigumorðinginn Han Cho-Bai einnig á höttunum eftir aumingja Moses sem er hvergi óhultur. Nú ríður á að Moses komist til botns í málinu og bjargi þar með lífi sínu og kærustu sinnar.

Leikstjóri myndarinnar er hinn bandaríski Dean Parisot og er þetta fimmta kvikmynd hans. Áður hefur hann leikstýrt myndum á borð við Fun with Dick and Jane, sem er frá árinu 2005 og skartaði Jim Carrey í aðalhlutverki, og gamanmyndinni Galaxy

Quest frá 1999 með Sigourney Weaver í aðalhlutverki.

Leikarahópur Red 2 er langur og öflugur. Með helstu hlutverk fara Bruce Willis, John Malkovich og Marvin Boggs, Mary-Louise Parker sem Sarah Ross, Catherine Zeta-Jones, Lee Byung-hun, Anthony Hopkins, Helen Mirren og Brian Cox.

Myndin hlýtur 41 prósent í einkunn frá gagnrýnendum á vefsíðunni Rottentomatoes og 7,2 í einkunn á Imdb.com.

sara@frettabladid.is

Pussy Riot, Soul of America og Only God Forgives frumsýndar

Nokkrar myndir verða frumsýndar í vikunni. Heimildarmyndin um Pussy Riot, Charles Bradley: Soul of America og Only God Forgives, með Ryan Gosling.

Heimildarmyndin Pussy Riot: A Punk Prayer er frumsýnd í Bíói Paradís þann fyrsta ágúst. Myndin er tekin upp á sex mánuðum, og sýnir ótrúlega sögu þriggja kvenna sem skipa feminísku pönkhljómsveitina Pussy Riot. Þær fluttu verkið „Punk Prayer“ í dómkirkjunni í Moskvu, en í kjölfarið voru þær handteknar og réttarhöld hófust yfir þeim. Myndin sýnir áður óséð myndskildi frá baráttu þeirra í Rússlandi og hvernig alþjóðasamfélagið hefur brugðist við í kjölfarið. Leikstjórar eru Mike Lerner og Maxim Pozdorovkin.

Í heimildarmyndinni Charles Bradley: Soul of America er soul-söngvaranum Charles Bradley fylgt eftir á meðan hann ræðst í útgáfu fyrstu plötu sinnar, No Time for Dreaming, 62 ára gamall. Fram að því hafði hann haft lífibraut af því að flytja lög eftir soul-goðsögnina James Brown. Myndin var frumsýnd á South By Southwest-hátíðinni í Austin en hélt þaðan á allar helstu heimildarkvikmyndahátíðir heims. Myndin er í leikstjórn Poull Brien og verður sýnd í Bíói Paradís þann 2. ágúst.


Leikstjórinn Nicolas Winding Refn og Ryan Gosling leiða aftur saman hesta sína í kvikmyndinni Only God Forgives sem er sýnd í Laugarásbíói á morgun.

Söguvið myndarinnar er Tailand, þar sem enski glæpamaðurinn Julian (Gosling) og bróðir hans, Billy (Burke), reka saman hnefaleikaklúbb. Klúbburinn er yfirskinn fyrir arðbæra smyglstarfsemi.

olof@frettabladid.is



PUSSY RIOT: A PUNK PRAYER Áður óséð myndskildi eru sýnd í þessari áhrifamiklu heimildarmynd.



ONLY GOD FORGIVES Ryan Gosling og Nicolas Winding Refn leiða saman hesta sína á ný í þessari kvikmynd, en þeir unnu síðast saman í kvikmyndinni Drive.

HIN EINA SANNA SKÓSPRENGJA HEFST Í DAG 50-90% afsláttur



Toppskórinn
Outlet

Vinlandsleið 6, Grafarholti
Opíð virka daga: 11-18 • Laugardaga: 11-16
Sunnudaga: 13-17

Toppskórinn
Markaður

Smáratorgi, Kópavogi
Opíð virka daga: 11-18 • Laugardaga: 11-18
Sunnudaga: 12-18

ALLTAF FJÖR UM VERSLUNARMANNAHELGI

Ein stærsta ferðahelgi ársins nálgast óðfluga. Fréttablaðið tók púlsinn á þremur einstaklingum sem ætla að lyfta sér upp um verslunarmannahelgina. Ein tekur stefnuna vestur, önnur til Eyja og sá þriðji ætlar að trítla niður Bergstaðastrætið á Faktory.

- 1 Hvert ferðu um helgina?
- 2 Hefur þú farið þangað áður um verslunarmannahelgi?
- 3 Af hverju varð þessi staður fyrir valinu?
- 4 Með hverjum ferðu?
- 5 Hvað er algjörlega nauðsynlegt að hafa með sér á staðinn?
- 6 Hvað er nauðsynlegt að sjá eða gera á staðnum?
- 7 Hver er eftirminnilegasta verslunarmannahelgin þín?
- 8 Hvaða verslunarmannahelgi var hræðilegust?



Steinþór Helgi Arnsteinsson

umboðsmaður

- 1 Ég fer í raun ekki langt, trítla bara niður Bergstaðastrætið og yfir á Faktory, þar sem Innipúkinn fer fram.
- 2 Já, margo. Þeir sem eitthvað þekkja til miðbæjarins vita að þetta er ein besta helgi ársins til að eyða þar, og þá er hvergi betra að vera en á Innipúkanum.
- 3 Því Innipúkinn er svo yndislega frábær. Svo er ég líka reyndar einn af skipuleggjendum hátíðarinnar í ár.
- 4 Kærustunni, stjúpyninum, mömmu og bara öllum þessum helstu.
- 5 Nike Free Run-strigaskór, til að hoppa og skoppa. Hlýrabolur því maður svitnar svo mikið við að dansa inni á Faktory. Sólarvörn því besta veðrið verður í miðbænum og denim-flík/ur. Það verður að vera eitthvað denim!
- 6 Geiri Sæm auðvitað! Og síðan allir hinir, erfitt að gera upp á milli. Síðan verður gaman að kíkja á Rykkrokk uppi í Breiðholti. Ég ætla líka að hefja helgina á Lunch Beat í hádeginu á föstudaginn. Ég hlakka síðan til að slaka vel á á sunnudeginum á Kexi, þar sem við verðum með dagskrá á torginu fyrir utan hjá þeim.
- 7 Hef átt margar góðar helgar með móður minni. Við fórum til dæmis á Halló Akureyri á sínum tíma, ásamt öðru góðu fólki. Ég var þá á fermingaráldri – og vildi taka þátt í einhverju uppbyggilegu, fór í klettklifur en endaði á slyso með gat á hausnum. Síðan þá hef ég farið meira í grundvallaratriðin eins og bjórdrykkju og að dilla krullunum við góða tóna.
- 8 Ég man sem betur fer ekki eftir neinni. Samt fór á ég á Eldborgarhátíðina og hef farið á Þjóðhátíð. Maður á ekki að gera neitt hræðilegt um verslunarmannahelgina, bara hafa gaman.



Anný Rut Hauksdóttir

starfsmaður í heildverslun

- 1 Ég fer á Þjóðhátíð í Vestmannaeyjum.
- 2 Já, alveg nokkrum sinnum.
- 3 Við erum stór hópur sem hefur farið í nokkur ár í röð núna. Það kemur ekkert annað til greina hjá okkur en Þjóðhátíð í Vestmannaeyjum, enda með fallegri stöðum á landinu.
- 4 Með vinkonuhópnum.
- 5 Lopapeysa er algjört must. Converse-skór, dúnvesti, gönguskór, regnkápa ef skyldi rigna, en ég vona að veðurspáin verði góð við okkur. Svo má ekki gleyma partíhattinum, hann er líka nauðsynlegur.
- 6 Sálín og Stuðmenn standa upp úr hjá mér enda langt síðan þeir voru að spila á Þjóðhátíð. Nú verður Ingó Veður-guð með brekkusönginn sem er skemmtilegt. Hápunktur ferðarinnar er oft þegar Þjóðhátíðarlagið er spilað. ÍBV og FH að einnig að spila í Pepsi-deildinni svo ég læt það ekki fram hjá mér fara.
- 7 Eftirminnilegasta Þjóðhátíðin mín var árið 2002. Það var alveg klikkað veður, en ég skemmti mér alltaf konunglega þrátt fyrir vont veður. Þjóðhátíðin í fyrra 2012 var einnig algjör snilld. Gott veður og frábært fólk sem var með mér.
- 8 Veistu, ég held að ég eigi enga hræðilega verslunarmannahelgi. Þetta er alltaf svo skemmtilegt.

Sunna Ben

myndlistarmaður

- 1 Ég er að fara á Mýraboltann á Ísafirði.
- 2 Eins og ég hef oft farið til Ísafjarðar, enda ættuð þaðan, þá hef ég samt aldrei farið þangað um verslunarmannahelgi áður, og hlakka til að prófa.
- 3 Það er nú aðallega vegna þess að María Rut vinkona mín byrjaði að smala saman nokkrum hressum stelpum í lið í mýraboltann og þegar hún bauð mér ákvað ég að tékka á þessu, ég stóðst ekki mátið að verja helgi með svona hressu gengi. Svo finnst mér líka yndislegt á Ísafirði og þetta er fullkomið tækifæri til að heilsa upp á ættingja þar í bæ.
- 4 Ég fer með snillingunum Maríu Rut Kristinsdóttur, Steingerði Sonju Þórisdóttur og Ólöfu.
- 5 Sko, ég er voða fegin að hafa ákveðið að fórna kúlinu til að vera í skátunum þegar ég var þelgja, ég er ágæt í að pakka og í að ferðast. Við erum ekki í tjaldi svo umstangið og undirbúningurinn helmingast að minnsta kosti en það er alltaf mikilvægt að vera með auka sokka og skó, nærföt, sundföt, hlý föt, lopapeysur og regnstakka. Veðrið á Íslandi er svo ófyrirsjáanlegt að ég tek frekar áhættuna á að vera með of mikið en of lítið. En hlýju fötin eru fremst í flokki, ég hef brennt mig á því að fara á LungA á Seyðisfyrði í leðurjakka, gollu og leggings, og það var alls ekki nóg.
- 6 Ég hlakka ógeðslega til að sjá mýraboltann sjálfan, ég er ekki viss um að ég þori að taka þátt en kannski tekst mér að þamba í mig kjark. Svo hlakka ég til að sjá Retro Stefsson spila, það er alltaf ávísun á gleði og stuð.
- 7 Þetta er erfitt, ég hef átt margar skemmtilegar. En það stendur vissulega upp úr þegar ég var 16 ára og fór með öllum goth-vinahópnum mínum til Akureyrar á fylliri. Þetta var í fyrsta sinn sem við höfðum ferðast saman og allir voru stífmálaðir og nákvæmlega stílfæraðir allan tímann. Ég hef nokkrum sinnum farið til Akureyrar með mismunandi vinahópum og það hefur alltaf verið ótrúlega gaman. Svo var líka yndislegt í fyrra þegar við fjölskyldan héldum ættarmót uppi í sumarbústað og héldum brennu þar sem við brenndum allt gamla draslið sem enginn vildi nota lengur, það var fáránlega gaman.
- 8 Mér dettur engin hræðileg verslunarmannahelgi í hug, en það var frekar hræðilegt þegar ég var á leiðinni til Akureyrar með vinkonum mínum 2006 og ég fékk að hoppa út í móa að pissa, svo þegar ég var búin og ætlaði að girða upp um mig varð mér litið á lærið á mér þar sem á sat kónguló á stærð við hausinn á mér. Mér brá mikið og stökk af stað að reyna að hrista hana af með allt niðrum mig, kom svo inn í bíl og skalf af klígju á meðan vinkonurnar hlógu alla leið til Akureyrar.



≡ Hljómsveit allra Landsmanna! ≡

STÓRTÓNLEIKAR



≡ **STÓRTÓNLEIKAR** ≡
Í FJÖLSKYLDU- & HÚSDÝRAGARÐINUM
UM VERSLUNARMANNAHELGINA,
SUNNUDAGINN 4. ÁGÚST KL. 20.00

HEIÐURSGESTIR:
GÓGÓ
DANSARARNIR
SVEPPI OG
VILLI!

MÍÐAVERÐ AÐEINS KR. 1.000 Í FORSÖLU Á MIDI.IS - FYRIR FYRSTU 1000 GESTINA.
MÍÐAVERÐ EFTIR ÞAÐ OG VIÐ HLIÐIÐ KR. 1.500. TAKMARKAÐUR MÍÐAFJÖLDI!

mid.is LAUGARÁS BÍÓ www.laugarasbio.is
Miðasala og nánari upplýsingar -bara lúxus sími 553 2075

16	L	L	10
ONLY GOD FORGIVES	STRUMPARNIR 2	STRUMPARNIR 2	RIPD
LAUGARÁSBIÓ	Sýningartímar		
ONLY GOD FORGIVES	6, 8, 10	16	
STRUMPARNIR 2	3.50, 6 3D	L	
STRUMPARNIR 2	3.50 2D	L	
GROWN UPS 2	6, 8	L	
R.I.P.D.	8, 10 3D	10	
SKRÍMSLA HÁSKÓLINN	3.50 2D	L	
THE HEAT	10.10	14	

SAMBÍÓIN SPARBIÓ

BRUCE WILLIS ÁSAMT HEILU HERLIÐI AF LEIKURUM ERU FRABÆR Í ÞESSARI MÖGNUM GRÍN/SPENNUNYND
THE BEST NEVER REST

„JAFNVEL SKEMMTILEGRI EN FYRRI MYNDIN“
WILLIS MALKOVICH PARKER
ZETA-JONES LEE HOPKINS MİRREN

RED 2

BÚIÐ YKKUR UNDIR ÖPEKTTIRI!
STRUMPARNIR 2

STÓRKOSTLEG TEIKNIMYND FRÁ SNILLINGUNUM HJÁ DISNEY/PIXAR
SÝND MEÐ ÍSLENSKU OG ENSKU TALI Í 2D OG 3D

Disney · PIXAR
SKRÍMSLA HÁSKÓLINN

COLIN WIRTH · CAMERON DIAZ · ALAN RICHMAN

GAMBIT

WOLVERINE 3D

ALFABAKKA	EGILSHÖLL
RED 2 KL. 5:40 - 8 - 10:30	RED 2 KL. 8 - 10:30
RED 2 VIP KL. 3 - 5:30 - 8 - 10:30	SMURFS 2 IS.TA.3D KL. 3
GAMBIT KL. 6 - 8:30 - 10:30	SMURFS 2 IS.TA.2D KL. 3:20 - 5:40
PACIFIC RIM 3D KL. 5:15 - 8 - 10:45	THE WOLVERINE 3D KL. 5:20 - 8 - 10:40
MONSTERS UNIVERSITY IS.TA.3D KL. 3:20	PACIFIC RIM 3D KL. 8 - 10:45
MONSTERS UNIVERSITY IS.TA.2D KL. 3 - 3:20 - 5:40	MONSTERS UNIVERSITY IS.TA. KL. 2D: 3:20 - 5:40 3D: 3
MONSTERS UNIVERSITY IS.TA.2D KL. 3:40 - 8	WORLD WAR Z 2D KL. 8 - 10:30
WORLD WAR Z 2D KL. 6 - 8 - 10:30	SMURFS 2 IS.TA.3D KL. 1 - 3:20 - 5:40 - 8
THE LONE RANGER KL. 10:20	SMURFS 2 IS.TA.2D KL. 1 - 3:20 - 5:40
SAMMY 2 IS.TA.2D KL. 4 TILBOÐ 400 KR.	RED 2 KL. 8 - 10:30
AKUREYRI	GAMBIT
RED 2 KL. 8 - 10:30	GAMBIT KL. 8
GAMBIT KL. 8	PACIFIC RIM 2D KL. 10:20
MONSTERS UNIVERSITY IS.TA.3D KL. 5:40	MONSTERS UNIVERSITY IS.TA.3D KL. 1:20 - 3:40
WORLD WAR Z 3D KL. 10:45	WORLD WAR Z 2D KL. 10
THE LONE RANGER KL. 10	THE BIG WEDDING KL. 6
KEFLAVÍK	
RED 2 KL. 8 - 10:10	
SMURFS 2 IS.TA.3D KL. 5:40	
THE WOLVERINE 3D KL. 10:30	
MONSTERS UNIVERSITY IS.TA.2D KL. 5:40	
GROWN UPS 2 KL. 8	

SMÁRA BÍÓ **HÁSHÓLA BÍÓ**

BÚIÐ YKKUR UNDIR ÖPEKTTIRI!
STRUMPARNIR 2

RYAN GOSLING KRISTEN SCOTT THOMAS
ONLY GOD FORGIVES

LAUGARÁSBIÓ HÁSKÓLABÍÓ

STRUMPARNIR 3D ÍSL. TAL KL. 3.20 - 5.40 - 8

STRUMPARNIR 2D ÍSL. TAL KL. 3.20 - 5.40

STRUMPARNIR 3D ENS. TAL ÖTÉX. KL. 5.40 - 10.20

WOLVERINE 3D KL. 8 - 10.40

WOLVERINE 3D LÚXUS KL. 5.20 - 8 - 10.40

GROWN UPS 2 KL. 8 - 10.20

SKRÍMSLA HÁSKÓLINN 3D ÍSL. TAL KL. 3.20 - 5.40

SKRÍMSLA HÁSKÓLINN 2D ÍSL. TAL KL. 3.20

RIPD 3D KL. 10.30

THE HEAT KL. 8

